

# I.

## F r u m v a r p

til tilskipunar um hefð og fyrningu réttinda á Íslandi.

### 1. grein.

Ákvardanir Jónsbókar, sér í lagi í landleigu bálki 26. kapitula og kaupabálki 8. kapitula, um hefð og fyrningu réttinda, skulu vera afmáðar með öllu, og skal hëðan af í þessari grein farið eptir því sem fyrir er mælt í dönsku laga 5. bókar 5. kapitula (norsku laga 5. bókar 5. kapitula 3. grein og þeim er næstar eru á eptir) og í dönsku laga 5. bókar 14. kapitula 4. grein (norsku laga 5. bókar 13. kapitula 2. grein); og skulu reglur þær, er lagaboð þau setja er þegar voru nefnd, einnig gylða um hefð og fyrningu á eignum kirkna og réttinda þeirra, þrátt fyrir það sem fyrir er mælt í erindisbréfi biskupanna á Íslandi frá 1. Júlí 1746.

### 2. grein.

Enginn skal tína réttindum sínum þeim er hann hefir áður haft fyrir skuld þessarar tilskipunar vorrar, ef hann að eins hefir kært mál sitt á löglegan hátt fyrir nýár 1849; og skal gyldi allra réttinda þángað til matið eptir hinum eldri lögum, en eigi eptir því er þessi tilskipan mælir fyrir. En hafi einhverr ekki leitað réttar síns, þess er hann þykist eiga, innan ársloka 1848 og kært mál sitt fyrir sættanefndinni, eður á annan hátt sókt að lögum þann er hann á sök við, þá skal að öllu leiti fara eptir því sem áður er skipað; sama er að seigja um þann, er lýst hefir sök á hendur öðrum og heldur eigi áfram sókninni að lögum.

## Ástæður

fyrir frumvarpi til tilskipunar um hefð og fyrningu  
rættinda á Íslandi.

Vorið 1836 barst kansellínu skrá nokkur frá amtmaninum í Vestur umdæminu á Íslandi, Thorsteinson, sem nú er orðinn konferenzráð, og stakk hann uppá í henni, að ákvarðanir lög-  
bókar Íslendinga, er Jónsbók nefnist, og enn er í gyldi í sumum greinum, um hefð og fyrningu rættinda, yrði með berum orðum afmáðar, en að dönsku laga 5. bók 5. kapituli og 5. bók 14. kapituli 4. grein, verði lögleidd í staðinn; einnig fór hann því á flot, að erindisbréf biskupanna á Íslandi frá 1. Júlí 1746, verði ónýtt að því leiti sem þar er mælt fyrir, að eignir og rættindi ekki verði ummin undan kirkjum á Íslandi nema því að eins, að þau hafi verið notuð af öðrum í 100 ár, og að ekki megi dæma í slíkum málum, þar sem kirkjur eiga hlut að, fyrr enn stiptamtáður og biskup hafa sagt upp álit sitt um þau.

Kansellið heiddist því næst álits landsyfirrettarins á Íslandi og beggja hinna amtmanna um þetta efni, en áður enn seinna álitsbréfið barst kansellínu vorið 1839, hafði konungur með úrskurði sínum 22. Ágúst 1838 skipað, að nefnd manna, er í skyldi vera embættismenn landsins, kæmi saman annað hvert ár í Reykjavík, til að ráðgast um hin mikilvægari málefni landsins, er stjórnarráðin leitaði atkvæða hennar um, o. s. fr. Nefnd þessi var því beðin að yfirvega mál þetta, er hún ætti fund með sér sumarið 1839; en í álitsskjali því er hún sendi kansellínu, stakk hún uppá hvort ekki myndi ráðlegast, að mál þetta væri nákvæmar skoðað af aukanefnd þeirri, er valin hafði verið af nefndarmönnum til að ráðgast um hversu haga skyldi endurskoðun Jóns bókar, og að málið því næst yrði rædt á ný í nefndinni, er hún kæmi saman í næsta skipti; þótti nefndinni þetta vel tilfallið, bæði eptir því hversu þjóðfulltrúa þingin, er haldin voru í Danmörku árið 1838, hefði farið í mál þetta, er fyrir þau var lagt frumvarp til nýrrar tilskipunar, áhrærandi breyting á hefðarlögum þeim, er nú eru í gyldi í ríki þessu, svo og vegna þess mál þetta væri svo miklu varðanda, að vert myndi að skoda það með meiri nákvæmni en nefndin hefði haft færi á.

Kansellið gat ekki annað enn fallist á uppástúngu nefndarinnar; og var forseta nefndarmanna, stiptamtanninum, skirt frá því, en um leið drepið á, að óskanda myndi að skirslur væri útvegaðar um dóma þá, er dæmdir hefði verið á Íslandi í hefðar málum, einkum þá, er yfirdómar landsins hefði dæmt bæði nú og áður.

Eftir að búið var að fá skirslur þær, er þegar voru nefndar, var málið þannig fengið til nákvæmari meðferðar sýslumanni Melsted, kammerráði, sem einmitt var sá af aukaneftnd þeirri, sem valinn var til að endurskoða Jónsbókina, er ætlað hafði verið að fara yfir þann hluta hennar, er helzt ætti skylt við hefðar málefnið. Þegar hann hafði sent nefndinni álitsskjal nokkurt um þetta efni, tók hún það á ný til skoðunar; sendi hún kanselliinu álit sitt haustið 1841. Nokkru seinna kom bréf frá forseta í yfirdómi landsins, er hann hafði ritad útaf orðum nokkrum, er töluð höfðu verið við meðferð málsins á fundi, og skírði hann í því frá, að hve miklu leiti ákvarðanir norsku laga um hefð, og fyrningu réttinda hefði verið notaðar á Íslandi, þegar hefðarmál hefði komið þar fyrir.

Einsog Thorsteinson, konferenzráð, hafði sagt í bræfi því er áður var nefnt, eru helztu ákvarðanirnar er fyrir koma í Jónsbókinni um hefð og fyrningu réttinda, í landsleigubálki 26. kapitula, og í kaupabálki 8. kapitula. Niðurlag kapitula þess, er fyrir var nefndur, kveður á, að sá maður, sem hefir skóg, eing eður haga, reka eður aðrar landsnyttjar 20 vetur eður lengur átölulaust, þá á sá það er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til þess að hann á, ef hann skal óræntur vera; og í hinum síðar nefnda kapitula segir: nú stendur skuld 20 vetur eður lengur, þá fyrnist sú skuld fyrir vottum (þ. e. má hana eigi sanna með vottum), en hann má koma hinum, til eiða ef hann vill. Þaradæki er í Jónsbókinni prentuðu ágríp af réttarbót nokkurri, er Hákon konungur Magnússon gaf 14. Júní 1314, og er í henni mælt svo fyrir: enginn maður skal ábyrgjast vitni um skuldalykningar lengur enn 3 ár, ef skuld er minni enn 6 hundruð (þ. e. í landaurum er reiknaðir sè eptir 6 kapitula í kaupabálki). En ef skuld er meiri, ábyrgist eigi lengur vitni enn 5 ár. Thorsteinsson, konferenzráði, þótti reglur þessar tvíræðar, óljósar og ónógar, því alls ekki væri nefnt, sagði hann, hversu heimild þeirri ætti að vera varið, er hefð gæti verið byggð á, og lögfróðir menn á Íslandi hefði því

skilið þær hverr á sinn hátt. Sumir höldi, að hvorki hefð né fyrning réttinda, gæti að lögum álitist enn að vera komin á á Íslandi, nema undir vissu skilyrði eptir Jónsbók, og í fáeinum og einstökum greinum; þannig, sagði hann, mælti þeir imóti að norsku laga 5. b. 5. kap. og 5. b. 13. kap. 2. gr., er samsvara dönsku laga 5. b. 5. kap. og 5. b. 14. kap. 4. gr., væri gyldandi á Íslandi, og færði þeir það til síns máls, að boðorð þessi aldrei hefði verið lögleidd á Íslandi með nokkurri tilskipan. Hinir mælti að sömu ekki í móti þessu, en þætti þó mikið kóma til grundvallar reglanna í dönsku lögum.

Að vísu væri hefð nefnd í ymsum tilskipunum er út hafa komið fyrir Ísland síðan byrjun 18. aldar, þar á meðal í erindisbréfi biskupanna frá 1. Júlí 1746, tilsk. 15. Apríl 1776 um réttindi þeirra er byggja upp eyðijarðir, tilsk. 17. Apríl 1833 um óðalsréttim, og konúngsbr. 18. Apríl 1761, en ákvarðanir þessar væri bæði óljósar, og ófullkomnar, og þarad auki væri þær gjörðar um einstakar greinir.

Thorsteinsson, konferenzráði, faunst þannig nógssamlega samad, að ákvarðanir þær, er íslenzku lögin hafa um hefð, væri ónógar.

Honum þótti ekki þurfa að skíra frá, hversu áriðanda sè að eiga lög um hefð og fyrningu réttinda, er bygd væri á jafu sanngjörnum og almennum grundvallareglum; að sömu, sagði hann, það á seinni árum hefði farið meira og meira í vöxt á Íslandi, að gefa og taka eignarbréf, þegar fasteignir væri seldar, eður þegar væri makaskipt (og væri þetta einnig skipað í kapitula þeim í Jónsbók, er áður var nefndur), svo og að láta bréfum þessum þinglýsa og rita þau í eignarbréfa- og veðmálabækurnar; en það gæti þó horið við, bæði að frumrit bréfanna og bækurnar glatist, eður skemmist, eður verði ólæsileg, og þá gæti menn ekki verndað réttindi sín með öðru enn hefðinni. Þar að auki væri heldur ekki allajafna vant að rita eignar bréf eður makaskiptabréf, einkum þegar um litlar fasteignir er að tefla; og að síðustu væri til margháttuð réttindi af öðru tægi (t. a. m. rekarèttur, réttur til að nota afrètt, sameginlegt beiteland o. s. fr.) er eigi hefði orðið til eður gæti orðið til eptir eignarbréfum, og væri það því hefðin eingaungu, er verndað gæti þesskonar réttindi.

Hvad réttinda fyrningu snerti, þá drap Thorsteinson á, að sjaldan væri vant að rita veðmálabréf, því þesskonar skuld-

bindingar þætti skerða virðingu þá, er alþýða heldi þeir væri í, er annaðhvert í raun og veru væri efnamenn eður hefði orð á sér að vera það; þar ámóti væri skuldaskipti manna á milli á Íslandi optastnær bygð á muunlegum samningum.

Af því sem þannig hefir verið talið, þótti Thorsteinsson auðráðið, hversu áriðanda væri að hefð og fyrningu réttinda yrði komið í sama horf á Íslandi sem í Danmörku.

Embættismenn þeir allir, er gefið höfðu álit sitt um þetta efni, voru, að 2 undanskildum, samdóma Thorsteinsson, konferenzráði, í því, að taka ætti af akvarðanir Jónsbókar um hefð og fyrningu réttinda, og að í stað þeirra yrði lögleiddur 5. bókar 5. kapituli og 5. b. 14. k. 4. grein úr dönsku lögum, og féllst einnig meiri hluti þeirra er skipaðir voru í nefnd með allrahæstum úrskurdi 22. Ágúst 1838, á þetta, en þeir af nefndarmönnum, er ekki leizt svo, voru á því að lögleiða mætti 5—14—4, en ekki 5. b. 5. k.

Meiri hluti nefndarmanna færði þetta til síns máls:

1. Hefð er bæði af löggjafanum og hinum lögfróðu álitin nauðsynleg til verndar eignarréttinum, en þó er hún einkum ómissandi á Íslandi, og það vegna þess, hversu aðferð þeirri, er þar er við höfð með eignarbréf og vedbréf, er áfátt. Að visu segja sumir, að áður hafi verið vandi að lesa afsalsbréf fyrir fasteignum, er eiganda skipti urðu á, meðan sá er afsalaði var á lífi, í lögrétu eður í landsyfírréttinum, en að skirteini fyrir þeim fasteignum, er hverfa til annarra að fyrra eigandanum dánnum, sé í skiptabókunum; en bæði er það, að fæst afsalsbréf eru þinglesin, sízt í sýslum þeim er mjög eru afskèkkta, og að skiptabækurnar ekki geta gylt fyrir eignarbréfa — og vedmálabækur — skiptabækurnar eru þaradæki ekki til fyrir meira enn 40 eður 60 ár — og þar á ofan er það ekki heldur síður allstaðar að lóðseðlar og skiptagjörningar sé lesnir á þingum, og mikill fjöldi eignarbréfa er aldrei ritadur í löggiltar þingbækur, nè bréfa þessara getið þar, en þetta á sér einkanlega stað þegar fulltíða erfingjar sjálfir hafa skipt erfða fé með sér; það er því, að kalla má, hefðin ein, og þó einkum óðalshefðin, sem á Íslandi á að vernda eignarréttindin, þegar um fasteignir er að tefla.
2. Réttarvenjan á Íslandi sýnir, eins og dómendurnir í yfir dómi landsins einnig hafa kannast við, að hefðin hefir um

lángan aldur þótt þar óvissandi, og að einkanlega norsk og dönsk hefðarlög hafa verið álitin gyldandi. Af 23. lögþingis- og yfirréttar dómum í hefðarmálum, er hefðin viðurkennd í 18 eptir norsku lögum, og hefir þá optast nær verið skirskotað til 5. bókar 5. kapitula; í tveim dómum eptir erindisbréfinu frá 1. Júlí 1746, 16. grein; tveim hefðarmálum hefir verið vísað til úrskurðar stiptamtunnis og biskups, eptir því sem fyrir er mælt í lagaböð þvi er seinast var nefnt, og hefir ekki orðið vart við, að í þeim hafi verið dæmt. Að eins í formála eins landsyfírréttar-dóms lítur út sem viðurkennt hafi verið, að löggyld vitni eigi að taka framm yfir 20 ára hefð, þegar ömur heimild ekki sè til.

3. Meðan hin islenzku lög um hefð eru ekki með berum orðum afmáð, er hætt við, að sumir laga menn fari eptir því sem þeim sjálfum þykir bezt eiga við, og fylgi lögum þessum þegar dæma á í hefðarmálum, framar enn tillýðilegt er, þegar haft er tillit til verndar á réttindum manna og festu þeirrar og jafnaðar, er gætá ber þegar með mál manna er farið. Aður fyrri hefir verið efi á, hvort eigi myndi vel til fallið, að hefðarlögum Dana, ef þau yrði lögleidd á Íslandi, væri breytt þannig, að hefðin ekki skyldi gylda, þegar hinu megin væri þinglesin eignarbréf, er eigi yrði að fundið, og skipað væri, að 20 ára hefð ekki skuli gylda um aðrar kvaðir eður ítölu réttindi, enn þau er sýnileg væri. En þegar vel er að gætt, eru miklu sterkari ástæður fyrir himi meiningunni, er þessari er gagnstæð: að lögin dönsku sè lögleidd á Íslandi eins og þau eru; og er þá fyrst athuganda, að eigi hefðin ekki að gylda þar sem óaðfinnanleg þinglesin heimild er á hinn bógium, þá getur þetta með einu móti staðist með lögunum um óðalshefð; hefðin er þessu næst æði mikið betri stytta og vernd eignarréttindum manna á Íslandi, enn eignarbréf eður vedmálabréf, eins og nú er ástatt með þau, og frumvarp það un hér að kítandi breytingu á hefðarlögum Dana, er stjórnin lagði fyrir þjóðfulltrúana árið 1838, mætti þvilikri mótspyrnu, að konungi þótti ráðlegast að skjóta máli þessu á frest. Það er enn að gætanda, að flestallar vafasurningar þær, er risið geta útaf hefðarlögunum dönsku, annaðhvert eru útkljáðar með dómum, eður að lögfróðirmenn hafa

leist úr þeim, með vísindalegum rannsóknnum, en útafnýju lögnum spretta þó æfinlega vafaspuðningar, sem mjög er torvelt að leysa úr, og er þá heldur ekki hægt að fara eptir dómum, er dæmdir hafa verið, eður öðru er á undan sé farið og leiðbeint gæti til rættar úrlausnar á þeim. Það er að síðustu harla áriðanda, svo lög og rættur taki umbótum eptir stöðugum reglum, að notuð væri á Íslandi umbót sú, er lögín hafa náð í Danmörku, að því leiti verða má og haganlegt virðist fyrir landið.

Ástæður minna hluta nefndarmanna móti því, að dönsku laga 5. b. 5. kap. væri lögleiddur á Íslandi, lutu einkum að því, að fasteignir á Íslandi lægi língað og þángað á við og dreif, og þessvegna veitti örðugt að hafa stöðugt auga á þeim; en meira hluta nefnarinnar fundust ástæður þessar ekki vera mikilsvirði, því það væri þó optastnær svo, að eigandinn annaðhvort sjálfur býr á jörðinni, eða ekki lengra burtu frá henni eum svo, að hann endrum og sinnum skoðar hana. Meira hlutanum þótti heldur ekki líklegt, að dönsku og norsku laga 5—5 einungis hafi meint til jarðatorfa, eður sér í lagi þess, að eigandinn sjálfur hefði þar aðsetur. Ástæðu þeirri fyrir að ákvarðanir dönsku laga um hefð væri lögtekna á Íslandi, er meiri hlutinn hafði leitt af því, að dómstólarnir um lángann tíma hefði farið eptir þeim, hafði minni hlutinn að sönnu vilj- að hrekja með því, að enginn dómur væri sá til, er bygður sé á hefð, eptir dönskum og norskum lögum, án þess önnur heimild sé lögð til grundvallar. En þó nú svo væri, að ekkert dæmi yrði fundið til þess, að dómarar beinlínis hefði dæmt dóma eptir dönsku og norsku laga 5. b. 5. k., þá myndi því samt aldrei verða neitað, að þeir um lángann tíma hafi fylgt þeirri reglu, að vernda eignarréttindi þau sem nú eru, eptir almennum grundvallar reglum í dönskum og norskum lögum, og þetta væri þó einmitt einkaregla sú, er hefðarlögín eru bygð á. Bæði það, að dómstólarnir hafa farið þannig að síðan á miðri seinustu öld, og líka að ymsar laga bækur hafa verið prentaðar, hefir gjórt það að verkum, að hefðarlög Dana ekki væri nein nýlunda á Íslandi, heldur hefði þau fyrir laungu samlagað sig réttarmeðvitund þjóðarinnar. Minni hluti nefndarinnar hafði verið hræddur um, að eignarrætturinn á Íslandi, myndi verða á völtum fæti, ef hefðar lögín dönsku yrði lögleidd þar með berum orðum; en meira hlutanum þótti þetta

ekki na neinni átt, því það væri öldungis móthverft eðli hefðarinnar.

Amtmaður Thórarensen, sem nú er dáinn, hafði stungið uppá, að staðfestir yrði hinir svo kölluðu máldagar klaustranna, eður registrin yfir eignir klaustranna, eður nú opinberra stíptana á Íslandi, svo og rekaskrár þeirra, eins og fyrir lángalaungu hefði verið gjört við kirkna máldagana; en 9 nefndarmenn mæltu fastlega móti því, og var þá 1 þeirra sem hélt því fram. Því hvorutveggi skjöl þessi sögðu þeir, að því sem þau væri almenníngi kunnug, væri heldur óáreiðanleg einsoð von væri á, fyrst eingíum hefði verið settur til að hafa augastað á, að þau væri rétt rituð, og þar á ofan bæri þeim stundum, ekki saman. Það hafði verið fært sem ástæða fyrir gyldi klaustra máldaganna, að þeir væri í sömu bókinu sem hið svonefnda Sigurðar registur er í; en meira hlutanum þótti hún einkis verð, því það væri langt frá, að skinnbók sú, er máldagarnir standa í, á nokkurn hátt beri það með sér, að hún sé öldungis áreiðanleg; ekki þótti honum heldur verða gripið til þess er ráðið hafði verið til: að yngri ákvarðanirnar í skjölum þessum ætíð væri teknar frammi yfir hinar eldri; því fyrst engri tímaröð væri fylgt þar sem mótsagnir í skjölunum eru nefndar, þá væri engin lagavissa fyrir, að sú ákvörðun í skjölum þessum, sem seinna hefir verið rituð, í raun og veru sé yngri.

Meira hlutanum fannst það því heldur ísjárvert, að skjöl þau, er nefnd hafa verið, væri gjörð löggild, sem konungur aldrei hefir tekið sér eður notað annann eður meira rétt yfir jörðum sjálfs sín á Íslandi, enn þann er lög landsins veita öðrum jarðeigendum; þaradæki væri smátt og smátt verið að selja klaustraeignirnar og myndi því verða haldið áframmi, en af því flyti, að, þegar húid væri að veita klaustra máldögum lagagildi, þá myndi koma upp nýr flokkur jarðeigenda, er betur væri farnir enn aðrir, og það ef til vill öðrum til meins. Þessvegna verður máldögum klaustranna með engu móti jafnað saman við kirkna máldagana, er nærri fyrir 100 árum hafa feingið lagagildi; og þeir eru til, sem en þáneyta gildi kirknamáldaganna, og það sem þeir þannig hafa framuyfir aðra máldaga verður enn endrum og sinnum að tjóni fyrir eignir einstakramanna eður almenníngs.

Allir embættismenn þeir, er sagt höfðu upp álit sitt um það efni, voru samdóma í því, að bezt myndi að taka af boð-

orð það, er stendur í erindisbréfi biskupanna frá 1. Júlí 1746, 16. grein, sem seigir að engar eignir eður réttindi meigi hefðna undan kirkjum á Íslandi á skemri tíma enn 100 árum, þegar stiptamtáður og biskup hefði sagt upp álit sitt um málið. Þó varð meiningamunur um þetta meðal nefndarmanna; og voru jafnargir hverjumeigin. Þ höfðu þannig fallist á, að bezt myndi fallið að afná grein þá, í erindisbréfi biskupanna, er þegar var nefnd, og að jafnláugur hefðartími og tími fyrir fyrningu og missi réttinda, verði ákveðinu fyrir eignir kirkna og annarra jarðeigenda; himn heimingur nefndarmanna hélt þar á móti að réttast væri að halda greininni. Þeir sem voru á því máli að taka skildi af greinina, færðu til síns máls, að hverr og einn með rétti gæti krafist, að allir nyti sömu laga, og myndi krafa þessi eiga að sitja í fyrirrúmi fyrir boðorðinu í erindisbréfi biskupanna, er nauðsynlegt þykir til þess eignir kirkna síður gangi undan þeim, því það væri einungis byggt á því, hvað þeim sjálfum er haganlegast. Þarad- auki þótti þeim ekki mikið í boðorð þetta varið, því fleiri æðri og lægri stéttar embættismenn ætti hverr af öðrum að hafa gætur á að eignirnar ekki geingi undan kirkjunum, og þessi umsjón myndi því vera miklu áreiðanlegri, enn nokkur annarr jarðeigandi gæti haft yfir sínum eignum. Þeir gátu heldur með eingu móti játað, að prestarnir myndi verða hryð- lausari að geyma réttindi braudanna af því þeir hefði opt braudaskipti. Einnig gátu þeir þess, að þeim þætti ákvörðun sú í 16. grein erindisbréfs biskupanna, að stiptamtáður og biskup ásamt nokkrum skynsömum mönnum, áður dómur sé kveðinn upp í málum milli kirkna, útaf réttindum þeirra, og annars manns útifrá, skuli seigja upp álit sitt um skjöl þess, er hafð hefir mál gegn kirkjunni, og hefð þá, er hann þikist hafa fyrir sig að bera, og sem að sögusögn hans á að vera eldri enn 100 ára, — annaðhvort óljós, eður að minnsta kosti óréttvis, og gæti með eingu móti staðist með reglum þeim er nú eru tíðkanlegar við meðferð mála við dómstólana. Þeir af nefndarmönnum, sem á himi meiningummi voru, sögðu það væri mjög áriðanda fyrir almenníng, að eignir kirkna á Íslandi eigi geingi undan þeim, og það því heldur, sem brauðin eru fátækari, því af því flyti aptur, að prestar því síður væri megnugir um að vernda réttindi þeirra móti öðrum. Þeir bættu því við, að þareð það æfinlega væri sárara að missa

rættar þess, er maður einusinni hefir, enn að verða af þeim. er maður ginnist að ná, þótti þeim ósamgjarnt ef kirkjunnar nú yrði sviptar einkarétti þeim, er þær hefði haldið hartnær uppi 100 ár. 3 af nefndarmönnum þeim, er síðast voru nefndir, sögðu þaradauki, að hinir nefndarmennirnir hefði gjört ofnik- ið úr því, hve mikill munur sé á, hversu andlegrar stéttar menn og aðrir sé farnir af því hefðartíminu, eptir lögum þeim er nú gilda, er annar fyrir eignir kirkna, enn aðrar fasteignir í landinu, því kirkjur gæti heldur ekki hefðað undan öðrum. þegar þeir hefði löggilda heimild að stýdjast við, og myndi munurinn verða enn meiri, ef hefðarlög Dana væri lögleidd á Íslandi.

Um ákvörðum þá, sem stendur í erindisbréfi biskupanna, að stiptantmaður og biskup ásamt nokkrum skynsömum mönnum skuli dæma um skjöl þau, er móttstöðumaður kirkjunnar hefir í höndum, áður dómur gáangi í málinu, höfðu þeir 3 nefndarmenn, er nýlega var getið, sagt, að hún væri öldungis nauðsynleg til þess að málspartarnir gæti reiðt sig á, að skjöl þeirra sé rétt og áreiðanleg; því þaræð einungis eitt frumrit sé til af máldögnum, og það geymt í skjalasafni stiptisins, þá þyrði biskupinn ekki eptir ósk málseigendanna að sleppa því frá sér; gæfi málspartarnir þessvegna um, að láta staðfesta skjöl þau, er í máldögnum standa, þá yrði þeir að senda stiptsyfirvöldunum þau, en til þess staðfesting þessi verði svo áreiðanleg sem kostur er á, ætti stiptsyfirvöldin að taka með sér menn, sem ekki eiga hlut að máli.

Eptir því sem flestum af nefndarmönnum hafði fundist ráðlegt, og eptir ástæðum þeim, er þeir höfðu fært, varð kansellið að fallast á, að það myndi hjálpa til að vernda eignaréttindi manna á Íslandi, ef dönsku laga 5—5 og 5—14—4 yrði lögleidd þar. Það er svo langur vegur frá því, að það geti verið ástæða móti fastri og óbifanlegri hefð, að þinglesin eignarbréf fyrir jörðum á Íslandi optastnær vanta, því eptir því væri enn meiri nauðsyn að koma hefðinni þar á. Stjórnarráðinu fannst heldur ekki vera mikið varið í efa þann á Íslandi, er koma mætti með gegn hefðarlögum Dana, að því leiti sem maður, með því að halda eign nokkurri sem sinni uppi 20 ár, getur hefðað hana undan öðrum, sem eptir þinglesnum eignarskjölum er hennar réttur eigandi, án þess kaupendunum sé unt að fá vitneskju um í eignarbréfa og veðbréfa

bókunum, að eignum eður hluti hennar sé, og uppi 20 ár hafi verið, í eignarhaldi annars manns; og þaræð konungur hafði fallist á, að frumvarp það, er lagt var fyrir þjóðfulltrúana árið 1838, og sem ætlast var til að bæta skildi úr brestum þeim í hefðarlögum Dana, er þegar voru nefndir, væri látið biða um sinn, þá þótti kanselliinu því síður ráðlegt, að löggjaldt yrði á Íslandi aðalregla sú, er frumvarpið laut að; þarámóti fannst kanselliinu, einkunn af ástæðum þeim, er meiri hluti nefndarmanna hafði talið, réttast, að lögleiða á Íslandi dönsku lögin um hefð og fyrningu réttinda að öllu leiti einsog þau nú eru í Daumörku.

Þó virtist kanselliinu nauðsyn vera á, að í boðorði því, sem skipar að dönsku laga 5—5 og 5—14—4 skuli gilda á Íslandi, undir eius verði akvarðað, hvenær það fái lagagildi. Í fyrra álitsskjali nefndarinnar hafði verið stungið uppá, að lagabod þetta skyldi ná fullu lagagildi 5 árum eptir að búid væri að birta það ad lögum, og jafnvel þó kanselliid ekki gæti fundið neitt ad uppástungu þessari, sem vert væri ad tala um, fannst því þó þessi frestur óþarflega langur, og var á því, ad 3 ár myndi vera nægilegur tími til þess menn gæti kært mál sín um réttindi þau er þeir þættist eiga, eptir reglum þeim er áður hefði verið farið eptir, og það því heldur, sem mál þetta yrði rætt á alþingi, áður enu ákvörðun sú, er ráð hefir verið gjört fyrir, yrði gjörð ad lögum. Af álitsskjölum þeim, er kanselliinu höfðu verið send, var það þaradarki auðráðið, ad það eingar nýar reglur væri sem löggilda ætti á Íslandi, og það væri einnig auðséd ad konungsbréfi frá 28. Marts 1776; og væri þess þá einnig ad gæta, ad ekki yrði stuðlad til, ad hefðarlög Dana væri látin ónotuð í málum þeim, sem upp gæti komið áður fresturinn væri liðinn.

Að því leiti sem rætt hafði verið um, hvort nokkra undantekning bæri ad gjöra með kirkna eignir á þá leið, ad til þess ad hefðað yrði undan þeim, skyldi þurfa leingri tíma eun þannu er nógur væri ella, þá fannst kanselliinu það vera í augum uppi, ad ómuna hefð eður 100 ára hefð sú, sem til er tekin fyrir eignir kirkna í erindisbréfi biskupanna frá 1. Júlí 1746, 16. grein, ekki ætti ad gilda takmarkalaust. Hér adlútandaði var þess getið, ad það nú þegar væri mjög ósamkvæmt almennum hefðarlögum, ad ákvörðun sú, sem hér er um getið, og sem getur haft svo mikla verkun á rétt hvers manns, er

sett með slíku erindisbréfi, og það gæti þar að auki verið efi á, ekki einungis hvernig ætti að skilja það, heldur og hvort það í raun rætti væri í fullu gildi. Eupótt tína meigi til ástæður, er nokkru sè varðandi, fyrir, að láta hefðartímann vera lengri á eignum kirkna — en ástæður þessar gæti þá líka átt við þegar talað er um aðrar eignir almennings —, og þó hefðartíminn sè lengri á eignum almennings eptir lögum Rómverja og mörgum ýngri lögum; þótti kanselliinu samt ísjárvert, að gjöru mun á hefðarlögum Íslendinga og Dana, með því að undanskilja eignir kirkna eður aðrar eignir, er standa undir opinberri vernd, frá hinum almennu hefðarlögum, og það því heldur, sem það væri víst, að aðalundirstaða hefðarlaganna dönsku með því mótti myndi raskast, því það gæti læglega verið, að hver jörð eður eign, einhvern tíma fyrir laungu síðan hafi verið í eigu annaðhvort kirkna, ríkisins, opinberra stiptana eður ómyndugra, án þess komist verði eptir að hún á löglegan hátt sè komin frá eigandanum. Kanselliinu þótti því ráðlegast, að, undireins og dönsku laga 5—5 og 5—14—4 væri lögleidd á Íslandi, væri tiltekið, að lagabod þessi einnig nái yfir eignir kirkna og réttindi, þrátt fyrir ákvörðunina í erindisbréfi biskupanna frá 1. Júlí 1746, 16. grein; og fannst því þá sjálfsagt, að hið sama væri látið gilda um eignir ríkisins, opinberra stiptana og ómyndugra, sem engin undantekning væri sett fyrir, einsog fyrir kirkna eignir.

Uppástungu Thorarensens, amtmanns, um að klaustra mál-dagarnir og rekaskrár þeirra og biskupsstólanna væri staðfestar með nýu bødordi, þótti kanselliinu meiri hluti nefndaranna hafa hrundið svo, að óþarfi væri að rannsaka það mál nákvæmar.

Kansellið hafði skrifast á við hið konúnglega rentukammer um mál þetta, og fellst það að öllu leiti á það sem kansellið hafði sagt.

Frumvarp það, er ritað var eptir því sem nú hefir verið skirt frá, var allramildilegast staðfest 26. April 1843, eins lagað og það nú verður lagt fyrir alþing.

## II.

### F r u m v a r p

til tilskipunar um fardaga presta á Íslandi og um réttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans og einkum ekkjan eiga heimtíng á.

Þess hefir verið allra þegnsamlegast óskað, að vèr með tilskipan nokkurri vildum taka af tvímæli þau, sem til þessa hafa verið á, frá hverjum tíma prestar á landi voru Íslandi, eigi rétt á að eignaz tekjurnar af brauðum sem þeim eru veitt, og að breytt yrði reglum þeim, sem þar hefir verið fylgt hiugað til um náðarár presta ekkna; og viljum vèr því allranáðugast ákvarða og skipa þannig.

#### 1. grein.

Þegar brauð losnar á Íslandi, skal prestur sá, er frá brauðinu flytur, eður hafi presturinn dáíð, þá ekkja hans og bú, ætíð eignaz tekjur allar til næstu fardaga (6. Júní), og ber þeim er frá fer, þá aptur á móti að annast öll prestsverk; en þegar presturinn deyr frá brauðinu, skal prófastur sjá um, að prestar þeir, sem næstir eru, eður annar prestvígður maður, sem til þess skal settur, þjóni brauðinu og eiga þeir þá borgum fyrir af tekjum brauðsins.

#### 2. grein.

En frá fardögum eignaz sá, sem brauðið er veitt, allar tekjur þess; en sè það ekki veitt fyrir fardaga, eður geti hann ekki þegar farið að gegna prestsverkum, þá annast prófastur að brauðinu verði þjónað á þann hátt, sem til er tekið í 1. grein, og fá þá þeir er þjóna brauðinu af tekjum þess það sem þeim er áskilið í tilskipun 3. Febrúars 1836 IV.

### 3. grein.

Þegar liðnir eru næstu fardagar eptir að brauðið losnaði, og það stendur enn óveitt, þá má sá sem fær það, ef hann er prestur á öðru brauði, velja í milli að taka samstundis við brauðinu, eður að vera á því, sem hann ætlar frá, til næstu fardaga, og á þá að fara með það brauð, sem hann ekki þjónar, eptir því sem fyrir er mælt í tilskip. 3. Febr. 1836 IV. Þegar öðruvísi er ástatt, á jafnan sá, sem brauð er veitt, að taka við því í næstu fardögum eptir að það losnaði, en verði því ekki við komið, þá taki hann við því svo fljótt sem hann getur.

### 4. grein.

Deyi prestur frá jólum til fardaga, skal ekkja hans, ef hún gjörir ekki annan samning við þann, er að brauðinu fer eiga rétt á, að búa á hálfu prestsetrinu næsta fardagaár afgangslaust; en andist hann milli fardaga og jóla, hefir ekkja hans eigi þennan rétt.

### 5. grein.

Ekkjan á það auki frá næstu fardögum eptir andlát prestsins, til fardaga árið eptir, hvernig sem á stendur, að taka fjórðung úr föstu tekjunum, einsog presturinn tekur við þeim og gjörir grein fyrir einsog vera ber; en föstu tekjurnar eru einungis þessar: afgangur af kirkjujörðum, heytollar, dagsverk, tíundir, bæði af fasteignum og laufsafè, og hið svonefnda kaupgjald, er klaustra prestarnir taka.

Eptir þessu eiga allir, sem hlut eiga að máli, að breyta með þegnsamlegri lotningu.

## Ástæður

fyrir frumvarpi til tilskipunar um fardaga presta á Íslandi, og um réttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans og einkum ekkjan eiga heimting á.

Biskupinn á Íslandi hefir borið upp fyrir Kanselliinu, að opt beri þar svo við, þegar presti er veitt brauð, og annar fær aptur það er losnadi, að ágreinungur komi milli þess er fer frá brauðinu, og hins er tekur við, um það hversu skipta skuli tekjunum; sá, er tekur við brauði, þykist eiga fullan rétt á að fá hluta úr tekjunum upp frá þeim deigi, er veitingarbréf hans er skrásett, þótt ekki taki hann þegar við brauðinu og embættisstörfum; verður því og optastnær ekki komið við, bæði sökum þess að opt dregst lángur tími aðurem sá, sem brauð er veitt, fær vitneskju um það, einkum þegar svo stendur á, að hann er "Kandidat" eður "Stúdent", og verður að taka vigslu, sem og hins vegna, að presturinn getur ekki flutt sig og tekið við brauðinu, fyrreru um fardaga leiti næst á eptir, eður 6. dag Júní mánaðar, fyrir þá sök, að til þess tíma situr sá er frá brauði fer, eður ekkja hans og erfingjar með búi sínu í brauðinu, en af því leiðir, að fardagar eru tilteknir svosem sá tími, er hentugastur þykir og hagkvæmastur til að flytja búferlum, hvort sem prestar eru eða aðrir. Sá er við brauði tekur, álitur prest þann, er brauðinu þjónar, frá því að veitingarbréfið er dagsett og til fardaga, svosem settan um stund til að gæta embættisins, og þareð svo standi á, þykir hönum hann vera skyldur að láta af hendi nokkurn hluta af tekjum brauðsins um tíma þann sem nefndur er, samkvæmt tilskipun 3. Febr. 1836 IV; hinn þarámót, er fengið hefir brauð, en þjónar því, er hann áður hafði, til næstu fardaga, þykist eiga fulla heimting á öllum tekjum allt til þess tíma er hann fær brauðið þeim í hendur, er taka á við, einkum þegar á það sé litið, hve leingi hann hafi mátt ábyrgjast kirkju og prestsetur.

Biskupinn gat þess ennfremur, að þegar hlutaðegendur í slíkum málum gæti eigi orðið ásáttir, lægi reyndar beint við, að skera úr málinu samkvæmt tilsk. frá 3. Febr. 1836 IV; en, þareð tekjur á flestum brauðum á Íslandi eru svo lítilfjórlegar, að þegar öll embættis útgjöld um ákveðin tíma eru dreigin frá tekjunum að réttri tiltölu, verður afgangurinn mjög lítill,

og á mími brauðum alls enginn, þá þótti hönun þó samgjarnt, að prestur sá, er bæði geguir öllum preststörfum til næstu fardaga á brauði því, er öðrum er veitt, og auk þess tekur brauðið og allt er því fylgir í ábyrgð til þess tíma, er hinn tekur við, hljóti tekjur allar óskerdtar til þess tíma, en að sá er tekur við brauði, þá fyrst eigi heimting á tekjum, er hann hefir tekist á hendur embættisstörf og ábyrgð á öllu brauðinu, væri með því reist rönd við öllum óþörfum ágrein-  
ingi um tekja skiptin. Þótti þá biskupinum ráðlegt að gjörð væri almenn ákvörðun um, að sá sem brauð er veitt, eigi ekki heimting á tekjum brauðsins, fyrrenn í næstu fardögum eptir að veitingarbréf hans er skrásett.

Ásamt þessu gat biskupinn þess, að bæði myndi nauðsyn-  
legt og óskanda, að breytt væri ákvörðuninni um náðar árið bæði hvað tíman snertir, er oflangur virðist, svo og um það, hversu ekkjur presta eður erfingjar hagnýta sér réttindi þau, er því fylgja, einkum á góðum brauðum. Tilsk. 3. Maí 1650 gjörir þá ákvörðun um náðarar prestaekkna á Íslandi, að það skuli byrja í næstu fardögum eptir andlát presta, en því skuli lokið um næstu fardaga þaráeptir; en af því leiðir, að þegar prestur andast rétt eptir fardaga, getur sá er brauðið fær, fyrst komist að því eptir 2 ár. Að vísu getur hann tekið við embæt-  
tisstörfum fyrr með þeim kostum, að hann einn fái fæði ókeypis hjá prestsekkjunni eður erfingunum, en þó hann sé kvæntur og búandi, getur hann ekki um allan þennan tíma komist að prestsetrinu eður notið tekjanna, og hlýtur það, þegar svo er ástatt, að vera hönun mjög óhaganlegt; reynslan hefir og sýnt, að slíkt er ekki síður til tálmunar því, að prestsetrinu verði haldið við einsog vera ber; fer það og mjög að líkindum, þar sem efnahag prestaekkna er optastnær svo báglega komið, að þær eru ekki færar um að yrkja jörðina einsog þörf gjörist, halda við kirkju og öðrum húsum o. s. fr. enda getur og hirðuleysi opt átt mikinn hlut í slíku. Það var því álit biskupsins, að takmarka skyldi svo lengð náðar-  
ársins, að ef prestur andaðist eptir fardaga, en þó fyrir jól, skyldi ekkjan eða erfingjarnir vera skyldir að fara frá prest-  
setrinu, og skila brauðinu þeim, er taka á við, um næstu fardaga, þareð það virðist líklegt að hún geti á þeim tíma útvegað sér hentugt jarðnæði. Ef prestur létist milli jóla og fardaga, var það álit biskups, að ekkjan væri reyndar skyld til að skila af sér brauðinu þeim, er taka á við, þegar um

fordaga ef þess væri beizt, en þó skyldi hún næsta fardagaár hafa hálf prestsetrið til leigulausrar ábúðar.

Þar sem nú er svo háttáð að hlutaðegendur hljóta tekjur brauðsins ámeðan náðarárið varir, samkvæmt norsku laga 2—13—14 og tilsk. 3 Maí 1650, en veita apturámót þeim, er að brauði kemur fæði, húsnæði, sæng, ljósmat o. s. fr. Þótti biskupinum það eiga betur við að prestsekkjan eða erfingarnir fái tiltekinn hluta úr tekjunum næsta ár eptir að brauðinu er skilað, án þess þeim sé gjört að skyldu að fæða prestinn, og hlytur sú skylda að hverfa eptir því áður greinda. Biskupinum þótti sanngjarnt að hluti þessi væri fjórðungur úr hinum vissu tekjum, einsog þær eru goldnar presti; og honum virðist það myndi hagkvæmlegt, til að komast hjá þrasi því, er svo opt hefir risið af norsku laga 2—13—6, að það væri gjört að almennri reglu, að prestaekkjur eður erfingjarnir skuli, hvornig sem ástendur, eiga rétt á að njóta náðarársins á þann hátt sem hér er stungið uppá.

Biskupinn mældist því næst til, að sú skipan yrði gjörð:

1. að engiun, sem brauð væri veitt á Íslandi, skyldi eiga rétt á að hyrða tekjur þess fyrr en í næstu fardögum eptir að veitingarbréfið er dagsett.
2. að ekkja eða erfingjar prests þess, er andast eptir fardaga en fyrir jól, skuli, ístað gamla náðarársins, eiga allar tekjur af brauðinu til næstu fardaga, — en þá skuli þau skyld að annast um, að prestsverk öll sé gjörð einsog vera ber, — og þar að auki fjórðung úr föstum tekjum af brauðinu næsta fardagaár, en sé að ödruleiti skyldug að skila þeim, sem við á að taka, brauðinu með öllu sem því á að fylgja, í næstu fardögum eptir að presturinn andaðist.
3. en deyi presturinn eptir jól og fyrir fardaga, þá skuli ekkja hans eður erfingjar, mót sömu skuldbindingu, mega halda öllum tekjum til næstu fardaga, svo og fjórðungi af föstu tekjunum um það fardagaár, er næst kemur á eptir, og þar á ofan hálfleudu prestsetursins til leigulausrar ábúðar.

Þáverandi stiptamtmaður gat þess, að sér fyndist ekki uppástungá þessi neitt ísjárverð að því leiti sem hún tiltekur hvenær prestar eigi að taka við brauðunum, en hann hèlt þó, að betra myndi að tiltaka undir eins greinilega skyldur þær, sem sá er af brauðinu flytur, eða þá dánarbú prestsins, hefir

viðvíkjandi hyrðingu á brauðinu framm að fardögum; því brýn nauðsyn væri á, að voryrkjur væri byrjaðar fyrir fardaga, ef jörðinni ætti ekki að fara töluvert aptur, og grasvöxtur og annar abli að verða minni enn hin undanfarandi árin.

Hvað uppástúngu biskupsins um náðarárið snerti, hélt stiptamtmaðurinn að bezt myndi til fallið, að embættismanna nefndinni, sem koma átti saman í Reykjavík eptir allrahæstum úrskurði frá 22. Ágúst 1838, væri gefið færi á að bera upp, álit sitt um hana.

Kansellið óskaði þar eptir álits nefndarinnar um málefni þetta, og svaraði hún, að hún ekki gæti annað enn fallist á, að fardagar þeir, sem lögboðnir eru á Íslandi, 6. Júní, væri hentugasti tíminn til að taka við brauðunum, því bæði stæði það heima við það sem áður hefir verið ákvarðað um hve nær sýslumenn skuli taka við sýslunum, og líka gæti það aptrað margskonar þrasi milli þess sem frá brauðinu fer edur dánarbús prestsins, hafi hann andast, og þess er við á að taka.

Hvað yrking jarðarinnar og viðurhald húsa á prestssetrinu snertir, þá hélt nefndin að sá, sem við á að taka, ekki myndi þurfa að skipta sér af því frá því brauðið losnaði og til næstu fardaga, því þá ætti að taka prestssetrið út einsog vant er, og skila því með fullu ofanálagi, og þar að auki væri tiltekið í Jónsbókinni, í landsleigubálki, hvaða skyldur sá sem af brauðinu fer, hefir við þann er við á að taka, hvað yrkingu og notkun jarðarinnar snertir meðan brauðið er óveitt, og þótti þá engin nauðsyn á, að stínga uppá nákvæmari reglum um þetta efni.

Emfrenur sagði nefndin, að optsinnis hefði komið þras útaf náðarári presta ekkua á Íslandi, því bæði væri fáar ákvarðanir til um það, en þær sem til væri, bæði óljósar og afar gamlar, og þar ofaná væri þær, eptir því sem á stendur, mjög ósanngjarnar, óbærilegar fyrir prestinn og jafnvel fyrir presta ekkjurnar, og gerði loksins eintóman skaða þegar litið er á viðurhald prestssetursins. Það er í augum uppi, að þaræð flest brauð á Íslandi eru vesældar brauð, hlýtur náðarárið, þegar það telst einsog verður, að verða æði þungbært bæði prestum og presta ekkjum. Prestarnir missa í, árið sem þeir fara að brauðinu, þess sem þeir opt eiga örðugast með að sjá af, en það er gjöldin af brauðinu, sem þeir eiga að hafa sér til uppheldis, og ekkjan hefir

stundum meira óhag af náðarárinu, þegar hún notar það, enn hún hefði annars, því hún er skyld að fæða sæmilega þann sem við brauðinu tekur, þágang til náðarárið er á enda, en tekjur lakari brauðanna, að óreiknaðri ábúðar jörðinni, eru opt og tíðum ónógar til þess; þar að auki er það vitaskuld, að prestssetrið verður ekki setið eins og vera ber, þegar náðarárið er notað eptir því sem lög eru til.

Nefndinni þótti því miklu varða, að nýjar og glöggari reglur væri settar um náðarárið, bæði í tilliti til ábúðar réttar þess, er ekkjan ætti á prestssetrinu, og hversu fara ætti með tekjurnar á meðan; féllst hún því að öllu leiti á fyrsta atríðið í frumvarpinu, og var á því, að prestsekkjan einungis þegar svo stendur á, að maður hennar hefði látist á tímabilinu milli jóla og fardaga, skyldi eiga rétt á að búa á hálfu prestssetrinu næsta fardagaár eptir að nýi presturinn tekur við brauðinu, því þá væri hætt við, að hún myndi ekki hæglega geta fengið aðra hentuga jörð til ábúðar, og það því síður, sem ætíð á að segja jörðum lausum fyrir jól. En deyi presturinn á tímabilinu milli fardaga og jóla, þá hefði hún nægan tíma til að komast á aðra jörð, og mætti þá líka, einsog til er tekið í Jónsbók, landsleigubálki 2. kapitula, skoða fráfall prestsins sem bendingu, er gefin sé í tækan tíma um að fara frá jörðinni í næstu fardögum. Þegar prestsekkjurni er heimilt að hafa bú á hálfu prestssetrinu, er það þó auðvitað að henni er leyfilegt að semja við þann, sem brauðið hefir fengið, um að hann fái henni annað hentugt jarðnæði afgangslaust, þágang til náðarárið er á enda, og hann þannig geti þegar fengið alt prestsetrið til ummráða.

Að sönnu gæti það komið fyrir, ef farið væri eptir uppástungu þeirri er nefnd var, að nokkur munur yrði á réttindum ekknanna eptir því á hvaða tíma andlát prestanna bæri að; en nefndin hélt þó að vert væri þar sem því yrði komið við, að styrkja þann sem að brauðinu fer til að fá það alt til ummráða svo fljótt sem verður, því það myndi verða til hagnaðar fyrir prestssetrið, og sagði að sú ekkja, sem hefði mist mann sinn til að t. a. m. rétt eptir fardaga, fengi meiri tekjur af brauðinu enn hin sem hefði orðið ekkja skömmu fyrir fardaga, og var nefndin þessvegna á því, að tekjur þessar myndi verða sæmilegt jafngildi þess sem háflenda prestssetursins gæfi af sér næsta fardagaár.

Hvað annað atriðið snertir, þar sem talað er um tekjurnar á náðar árinu, þá féllst nefndin einnig á, að ekkjunum einúngis skyldi bera viss hluti af tekjunum árið eftir að presturinn kemur á brauðið, og skyldi það vera fjórðungur úr föstu tekjunum, einsog presturinn, sem á að heimta þær, tekur við þeim og gjörir greinilega skýrslu fyrir, en bætti því við, að ómissanda væri með berum ordum að tilgreina, hvaða tekjur það væri, sem hér væri nefndar fastar tekjur, því með því myndi verða komist hjá margskonar óþægilegum ágreiningi.

Nefndin stakk því uppá, að gjöra skyldi tilskipun um þetta efni, sem ákvarðaði:

1. um það hvenær prestar skuli taka við brauðum:
  - að prestur, sem brauð verður veitt, ekki skuli eiga með að fara að brauðinu, hyrða tekjurnar eða gegna embættis störfum og öðrum skylduverkum, fyrr enn í næstu fardögum, 6. Júní, eftir að veitingar bréf hans er dagsett. En sá sem frá brauðinu fer, eða, sé hann dauður, þá ekkja hans og bú, eiga að annast um að öll prestsverk verði gjörð sæmlega til þessa tíma og hyrða þau þá tekjurnar einsog þær eru.
2. um náðarárið:
  - a) deyi prestur milli jóla og fardaga (6. Júní), skal ekkja hans — en ekki erfingjum — heimil leigulaus ábúð á hálfu prestsetrinu næsta fardagaár, nema ekkjan og sá, sem við brauðinu tekur, verði á annað sátt. En andist presturinn milli fardaga og jóla, þá skal hún ekki eiga tilkall til ábúðar.
  - b) prests ekkjan — en ekki erfingjar hans — skal ætíð og hvernig sem á stendur, næsta fardaga ár eftir að sá, sem brauðið hefir verið veitt, tekur við því, eiga fjórðung úr föstu tekjunum, sem einúngis er afgjald af kirkjujörðum, heytollar, dagsverk og tíundir bæði af föstu og lausu, og fjórðung þennan skal hún hafa einsog hann er goldinn prestinum og hanngjörir grein fyrir.

Þó kansellið ekki væri fjarri að fallast á flestalt í uppástúngum þeim sem taldar eru, þótti samt nauðsyn tilbera að fengnar væri ymsar skýrslur áður enn mál þetta væri borið undir konúng, og hann legði úrskurð á það. Kansellið skrifði því stiptamtmaninum og biskupinum á Íslandi um það, og drap á meðal annars.

um 1. atriði: að við uppástúngu þessa væri það aðgætanda, að það opt og tíðum myndi verða prestinum ómögulegt að taka við brauðinu í næstu fardögum eptir að það er veitt, því þetta gæti borið að rétt fyrir fardaga, og að þess sé ekki getið í greininni, hversu stýra skuli þá embættinu frá fardögum og þángað til presturinn tekur við; þar að auki gæti þetta atriði í frumvarpinu leiðt til að spurt væri um, hversu að skuli fara þegar prestur fær brauð rétt fyrir fardaga, en það sém hann fer frá ekki verður veitt fyrrenn eptir fardaga. Því þá er hönum leyfilegt að fara að brauði sínu í næstu fardögum; hinn þar á móti sem aptur fær hans brauð, getur ekki tekið við því fyrrenn í fardögum næsta ár. Jafnvel þó kanselliid að sönnu væri á því, að sá, sem fyrir er á brauðinu, — og þá hyrdir allar tekjur af báðum brauðunum í heilt ár, þegar hann ekki þarf að svara náðarari, eptir því sem ráð er gjört fyrir í uppástúngunni Nr. 2, a og b, á brauðinu sem hann flytur frá — sé skyldur að þjóna báðum brauðunum, þótti samt vera nokkur efi á þessu; einnig virdtist tvísýnt hvert það myndi allskostar hagnalegt, að sá sem burtu flytur eður erfingjar prestsins, ef hann er dáinn, sjái um að brauðinu sé þjónað, og það einmitt þann tíma sem sá er brauðið er veitt, hæglega getur tekið við því.

um 2. atriði: fór kanselliid svofeldum orðum, að biskupinn í uppástúngu sinni hefði álitid það sjálfsagt, að erfingjarnir engu síður enn ekkjan, hefði tilkall til náðarársins; þar á móti hefði nefndin einungis viljað áskilja ekkjunni náðarar, án þess nein ástæða sé færð fyrir því, en hafi þó farið nokkrum orðum um svonefnt náðarar erfingja. Þó kanselliinu nú að sönnu ekki þætti neitt ísjarvert að áskilja ekkjunni einni saman náðarar, einungis að réttindi annara væri látin óskert, og að aptur á hinn bóginn náðararið sé veitt, þó sá sem frá er fallinn, ekki hafi gefið það, þá fannst því samt sem áður vanta betri skýrslu um, hver lög væri um náðararið nú á tímum, og að minnsta kosti hvert telja megi hlunnindi þau, sem fyrsta atriði í frumvarpi nefndarinnar veitir erfingjunum, samgjarnt endurgjald fyrir það sem þeim hefir borið hingað til, og kallað hefir verið náðarar.

Það var þar að auki kanselliinu ókunnugt, hvert prestsetrunum væri þannig háttað, að fært væri að skipta þeim í tvo jafna hluta, einsog gjört var ráð fyrir í öðru atriði nefndarfrumvarpsins; einnig fannst því efi vera á, hvert ekkjan, þegar á alt er litið, getur látið sér nægja fjórðung úr föstu tekjunum, ístað þess að halda þeim öllum og fæða þann er að braudinu fer.

Stiptamtmaður og biskup svöruðu aptur, að þeir yrði að játa, að hin almenna regla í 1. atriði nefndarfrumvarpsins, einkum lyti að því, sem venjulegast er, að braudin verði veitt fyrir næstu fardaga eptir að þau losnuðu, en upp frá því væri sá sem af braudinu fer, eður ekkjan, ef maður hennar er dáinn, og erfingjar hans, ekki skyld að láta þjóna braudinu, hvert sem það var veitt fyrir eða eptir fardaga.

Ef braudið er nú veitt fyrir fardaga, en sá sem það hefir fengið, getur ekki tekið við í tækan tíma, og hefir enga ráðstöfun gjört fyrir móttöku þess, eður hversu því skuli þjóna, þá virðist það sjálfsagt, að braudið se tekið út á hagkvæmum tíma, eptir tilskip. 24. Júlí 1789, og að annaðhvert prestar þeir, er næstir búa, skiptist um að þjóna braudinu, eður einhver se settur til þess, og se þá, ef þess þykir þörf, tekjunum skipt einsog til er tekið í tilsk. 3. Febrúar 1836 IV.

En verði braudið ekki veitt fyrir fardaga, þá þótti stiptamtmanni og biskupi ekkert að því, að sá, sem braudið væri veitt, tæki samstundis við því, og myndi það jafnvel vera skylda hans, hafi hann eigi áður setið að öðru braudi. Hafi hann aptur á móti verið prestur á öðru braudi, héldu þeir mætti setja það á vald hans, hvert hann þegar vildi flytja sig eða ekki fyrr enn í næstu fardögum; því það stæði opastnær á sama, hvert braudið það væri, sem mann þyrfti að fá að, til að þjóna frammi næstu fardaga.

Stiptamtmaðurinn og biskupinn héldu því, að fyrsta atriðið í frumvarpinu mætti vera á þessa leið:

Sá, sem brauð er veitt, skal ekki eiga með að taka við því, eða njóta réttinda þeirra er því fylgja, fyrr enn í næstu fardögum (6. Júní) eptir að veitingarbréfið er dagsett, en hann er þá heldur ekki skyldur að standa straum af braudinu eða að gegna prestsverkum. Öll prestsverk, sem gjöra þarf til fardaga, á sá að annast sem frá braudinu fer, því hann flytur sig sjaldnast fyrri;

en hafi presturinn andast frá braudinu, þá á ekkja hans og dánarbú að sjá um að braudinu verði þjónað, og tekur þá sá sem til þess er fenginn, allar tekjurnar í ómakslaun. En sé ekki nógur tími fyrir þann sem brauðið var veitt til að flytja sig í næstu fardögum eptir, á að fara með brauðið og prestsetrið þangað til hann tekur við, einsog fyrir er skipað í tilsk. 24. Júlí 1789 og 3. Febrúar 1836 IV.

En fari svo, að presturinn annaðhvert deyr, eða fær annað brauð skömmu fyrir fardaga og tekur samstundis við því, en brauð það, er hann áður hafði, ekki verður veitt fyrirrenn nokkru eptir fardaga, þá á sá, sem brauðið fær, ef hann er kandidat eða einhleipur maður, jafnskjótt að taka við því, þó með því skilyrði, sem leiðir af a. og b. í 2. atriðinu; en hafi hann verið prestur annarstaðar, má hann sjálfur ráða, hvert hann samstundis vill taka við braudinu, eður sitja í hinu til næstu fardaga, og á þá hvað prestsetrið og embættisstörfu snertir á því braudinu sem prestslaust er, að fara eptir því sem fyrir er mælt í tilskipunum þeim, er áður voru nefndar.

Hvað náðarárinu víðvikur, þá sögðust þeir stiptamtmaður og biskup halda, að blunnindi þau, er nefndin í 1. atriðinu stakk uppá að erfingjarnir skyldi hafa, einmitt væri hin sömu, sem tilsk. 3. Maí 1650 og fleiri lagaboð veitti þeim, og kölluð hefði verið náðarár. Einnig faunst stiptamtmani og biskupi það sjálfsagt, að ekkjur presta, þegar alt væri vel skodað, mætti vera ánægðar með breytingu þá á náðarári þeirra, sem stúngið hefði verið upp á, einkum þær sem væri á meðalbraudunum og þaðanaf minni, og sama myndi mega segja um hinar sem á betri braudunum væri, því þeir sem fengi þau, myndi optast nær verða heimtufrekari um uppheldið enn þeir sem færi að hinum vesælli. Loksins gátu þeir þess, að á minstu braudunum hefði ekkjurnar hingaðtil sjaldnast notað sér náðarárið, af ótta fyrir byrði þeirri, sem leiddi af uppheldi og fæðslu prestsins sem við á að taka.

Þar það enn fremur væri algengt á Íslandi, að jörðum sé skipt milli fleiri ábúenda, fannst stiptamtmani og biskupi prestssetrunum ekki vera þannig háttað, að ófært væri að skipta þeim í sundur milli ekkjunnar og þess sem við tekur, og væri það því hægra, sem prestssetrin með öllum jafnaði væri teljandi með stærri jörðum. En væri svo ástatt, að prests-

setrið væri ekki nægilegt undir tvö bú og hvorutveggja, ökkjan og presturinn, þessvegna óska, að hún fengi aðra jörð til ábúðar, eptir því sem til er tekið í kónsbr. 5. Júní 1750, þá myndi ekki verða miklir örðugleikar á því.

Að endingu sýndist stiptamtanni og biskupi, að bæta þyrfti við vissu tekjurnar því svonefnda kaupgjaldi ("Salarier") er goldið er prestum á klaustrabrauðunum af klaustrakirkjunum fornu, er stjórnin tók undir sig eptir siðaskiptin ásamt hinum öðrum eignum klaustranna, og, fyrst stungið hefði verið uppá breytingu í 1. atriði nefndar frumvarpsins, myndi vera bezt að umbreyta öðru atriði b, þannig, að í staðinn fyrir: "næsta fardagaár eptir að sá, sem brauðið hefir verið veitt, tekur við því" sé sett: "árið frá næstu fardögum eptir lát manns hennar, til næstu fardaga þar eptir".

Eptir að kansellið þvínæst hafði horið mál þetta upp fyrir konungi, og lagt fram fyrir hann frumvarp til tilskipunar um þetta efni, lagað eins og bezt þótti henta eptir uppástungu nefndarmanna, og breytingum þeim er stiptamtáður og biskup höfðu gjört í því, þóknadist hönum að skipa, að alþing skyldi segja upp álit sitt um frumvarpið, áður það væri lögleitt.

### III.

#### F r u m v a r p

til opins bréfs um, að halda hreppastefnur á Íslandi á öðrum tíma enn verið hefir.

---

Hreppastefnur á Íslandi skulu hëðanaf haldnar dagana milli hins 16. og 24. dags Júní mánaðar.

---

#### Ástæður

fyrir frumvarpi, er allramildilegast er staðfest, til opins bréfs um, að hreppastefnur á Íslandi verði haldnar á öðrum tíma enn verið hefir.

Amtmaðurinn í Vestur umdæmi Íslands, konferenzráð Thorsteinsson, sem var einn meðal þeirra, er kosnir voru í embættismanna nefndina í Reykjavík, er skipuð var með úrskurði konungs 22. Ágúst 1838, sendi nefnd þessari árið 1841 skrá nokkra, í hverri hann stakk uppá, að nákvæmar yrði tiltekið, hvenær bæði manntalsþingin og hreppastefnur skyldi halda. Hvað manntalsþingin snertir, þá hefir konungur, eptir að kanselliíð hafði borið málið upp fyrir honum, með allrahæztum úrskurði sínum 22. Marz 1843, sagt fyrir hvenær þau ætti að halða, og hefir kanselliíð byrt almenningi úrskurð þenna með opnu bréfi 30. dag sama mánaðar; en um það, nær halda eigi hreppastefnur, hefir engin fullkomin ákvörðun verið gjörð.

Thorsteinsson, konferenzráð, drap á í bréfi þessu, að hreppstjórum eður hreppstjórnir heldi þing þessi (hreppastefnurnar) hver í sínum hrepp, en hver hreppur væri optast ein þinghá, þó væri það ekki jafnan svo, því sumstaðar ætti fleiri hreppar þing saman. Vegna þess það væri undir hreppstjórunum komið, hvorn dag þeir tæki til hreppastefnu, þá bæri það við, að sami dagur ekki sé æfinlega tekinn til þess í sama hreppnum, og dæmi væri til, að hreppastefnur í tveim eður fleiri hreppum er saman lægi, ekki bæri uppá sama dag. Þannig væri tími sá, er hreppskila þingin eru haldin á, tekinn að handa hófi einsog hreppstjórunum lizt, án þess þeir, hvort í sínu lagi gefi neitt um, hvaða dag hinir hreppstjórnir velja til þinghalds hjá sér. En af því það bæri við á stundum, að farið sé með mál á hreppastefnunni, er komi öðrum hreppum við, einkum þeim er næstir liggja — og mál þessi væri stundum fátakra málefni —, þá þótti Thorssteinson, konferenzráði, það nokkru varða, að tími sá, á hverjum hreppastefnur sé haldnar, verði nákvæmlega ákveðin, og öllum kunnur.

En það væri þar að auki í öðru tilliti nýtsamt, að tími þessi sé greinilega tiltekinn. Það helzta, sem gjört væri á hreppskilafingunum væri, að hreppstjórnir létu alþýðu telja fram fæ sitt til tíundar, og rituðu það samstundis í hreppsbókina, en eptir frammtölu þessari væri tíund sú reiknuð, er greiða á til allra stétta; á henni væri byggt, hvemiklu bændur eiga að svara í gjöld sín á ári hverju, og eptir henni væri jafnað niður því er alþýða ætti að greiða í aukagjöld hið komanda ár. Það væri þessvegna mjög áriðanda, að rétt sé talið fram, og myndi óskanda, að menn hefði fyllri vissu fyrir því enn þá, er menn nú hafa. Þessu myndi mega koma þannig í lag, að sýslumenn væri á þinginu, og stýrði því sjálfir; því auk þess, að þingið með þessu móti myndi fara betur fram og verða metið meira af alþýðu, svo gæti sýslumaðurinn og þegar skorið úr efasemdum og þrasi, um það, hvort rétt sé talið fram eður eigi, en einsog nú stæði, gæti ekki orðið skorið úr þessu fyrr enn á manntalsþinginu næsta ár. Hann hélt einnig að návist sýslumannsins á hreppastefnunni myndi geta orðið gagnleg í fleiru; þannig gæti sýslumaður bæði fljótt og með litlum kostnaði útkljáð og skorið úr lögreglu málum, og ymsum málum er annarar tegundar væri.

En vegna þess sýslumenn ekki yrði skyldaðir til, að takast ferð á hendur eingaungu á hreppskilafingin, fannst amtmanninum ráðlegast, að þau væri haldin um sama leiti og manntalsþingin, svo þeir gæti gegnt störfum sínum á hvorutveggju þingunum í einu, og þótti honum vel til fallið, að hreppastefnur væri haldnar í fardögum, því hann hélt að hentast myndi að hafa manntalsþingin einhvern tíma í Júní mánuði (en hvenær þing þessi skuli halda, er nú tiltekið í konungsúrskurði 22. Marz 1843, er byrtur er í opnu bræfi 30. dag sama mánaðar frá kanselliinu.) Honum þótti engin nauðsyn bera til, að hreppskilafingin væri haldin á haustin, einsog síður væri til, en venja þessi myndi að miklu leiti sprottin af því, að menn hefði viljað hlifa alþýðu við að telja fænað þann framm til tíundar, er bændur segði þeir hefði slatrað, eður ætluðu að skera fyrir nýár; því honum gat ekki sýnst betur, enn að sama myndi verða uppá, þó talið væri framm í fardögum — en þá væri veturinn liðinn — og allir vissi hve mikinn fænað þeir ætti þá, því það væri vitaskuld, að enginn teldi það framm til tíundar í fardögum, er hann hefir skorið seinni hluta ársins sem leið.

Um leið og nefndin sendi kanselliinu uppástungu þessa, sagðist hún vera á sama máli sem höfundurinn í því, að það væri í fleiru enn einu tilliti miklu hentugara, að hreppastefnur væri haldnar á vorin heldurenn á haustin, og því væri amtmennirnir í Suðurumdæminu og Norður- og Austurumdæminu búnir að koma því á, að hreppskilafingin um nokkurn tíma hefði verið haldin á vorin, og væri það nú orðið að venju í hvorutveggi umdæmunum. En af því nefndin hafði stungið uppá, að halda skyldi manntalsþingin milli 16. Maí og 10. Júní (einsog fyrir er mælt í konungs úrskurði þeim, er áður var nefndur), þá þótti það eptir því vera sjálfsagt, að ekki myndi verða komið við, að halda hreppastefnur öldungis á sama tíma sem manntalsþingin. Nefndin tók það sérilagi framm, að hreppastefnur einkum væri haldnar í því skyni, að bændur skýrði hreppstjórum og prestum frá, hvemargt fólk þeir hefði í heimili, og hvemikinn fjárstofn þeir ætti í lausafé, er þeim bæri að svara tíund af og öðrum gjöldum til almennra þarfa, og að þeir, er gjöld þessi eiga að lúka, eptir lögum að sönnu sé skyldir að telja alt það framm er þeir eigi í fardögum, en sér fyndist þó samngjarnt, að ekki þyrfti að telja með sauð-

kindur þær og annan fænað er drepst úr bráðasótt, af óhöppum eður úr hor, og á þennan hátt færast þó opt fjöldi fænaðar frá fardögum til jónsmessu. Nefndin hélt því, að óhentugt myndi verða að halda hreppastefnur fyrr enn milli 16. og 24. dags Júní mánaðar, og væri heldur eigi samkvæmt því er nú væri orðin venja, og stakk hún þessvegna uppá, að tímabil þetta væri ákveðið, til að halda á hreppskilafingin. Að vísu gæti sýslumaður ekki með þessu móti sókt þing, nema hann einmitt í því skyni tækist ferð á hendur, er valda myndi miklum kostnaði, ef þeir ætti að fá þóknun fyrir, en fengi þeir enga, myndi ferðirnar verða þeim æði þungbærar og gjöra það að verkum, að þeir gæti eigi gegnt störfum þeim ámeðan, er fyrir koma um þetta tímabil; en nefndinni gat á hinn bóginn ekki skilist, að návist sýslumanna á hreppafingunum myndi bæta stórmikið úr því er nú þætti áfátt við þing þessi, og myndi alt að einu eigi verða komið í veg fyrir tíundarsvik.

Kansellið skrifaðist á við hið konúnglega rentukammer um þetta efni, og svaraði það, að sér sýndist brýn nauðsyn bera til, að einhverr tími sé fast ákveðinn til þinghalda þessara, og það vegna þess, að hverr sá, er þegnskyldu á að svara, skal að lögum sækja þing þessi sjálfur, og telja þar framm það er honum ber að greiða tíund af, en komi hann ekki á þing, eiga hreppstjórar að gjöra honum tíund þá er þeim þykir hæfa, og er hann þá skyldur að greiða hana og þegnskyldu þá, er eptir tíundinni fer; því þegar undir hreppstjórunum sé komið, hvenær þeir vilji halda þing, þá myndi skylda sú er áður var nefnd, verða of þungbær þeim er gjöldunum eiga að lúka, og þeim væri þar að auki í fleiru tilliti áriðanda, að geta mætt sjálfir á þinginu. Þar það helzta, er gjört væri á þinginu, væri að telja framm fê sitt til tíundar, en telja á framm að lögum það er hverr á í fardögum, þá fannst rentukammerinu hentugastur tími til þinghalda vera rétt eptir fardaga. En vegna þess það þó virtist sanngjarnt, að haft væri tillit til þess er nefndin hafði tekið framm, þótti rentukammerinu bezt að fallast á uppástungu nefndarinnar um, að þingin væri haldin frá 16. til 24. dags Júní mánaðar, og fannst því einnig tími þessi vera mátulega lánur. Eptir því sem nú hefir verið mælt, og í tilliti til þess er nefndin hafði talið, fannst rentukammerinu aptur á móti einsog nú stæði, og meðan skattgjaldslögin á Íslandi væri í því horfi sem þau nú eru,

ekki vera næg ástæða til að rannsaka, hvort haganlegt myndi að láta sýslumenn stýra hreppaþingunum.

Jafnvel þó kanselliinu þætti ástæður þær réttar, er Thorsteinsson, konferenzráð, hafði talið, varð það þó að fallast á uppástúngu þá er nefndin hafði gjört og áður er um getið, því það væri svo mjög komið undir landslagi og öðrum kringumstæðum, á hvern hátt hentast væri að koma efni þessu í gott lag; en af því allir hefði ekki lítið eins á mál þetta, og breyting á þingtímanum gæti leitt ýmislegt af sér, sem nokkru væri varðanda, þótti kanselliinu samt ráðlegast að uppástunga þessi væri send alþingi, og að það segði upp álit sitt um hana, ennþótt hún eigi væri þess eðlis, að útvega þurfi álit alþingis um hana.

Eptir því er þannig hefir verið sagt, bar kansellið með þegusamlegri lotningu mál þetta upp fyrir konungi, og þóknadist hátign hans allramildilegast að fallast á 22. Marz 1843, að það væri sent alþingi til ihugunar, en frumvarp það, er eptir allrahæztri skipun konungs hafði verið búið til í þessu skyni, og samhljóða er uppástúngu nefndarinnar, var lagt fyrir konung 6. Apríl 1843 og var það þá allramildilegast staðfest.

## IV.

### F r u m v a r p

til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum  
Reykjavík.

#### 1. grein.

Kaupstaðurinn Reykjavík skal framvegis, einsog áður, vera þing sér, með takmörkum þeim sem þinghánni eru sett í konungsúrskurði 24. Febr. 1835, skal bæjarfógeti sá, er vèr höfum settan, og með hönum fulltrúar bæjarins hafa á hendi stjórn bæjarmálefna, þegar þau eru undanskilin, sem kljád eru á annan hátt; þó skal amtmaður vor í suður umdæminu hafa umsjá með þeim, og kanselli vort ædstu stjórn. Skal þá sambandi því, sem er milli fátækra stjórnar kaupstaðarins Reykjavíkur og Seltjarnarness hrepps, samkvæmt reglugjörð 8. Jan. 1834, slitið, og hvorutveggja eiga fátækra stjórn sér; skal skilnaður þeirra hefjast um birjun hins fyrsta reikningsárs eptir að þessi tilskipun vor er flutt til Reykjavíkur. Uppfrá þessum tíma skal þá fátækra málefnum í Seltjarnarness hrepp stýrt á sama hátt sem í öðrum hreppum á Íslandi, en í Reykjavík skal stjórn á fátækra málefnum löguð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í reglugjörðinni um fátækra stjórn hvorutveggja, þó skulu í nefnd þeirri, er stjórn hefir á hendi, einungis sitja dómkirkju presturinn, bæjarfógetinn, og 2 fátækra stjórnar, og skulu þeir kjörnir á þann hátt sem reglugjörð þessi mælir fyrir í 18. grein. Fè því, er fátækra hrepparnir eiga nú báðir saman, svo og álögum öllum skal skipt svo, að sami sé jöfnuður milli kaupstaðarins og hreppsins sem milli 26 og 11. Þessi skipti skulu gjörð af nefnd þeirri sem á hendi hefir stjórn fátækra málefna í báðum hreppum, ásamt 5 dánudómum, tveim úr kaupstaðnum Reykjavík, og þrem úr Seltjarnarness hrepp, og skal amtmaður vor kjósa þá.

## 2. grein.

6 skulu vera fulltrúar kaupstaðarins Reykjavíkur og skal kjósa einn þeirra úr flokki tómtusmanna, en hina 5 af bæjarmönnum, þeim, er samkvæmt þessari vorri tilskipun, til þess eru hæfir.

## 3. grein.

Kaupstaðarþúar, þeir er kosningarrétt eiga samkvæmt þessari tilskipun vorri, skulu hédanaf sjálfir kjósa fulltrúa, og hverfur þá réttur sá er bæjarfógetinn nú hefir, að stínga uppá fulltrúum.

## 4. grein.

Þeir er borgararétt öðlast í Reykjavík samkvæmt ákvörðunum þeim er löggjaldar eru á Íslandi um töku borgarabréfs, og framvegis skulu á vera, skulu eiga rétt á að taka þátt í bæjar málefnum einsog þessi tilskipun vor gefur kost á; himn sama rétt hafa og allir þeir er timburlús eiga eður steinlús í bænum eða í landeign hans, er bæjarútgjöldum að nokkru leiti er jafnað niður á, án þess nauðsyn beri til að þeir gjörast borgarar þegar þeir hafa aðsetur sitt í bænum, og eru fullveðja fyrir aldurs sakir.

## 5. grein.

Það er auðvitað að enginn getur framvegis tekið þátt í bæjarmálefnum á þann hátt að hann kjósi bæjarfulltrúa samkvæmt þessari tilskipun vorri, ef hann missir kosti þá, einhverra hluta vegna, er veita honum þennan rétt; svo skal og sérhverjum, þeim, er sekur er orðinn að laga dómi um nokkuð það verk, er svívirðilegt er að almennings álit, varnað að taka þátt í bæjarmálefnum, jafnvel þó hann hafi ekki sætt þeirri refsingu, er samkvæmt opnu bréfi 29. Oct. 1824 og tilskipun 24. Jan. 1838 4. grein Litr. a. sviptir mann borgararétti. Ekki má heldur nokkurr sá kjósa, sem settur er fjárhaldsmaður, eða ef bú hans er tekið upp sem skuldabú eða þrotabú, eða sé nokkuð það mál á hendi hönum, að tekin sé fyrir þá skuld af hönum öll fjárforráð að lögum, og hefir hann eigi kosningarétt meðan hann er í slíku ófrelsi; ekki heldur sá, er sóttur hefir verið að lögum um nokkuð það ódædisverk er

er svipt getur borgararétti, fyrir enn hann með dómi, sem eigi verður raskað, er orðinn alsýkn saka.

#### 6. grein.

Hverr sá, er borgararétt hefir hlotið í Reykjavík, eður á nokkuð það hús sem tilgreint er í 4. grein, hefir rétt á að taka þátt í kosningu hinna 5 fulltrúa, og skal alls þess gæta sem fyrir er mælt í 5. grein; svo skal og hverr sá tómthúsmaður, sem gjört er að minnsta kosti 2. dala útsvar í öll bæjarútgjöld, hafa hinn sama rétt í kosningu hins 6ta. En þá eina má kjósa fulltrúa, sem eiga timburhús þau í bænum eður steinhús, er virt sé til 500 dala að löglegri virðingu, eða þá sem á ári hverju greiða af atvinnuvegi sínum í fátækraútsvar að minnsta kosti 4 dali; þarómót mega tómthúsmenn kjósa hvern þann úr flokki sjálfra sín, er rétt hefir á að kjósa fulltrúa fyrir hönd tómthúsanna. Þess ber og að gæta að hvorki mega forfeður með afkomendum, nè heldur bræður eiga setu í flokki borgarafulltrúa í sem, eigi heldur þeir sem eru jafnt nátengdir að mægðum, svo má enginn sá vera fulltrúi, sem svo er ná skyldur bæjarfógetanum eður mægðum hundinn, sem þegar var sagt.

#### 7. grein.

Sá sem kosinn er fulltrúi, hefir starf sitt á hendi um 6 ár, fer hann þá frá, og skal aptur kjósa í hans stað; en fari nokkur frá einhverra hluta vegna áður þeim 6 árum sé lokið, þá skal sá, sem kjörinn verður í hans stað, hafa sýslu sína á hendi einungis um þann tíma, sem óliðinn er af þeim 6 árum þegar hinn fór frá. Kjósa má jafnan á ný þann er farið hefir frá, og tekur hann þá við starfa sínum þegar hann er kosinn aptur. En hafi tími sá, er hann áður hafði starfa sinn, eigi verið skemri enn 3 ár, þá er hann eigi skyldur að veita móttöku kosningunni, fyrr enn liðin eru jafn mörg ár, sem þau voru, er hann hefir verið fulltrúi; svo má og hverr sá, er sextugur er orðinn, fyrir aldurs sakir skorast undan ef hann er kosinn fulltrúi.

#### 8. grein.

Hinn fyrsta dag, eður einn hinn fyrsta dag eptir næsta nýár frá því að þessi tilskipan vor er löggjöld orðin, skal

fulltrúa kjósa svo marga sem þörf gjörist, svo að þeir, ásamt þeim, sem nú eru, ef enginn þeirra fer frá, einhverra hluta vegna, sé svo margir að tölu sem fyrir er mælt í 2 grein. Síðan fer frá á ári hverju 1 fulltrúi, og skal því ráða sýslu-tíminn, eður samkomulag, ef fleiri hafa um jafn lángan tíma haft starfa sinn, eða þá hlutkast ef annars er eigi kostur.

#### 9. grein.

Kosningar skulu jafnan fara framm daginn eptir eður einn hinn næsta dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á að hafa þarf við kosningu er eigi varð fyrir sèð; svo skal kosningu undirbúa að skrá sé samín um kjörgenga, og þá er kosningarrétt háfa, skal kjörstjórnin semja hana, en þessir eru kjörstjórar; Bæjarfógeti, oddviti fulltrúa, og einn fulltrúi, er þeir sjálfir kjósa. En þegar tómt húsmenn eiga að kjósa, skal fulltrúi þeirra er ennþá hefir starf sitt, vera hinn 3ji kjörstjóri; en sé hann einhverra hluta vegna farinn frá áður, skal 3ja kjörstjóra kjósa meðal hinna fulltrúanna. Þegar semja á kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins, og aðrir er bæjarstörfum gegna, vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja 14 daga á þingstofu bæjarins, öllum til sýnis; þyki nokkrum að einhverr sá maður sé nefndur sem ekki hefir það til að bera er hæfir, eður að einhverjum sé ránglega sleppt, skal hann 3 dögum fyrir kosningu bera mótmæli sín upp fyrir Bæjarfógeta, og færa rök fyrir; rannsakar þá Bæjarfógeti málið nákvæmar, ef þörf er, svo það verði útkljáð dag þann sem kosning fer framm, eptir úrskurði kjörstjórnarinnar samkvæmt lögum. Finni einhverr að því að nokkrum sé sleppt, þá verður því eigi gaumur gèfnn, nema hann beri upp athugasemdir sínar fyrir þann tíma, sem til er tekinn.

#### 10. grein.

Boða skal dag og stund er kosningar skulu fara framm að minnsta kosti 8 dögum fyrirframm með opnu brèfi og trumbuslætti. Kosningar skulu ské opinberlega í þingstofu bæjarins, skulu allir kjósendur, er neyta vilja réttar síns, koma sjálfir á kjörstefnu, og lýsa yfir annaðhvort í heyranda hljóði við kjörbókina eður brèflega hverja menn þeir vilji kjósa. Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa gèfið atkvæði sín, og þau eru bókuð, les forstöðumaður kjörstjórnarinnar

upp skilmerkilega atkvæðin öll, en hinir 2 kjörstjórar rita þau upp og telja saman. Þannu skal nefna kjörinu fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði, þegar þau eru talin. Nú hafa fleiri enn einn jöfnu atkvæði og skal þá hlutkast ráða.

#### 11. grein.

Þegar kjósa á fleiri fulltrúa enn einn, skal hverr þeirra kjörinn sérilagi á þann hátt sem áður er mælt fyrir.

#### 12. grein.

Ef einhverr sá, sem kjörinu er fulltrúi, ber upp afsökun nokkura, metur kjörstjórnin hvort hún sé gyld; þyki meiri hluta kjörstjórnarinnar afsökunin gyld, skal þegar kjósa á ný. Sé afsökun hans þarámót metin ógyld, og hinni kosni eigi að heldur vill gangast undir kosninguna, skal hann láta kjörstjórnina bera upp kvörtun sína fyrir amtmanni, og gefur hann þá tafarlaust úrskurð um málið.

Ef nokkur efasemd ris hjá einhverjum þeim, er hlut á að máli, eður hjá kjörstjórnunum um það hvort nokkurr sé kjörin með flestum atkvæðum, eður ef nokkur kosning þykir fyrir einhverja skuld ógyld, gefa kjörstjórar um það úrskurð, og senda hann þegar amtmanni og færa rök fyrir; svo skulu og, þó engin slik efasemd hafi vakist, amtmanni sendar skýrslur um kosningarnar. Þyki hönum nú sem ekki sé viðhöfð lögleg aðferð í kosningunni, skal hann um það gjöra ákvörðun nokkra er nauðsynleg er. En ef hann finnur ekkert að kosningunni, gefur hann kjörstjórninni það til vitundar áður 14 dagar sé liðnir. Auk þess skal hverr sá sem í nokkru finnur að kosningu þeirri, er framm hefir farið og einkum að úrskurði þeim, er um hana hefir verið gæfni, senda kvörtun sína ritaða kjörstjórnunum, skal það gjört áður 8 dagar sé liðnir frá því er úrskurður var gæfni eður kosningu var lokið, ef gefa á gaum að kvörtun hans; senda þá kjörstjórar jafnskjótt kvörtunina amtmanni ásamt skírslum sínum. Verði nú nokkur kosning ógyld, að amtmanns ákvörðun, skal kjósa á ný. Beri nokkur þau vankvæði að sem talin eru í grein þessari, og sá, sem kosinn var, eður kjörstjórar, eður einhverr þeirra er hlut eiga að máli, eru óánægðir með úrskurð amtmanns, eiga þeir friðst að bera málið upp fyrir Kanselli voru.

### 13. grein.

Sá sem kjörinn er fulltrúi, sendir Bæjarfógeta skrásett heit, og skuldbindur hann sig í því samkvæmt borgaræið sínum, en hafi hann ekki svarið borgaræið, lofar hann með eiði að gegna dyggilega og með samvirkusemi öllum skyldum þeim, er stada hans heimtí, bæði við konung og fósturjörð sína, og einkum við félag það sem hefir kosið hann, til að taka þátt í stjórn málefna sinna.

### 14. grein.

Ef nokkurr, sá sem kosinn er fulltrúi, missir kosti þá, sem gjöra hann hæfan til að vera fulltrúi, ámeðan hann hefir starfa sinn á hendi, þá skal honum vikja frá; þó skal þess gæta, að, ef einhverr síðar missir eignarrétt á húsi, eður ef atvinnuskattur hans síðar er lækkaður svo, að hann nemi eigi því er til kjörgeingi heimtist, (6. grein) þá skal hann eigi fyrir þá skuld hætta þeim starfa, sem hann eittsinn fyrir traust með-bæjarmanna er kjörinn til. Beri nokkuð það að, er samkvæmt 5 og 6 grein um stund svípti hann kostum þeim, er gjöra hann hæfan til að vera í stöðu þessari, skal hönum um stund bægt frá störfum, þangað til hann fær aptur kosti þessa eður útséð verður um að hann ekki ná þeim. Bæjarfógeti og fulltrúar skulu skera úr öllum þeim vanda, er rísa kann í slíku máli, eður hafi nokkurr fulltrúi orðið sekur um það skyldubrot, að hann megi fara frá, þá er það vitaskuld að öllum, er hlut eiga að máli, er frjálst að bera málið upp við æðri valdsmenn.

Ef nokkurr biður lausnar um tíma þann, er hann átti að hafa störf sín á hendi samkvæmt almennri reglu, og Bæjarfógeti eður fulltrúar eður þá æðri valdsmenn (12. grein), verða við bæn hans, skal man kjósa í hans stað. En fari einhverr frá 6 hina síðustu mánuði ársins, og kjósa skal aptur, þá má jafnan fresta kosningunni til tíma þess sem gætið er í upp hafi 9. greinar, nema svo standi á að nauðsynlegt sé að kjósa fyrr.

### 15. grein.

Við birjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita og ráða þar flest atkvæði; oddviti kallar saman fulltrúa þegar hönum þykir nauðsyn tilbera, hann stýrir fundum, og sér um að ályktanir sé rétt bókaðar og rétt sé með þær

farið; þegar svo stendur á, að jöfn eru atkvæði, skal sú ályktan ráða, er oddviti fylgir. Á sama hátt kjósa þeir vara oddvita er kemur í stað oddvita, þegar hann er ekki viðlátinn. Allt það er fer framm á fundi bókar oddviti eður vara oddviti einsog þeir verða ásáttir um það sín ámilli, en komi þeir sér eigi saman skera fulltrúar úr því með atkvæða fjölda; jafnan skulu allir fulltrúar þeir sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

#### 16. grein.

Aðgjörðir fulltrúa skulu nauðsynlegar þykja í öllum þeim málefnum er snerta eignir og atbúnað, tekjur og útgjöld bæjarins, og ekki er nokkur ákvörðun um gjör að skilin skuli vera undan bæjarstjórn; má því Bæjarfógeti enga ályktan gjöra án þeirra samþykkis. Ef Bæjarfógeti gétur ekki orðið á sama máli og fulltrúarnir skal hann eiga fund með þeim og ræða við þá um málið; en verði þeir engu að síður eigi á eitt sáttir skal málinu skotið undir úrskurð æðri valdsmanns, og er þá sjálfsagt að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hluti þeirra hefir fallist á.

#### 17. grein.

Þegar beðið er um skýrslu frá Bæjarfógeta um nokkuð það efni, er snertir þörf bæjarins, skal hann jafnan íhuga málið ásamt fulltrúunum, eða þá beidast álits þeirra um það, og skal álit þeirra jafnan fylgja skýrslu Bæjarfógetans. Svo eiga og fulltrúarnir rétt á að taka sjálfir hvert það efni til skoðunar, er snertir þörf bæjarins, og Bæjarfógeti er skyldur, þegar fulltrúarnir bera upp frumvarp nokkurt, að gefa um það ritaðan úrskurð þegar þeir beidast; verði nú fulltrúarnir óánægðir með úrskurðinn, mega þeir heimta að málið verði horið upp fyrir æðra valdsmanni, og með því sendar ljósari skirslur frá sjálfum þeim og Bæjarfógetanum ef þurfa þykir.

#### 18. grein.

Svo fulltrúar þeir, sem bæjarmenn hafa kosið, fái tekið svo mikin þátt sem hæfa þykir í bæjarmálefnum þeim, sem falin eru auka stjórn nokkurri, skulu frammvegis fátækra-stjórar þeir 2, er sitja í fátækranefndinni (1. grein) kosnir af fulltrúunum, og skal að minnsta kosti annarr þeirra kjörinn úr flokki sjálfra fulltrúa. Fátækranefndin skal kjósa annanhvorn

Þessara fátækra stjóra til fátækragjalddæra, og er sá það, er fleiri fær atkvæði. Ekki skulu fátækra stjórar þeir, er þannig eru settir, skyldir að hafa starf sitt lengur enn um 3 ár. Þegar barnaskólanum í Reykjavík er komið í fullkomið lag, skulu fulltrúarnir einnig, á sama hátt sem áður er gætið, kjósa 2 skólustjóra, og eiga þeir setu í skólanefndinni. Svo skulu og fulltrúarnir framvegis kjósa þá menn úr flokki sjálfra sín, er setu eiga í byggingarnefnd þeirri, er sett var með opnu bréfi frá 29. Maí 1839 1. grein; þar á móti kys amtmaður hina 2 bæjarmenn er vera skulu í nefndinni, samkvæmt opnu bréfi er þegar var nefnt.

### 19 grein.

Fulltrúar skulu ásamt Bæjarfógetanum fyrir hver árslok semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir að bærinn muni þurfa að svara á næsta ári, og skulu þar með talin ekki að eins þau útgjöld, er bæjarmálefna stjórnin, sem sjálfir þeir eru í, hefir umsjá yfir, heldur og einnig það fé, er með þarf til þeirra bæjarmálefna sem falin eru stjórn sérilagi.

Áætlun þessi skal og innibinda skýrslu um eigur þær, sem til eru að borga með útgjöld án þess skatti sè á jafnað, og síðan lýsa yfir hversu miklu þurfi að jafna niður á bæjarmenn; og er sú skipan þar á gjörð, að þriðjung þess fjár, er þarf til útgjalda bæjarstjórnarinnar, verður jafnað niður á byggingar bæjarmanna, fyrst um sinn eptir þeim jöfnuði er í slíku hefir áður verið viðhafður, en hinum tveim þriðjungum ásamt því fé, er þarf til þeirra málefna, sem stjórn hafa sèr, verður skipt niður eptir efnum og ástandi á alla er búa á landeign kaupstadarins; þá skal áætlunarskráin ákveða upphæð á því er jafna skal niður á hvað fyrir sig. Beri engar þær kríngumstæður að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöld eður tekjur þær, sem til eru að láta í þau, verði meiri eður minni enn þær, er ákveðnar voru í áætlunarskrá þeirri, er samín var næst á undan, skal þær telja til sömu upphæðar. Hvað fé það snertir, er með þarf til málefna þeirra, er stjórn hafa sèr, svosem fátækramálefna, og síðar skólamálefna, þá skal stjórn sú, er hlut á að máli, senda reikning um það er með þarf Bæjarfógeta og fulltrúunum fyrir lok Nóvembers mánaðar. Þyki þeim ástæða vera til að lækka upphæð á fé því, sem beidst er, skulu þeir nákvæmar rannsaka það með stjórn þeirri

er hlut á að máli, og verði þeir ekki á eitt sáttir, skal bera upp málið við amtmann, og ákveður hann það er skólamálefni snertir, hve mikið skal greiða, er hann hefir ráðfært sig við meðstjórnarmann sinn. Þegar áætlunarskráin er samín að öllu leiti, skal senda hana amtmanni, og þyki honum í henni ekkert athugavert, ritar hann það í hana og sendir aptur frá sér. En fari á annan hátt, lýsir hann fyrir bæjarstjórninni athugasemdum þeim, er hönun þykir að gjöra þurfi, og skal jafnan taka athugasemdir þær til greina ár það, er áætlunarskráin nær yfir; en ef þær snerta lengri tíma, og bæjarstjórnin þykist eigi gæta kannast við, að þær sé réttar, er hún skyld, áður mánuður er liðinn, að rita amtmanni um það, og sendir hann þá málið Kanselliinu til úrlausnar.

## 20. grein.

Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir um áætlunarskrána eður ef öllu er komið fyrir svosem athugasemdir hans bendtu til samkvæmt 19. grein, skal fè því, er safna á með álögum á bæjarbúa, jafna niður á skattskylda menn. Verður þá öllum þeim gjöldum, er greiða á að jafnri tiltölu, jafnað í einu lagi niður á hvern skattskyldann mann; þó skal þess gæta, að þeim, er samkvæmt tilskipunum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra sem talin er meðal annara gjalda, má ekki gjöra meira eun þeim ber að greiða í önnur gjöld samkvæmt reglum þeim er gylða.

Skatta skulu framvegis allir fulltrúar ásamt gjaldkera jafna niður á bæjarmenn. Þessvegna skal eigi framvegis kjósa virðingarmenn sérilagi, svo losast og fátækraefudin og síðar skólanefndin við það starf að jafna niður á bæjarmenn gjaldi því, er þarf með til fátækra málefna og skólamálefna. Alla skatta skal rita í skatta- og kvittunarbók fyrir sérhvern er gjald greiðir. Þegar gjaldkeri fær boðorð eður ávísun um frá Bæjarfógeta og fulltrúunum, skal hann greiða hverri stjórn sérilagi svo mikið af skatta upphæðinni er hún þarf við til að borga með útgjöld þau, er hana snerta. Ef útgjöld bera að, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni, skal um þau gjöra skýrslu einsog boðið er í 19. grein um áætlunarskrána; skal í öllu, er útgjöld þessi snertir, hina sömu meðferð viðhafa sem ákveðin er í þeirri grein. En ef útgjöld þau, sem ekki er gjört ráð fyrir, nema ekki meiru enn 50 dölum, gjörist

engin þörf á slíkri skýrslu sérilagi, skal borguninni frestað til næsta árs þegar jafnað verður niður.

#### 21. grein.

Þegar áætlunarskráin og niðurjöfnun er samín, skal hvoru-  
tveggja vera til sýnis um 3 vikur í þingstofu bæjarins að  
minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum, skal opinberlega birt  
hvenær þær sé lagðar fram, og um hvert dagsbil þær sé  
öllum til sýnis; þyki einhverjum nokkuð vera aðfinningavert  
um niðurjöfnuðinn, skal hann lýsa athugasemdum sínum fyrir  
Bæjarfógeta, en hann ráðgast um með fulltrúum og ákveður,  
hvort breyta skuli nokkru útaf kvörtun hans; en ef hann  
verður óánægður með ályktan þeirra, er honum frjálst að láta  
bæjarstjórnina bera málið upp fyrir amtmanni til úrskurðar.

#### 22. grein.

Fulltrúar skulu ásamt Bæjarfógeta hafa nákvæma umsjá  
yfir fjárlag bæjarins, þeir gæta þess að skattar og aðrar  
tekjur sé heimtaðar á réttan hátt og í tækan tíma, og fè gjört  
upptækt, ef þörf gjörist að fènu sé varið til að láta í útgjöld  
bæjarins, en þangað til skal það lagt í kistu vel læsta og  
geimur hana gjaldkèri; fyrir kistunni skulu vera 3 læsingar,  
hver annari frábrugðnar, skal Bæjarfógeti hafa lykil að einni,  
að annari fulltrúi sá er þeir sjálfir til þess kjósa sín ámilli,  
en gjaldkèri að hinni 3ju; þó má fá gjaldkèra í hendur til að  
borga með smáútgjöld, er búast má við allt að 100 dölum, án  
þess það fè sé lagt í kistuna. Svo skulu og Bæjarfógeti og  
fulltrúar, að minnsta kosti eittsinn á hverjum þrem mánuðum,  
heimta nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði hvað heimt sé af  
fè og hvað goldið sé aptur; en finni þeir eigi tekjur þær, er  
goldnar áttu að vera, tilgreindar, skulu þeir við hafa rann-  
sókn þá er þörf er á, aðgæta kvittunarbækur þeirra er ógold-  
ið eiga, og fara að öllu einsog bezt á við í hvert sinn, og  
gjöra ráðstafanir þær er nauðsynlegar eru að tekjurnar verði  
heimtar; svo skal og um útgjöldin gjöra næga skýrslu. Þeir  
geta falið einummanni eður fleirum úrflokki sjálfra sín með Bæjar-  
fógetanum að rita fyrir sína hönd undir avísunarbréf uppá  
bæjarsjóðinn.

Fulltrúar og valdstjórn skulu leggja alla stund á, að störf  
þau, er unnin eru á kostnað bæjarins, sé vel af hendi leyst

og með sem mestum sparnaði; skal Bæjarfógeti annaðhvort sjálfur eður láta þjóna þá, er hann hefir undir sér, jafnan hafa vakanda auga á slíkum störfum; svo skulu einnig fulltrúarnir skiptast á að gæta þeirra svo þeim jafnan sé kunnugt að slík störf sé ummin sem haganlegast og í öllu samkvæmt ákvörðun þeirri er upphaflega var gjörð.

### 23. grein.

Fulltrúar skulu með Bæjarfógeta kjósa gjaldkæra, skal með sýslu þessa fara í öllu samkvæmt d. l. 3—5, þó skal sá, sem settur er gjaldkæri, hafa starf sitt að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri kringumstæður þær, er aptri honum, eður Bæjarfógeta og fulltrúa lítist ráðlegra að fá öðrum manni sýslu hans í hendur, áður þau 3 ár sé liðin. Ef Bæjarfógeti og fulltrúar verða eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær er snerta kosningu gjaldkæra skal málinu skotið til amtmanns.

### 24. grein.

Þó Bæjarfógeti og fulltrúar eður, í málum þeim, sem undan eru skilin almennri bæjarstjórn, stjórn sú, er kemur í þeirra stað, eigi rétt á að gjöra ályktanir fyrir hönd bæjarmanna, þá má þó undanskilja þær ráðstafanir, sem ekki verður gjört ráð fyrir, eður miklu varda og um langan aldur í bæjar-málefnum.

Til þessa má telja: nýjar lántökur; þegar lengja á tíma sem borga skal á lánsfê; þegar bætt er við nýum launum, og upphæð launa aukin, ef meiru nemur enn 20 dölum; uppheldis fê, ef meiru nemur enn 20 dölum, og ekki er áður tiltekið; fêstýrkur, er meiri sé enn 30 dalir; afsal fasteigna bæjarins og úthlutun bæjarjarða, svo þær verði eign einstakra manna er lúka á ári hverju gjaldi í sjóð bæjarins; byggingu bæjarjarða um lengri tíma enn 10 ár, eður á amann hátt enn við opinbert uppboð; byggíngastörf, er ekki verður frammgeugt, nema aukin sé upphæð skatta þeirra, er bæjarmenn um 3 undanfarin ár hafa goldið að meðaltali; þessháttarsættir, að bærinn gengst undir nokkura skuldbinding til að komast hjá málaþrasi, eður slakar að nokkru til í rétt sínum. Þegar nokkuð af þessu ber að, svo að bæjarstjórn eigi má skera úr, skal málinu skjóta til Kanselliis vors, og fylgir því skýrsla allra, er hlut eiga að, og svo amtmanns; en Kansellið ber málið

upp fyrir oss, ef það á eigi sjálft vald á að gjöra úrlausn; svo má það og, þegar mikilvægar ráðstafanir, og óvenjulegar bera að, bjóða að bæjarmenn eigi fund með sér, til að birta þarum álit sitt.

## 25. grein.

Jafuskjótt og reikningur gjaldkæra er saminn, skal hann leggja á þingstofu bæjarins, og fara að öllu um frammleggingu og birtingu, sem fyrir er mælt í 22. grein um skattajöfnuð. Reikningurinn skal vandlega yfirfarið af skoðunarmanni sem kosinn er af bæjarmönnum þeim, er samkvæmt 4. og 5. grein, hafa atkvæðarétt; skal hann kjörinn á sama hátt sem fulltrúarnir, og hafa starf sitt, einsog þeir um 6 ár. Þegar sá er reikninginn samdi, hefir fengið athugasemdir skoðunarmannsins svo hann fái svarað þeim, og tekið þær til greina, skulu þær sendar amtmanni, og skal hann skera úr ef ábyrgð nokkur þykir liggja á þeim, er reikninginn samdi. En hafi skoðunarmaður fundið nokkuð það að, að ábyrgð þyki liggja á Bæjarfógeta eður fulltrúunum, eður amtmanni þyki nokkuð aðfinningarvert, skal hann, er nægar skýrslur eru fengnar, senda málið Kanselli til úrskurðar ásamt áliti sínu. — Á ári hverju skal reikningur gjaldkæra saminn fyrir lok næsta Janúar mánaðar, og hvað ábyrgð þá snertir, er leiðir af því að semja ekki reikninginn í tækan tíma, eður svara útásetningum er gjörðar eru, þá skal í því fara samkvæmt reglum þeim er löggjaldar eru í dönskum kaupstöðum. Þegar reikningur gjaldkæra er gagn skoðaður og ráðinn til lykta, skal Bæjarfógeti semja ágríp af hönum og láta prenta; ágríp þetta sé svo fullkomið, að tilgreind sé sérilagi öll atriði í tekjum og útgjöldum. Hvað reikninga þá snertir, er gjörðir eru um þau bæjarmálefni er hafa stjórn sérilagi eður skoðun á þeim, skal með þá fara samkvæmt tilskipunum er um það eru gæfnar eða verða gæfnar, þó svo, að þegar reikningar eru lagðir framm til sýnis og auglýsingar almenningi, skal fara svo að sem fyrir er mælt í þessari grein um reikning gjaldkæra. Vilji einhver borgari eður nokkurr bæjarmanna, er skatt greiðir, taka reikningsfróðan mann sér til aðstoðar þegar hann skoðar reikning gjaldkæra eður auman reikning um bæjarmálefni, þá skal honum eigi þessa synjað.

## Ástæður

fyrir reglugjörðar frumvarpi um stjórn bæjarmálefna  
í kaupstaðnum Reykjavík.

Í bréfi nokkru, er amtmaðurinn í Suðuramtinu á Islandi sendi kanselliinu 1839, bendti ham til þess, að þörf væri á tilskipun um stjórn bæjar málefna í Reykjavík; bréf þetta sendi kansellið embættismanna nefndinni í Reykjavík; sem konungur með úrskurði sínum 22. Ágúst 1838 hafði skipað, og beiddist álits hennar um þetta efni þegar hún ætti fund með sér sunnarið 1839. Kansellið ritaði undir eins amtmanninum, og bað ham koma því til vegar, að stjórnendur bæjarmálefna í Reykjavík, ef því yrði við komið, sendi frumvarp til reglugjörðar, er vel væri lagað eptir ásigkomulagi bæjarins, og skyldi senda nefndinni það, svo hún hefði það til að fóta sig á, við meðferð máls þessa.

Fógetim og bæjarfulltrúarnir rituðu þvínæst frumvarp nokkurt, einsog til var ætlast, og sendu þeir það nefndinni, en þegar hún var hún að ræða málið á fundum, sendi hún það aptur kanselliinu ásamt áliti sínu er hún hafði samið.

Nefndinni þótti vel til fallið, að ný tilskipan væri gjörð um bæjarmálefni í Reykjavík, og fannst henni ekkert vera að frumvarpi því er henni var sent, að því einu undanteknu, að 1. greinin kvæði á, að breyting á stjórn bæjarmálefna skuli ekki raska sambandi því, er reglugjörð 8. Janúar 1834 setti milli Reykjavíkur kaupstaðar og Seltjarnarness hrepps, sem hvortveggja átti að vera einn fátækra hreppur saman; því hún var á því, að hvort um sig ætti að vera hreppur sér.

Að hvortveggju fátækra hreppar þessir hingað til hefði verið saman, hélt nefndin kæmi til af því, að, vegna þess að fjöldi tómthúsanna meðan bærinn var að komast upp, hefði tekið sér hústað á þeim stöðum í hreppnum, er næstir voru Reykjavík, hafi þótt samgjarnt, að kaupstaðurinn tæki þátt í upphaldi þeirra þegar þá kynni að bresta, því hreppurinn myndi, ef til vildi naumast geta risið undir því.

Þar að auki hefði það verið mjög eðlilegt, að bærinn væri þannig hreppnum til aðstodar, því tómthúsmeið þessir hefði tekið sér bólfestu í hreppnum einmitt til þess að geta verið í

nánd við Reykjavík. En þaræð svæði það af hreppnum, er flestir tómtlúsmennirnir hefði sett sig niður á, eptir konungsúrskurði 24. Febrúar 1835 væri nú sameinað bænum, fannst nefndinni, að ástæða sú, er áður hefði verið til að slengja báðum fátækra hreppum saman, væri horfin. Hún var einnig á því, að ef Reykjavíkur hreppur væri skilinn frá Seltjarnarness hrepp, myndi verða komið í veg fyrir óánægju þá, er að öðrum kosti opt gæti hreift sér þegar jafna skyldi niður fátækra útsvarinu einungis á hvern hrepp fyrir sig eptir nýju löggjöfni um þetta efni. Þar á ofan hélt nefndin, að hægra myndi veita hverjum hrepp sér í lagi að koma í betra horf efnum sjálfs sín, því opt væri þeim ekki eins varið í báðum, — stjórnin yrði brotaminni og stjórnendur fátækra málefna fengi meira ráðrúm og næði og meiri festu í störfum sínum enn ella; svo mætti og gjöra ráð fyrir, að þeir grandgæfilegar myndi leitast við að aþtra óhægindum þeim, er leiðir af ofmiklu frelsi er menn hafa að setjast að í grend við kaupstaðinn.

Nefndinni þótti því ráðlegt, einsog áður var á vikið, að fátækra málefni Reykjavíkur væri skilin frá fátækra málefnum Seltjarnarness hrepps, sendi þessvegna athugasemdir nokkrar, er þeir vildi að frumvarp það, er fógetinn og bæjarfulltrúarnir höfðu samið, væri lagað eptir, ef fallist yrði á álit nefndarinnar.

Kanselliinu fannst samt sem áður vera tvísýni á, hvort frumvarp það, er því var sent, og að nokkru leiti var lagað, eptir tilskipun 23. Octóber 1837, myndi vera haganlegt fyrir Reykjavík þegar gætt er að, hve langt er á milli Danmerkur og Reykjavíkur, hve litill bærinn er og fámennur, og umframm alt, þegar lítið er til, að réttarhag borgarastéttarinnar þar er alt öðruvisi varið enn í kaupstöðunum í Danmörku

Verzlunarmennirnir eru þeir einir, sem borgarar eru, og verða þeir að taka borgara bréf í Reykjavík, og þar það væri að óttast að færi það yrði látið ónotað, sem gefið væri iðnaðarmönnum og húseigendum til að taka borgara réttindi, vegna byrði þeirrar er með þeim fylgdi, þá myndi borgara stéttin verða æði fámenn, og þar að auki myndi fæstir af borgurunum verða innlendir. Vegna þessa, þó ekki hefði verið annað, þótti kanselliinu ekki tiltækilegt að fara því á flot, að konungur gæfi út tilskipan, sem byggð væri á frumvarpi nefnd-

arinnar; en það, sem gjörði það öldungis óumflýanlegt, að nefndin færi betur í málið, voru skýrslur þær er amtmáðurinn sendi kanselliinu um aðskilnað á fátækra málefnum Reykjavíkur bæjar frá fátækra málefnumum í Seltjarnarness hrepp.

Álit hreppsmanna, sem fengið hafði verið, laut að því að aðskilnaðurinn að sömmu myndi verða haganlegur fyrir hreppinn, en þó með því skilyrði að fjármunum þurfamanna og útsvari til þeirra væri skipt eptir rétti og sanngirni. Reykjavíkur fulltrúarnir höldu þar á móti, að aðskilnaðurinn myndi verða æði þingbær fyrir bæinn, og að minsta kosti ætti hann ekki að verða nema með því móti, að þinghá bæjarins væri látin vera hún sama og hún áður hefði verið. Að sömmu hélt amtmáðurinn, að bærin ekki myndi hafa mikinn óhag á aðskilnaðinum, og myndi hann framfar verða til góðs, einkum þegar lítið væri til stjórnar fátækra málefna og umsjónar þeirrar er við þarf að hafa. En Kanselliinu fannst það þó ísjárvert, einsog þá var komið- málum, að beiðast aðskilnaðar þess á fátækra málefna stjórninni er um hefir verið rætt.

Þessvegna var nefndin beðin að yfirvega mál þetta á ný, og senda það svo aptur kanselliinu ásamt athugasemdum þeim er nefndin en gæti fundið, og var henni undir eins skýrt frá, hvað kansellið hefði fundið athugasvert við hverja einstaka grein í frumvarpi hennar

Þegar nefndin, eptir því sem nú var sagt, hafði á ný rætt mál þetta á fundi, sendi hún kanselliinu nýja álitsskrá um það, ásamt álitum því er bæjarstjórnir og þáverandi stjórnendur fátækra málefna höfðu gefið skriflega, og einkum snerti aðskilnað fátækra málefna í kaupstaðnum Reykjavík og Seltjarnarness hrepp.

Stjórnendur fátækra málefna stóðu fast á því, að bezt væri að sundra fátækra málefnumum, og skipta bæði fjármunum og útsvörum, er bærin og hreppurinn ætti í sameiningu, eptir sama jöfnuði, sem er milli 26 og 11, því bæði væri það rétt þegar borið væri saman fátækra útsvör bæjarins og hreppsins um seinast umliðin 12 ár, og líka stæði það heima við fólkstóluna á báðum stöðum, og hélt nefndin, að nefnd manna, er til þess væri kjörin, gjörði aðskilnaðinn, en í henni ætti að vera fátækra stjórnin sem þá var, og nokkrir dánnumenn, er amtmáður kysi til þess. Bæjarstjórnir létu sér nægja að

drepa á, að yrði nokkuð af aðskilnaðinum, þá féllist þeir öld-  
úngis á það sem fátækra stjórnendurnir hefði sagt.

Nefndin kammaðist að sönnu við, að útaf aðskilnaðinum,  
einkum fyrst í stað, myndi rísa margvislegur vafi sem ekki  
yrði hægt að leysa úr, en hélt þó að hann framar yrði til  
góðs, og því hefði hún hvað eptir annað mælt framm með  
því, að hann yrði. Hvað skiptin á eigum fátækra og útsvari  
til þeirra snerti, þá þóttist nefndin vera á sama máli sem  
fátækra stjórnin, og fannst henni einnig óskarad að nefnd  
væri sett til að skipta, og að í henni sæti þeir, sem fátækra  
stjórnendurnir hefði stúngid uppá.

Eptir því sem mál þetta nú hefir verið skýrt, og eink-  
um þareð bæjarfulltrúarnir voru farnir ofanaf því að leggja  
ámóti aðskilnaði þeim er um hefir verið rætt, auk þess að  
rentukammerið einnig var því meðmælt, að honum yrði framm-  
gengt, virtist kanselliinu nú ekki þurfa að horfa í aðskilnað  
fátækra málefna bæjarins og Seltjarnarnesshrepps, og var  
það þá einnig á því, að bezt myndi, að fara að ráð-  
um nefndarinnar í því, hversu fara skyldi að koma honum  
á. Reglugjörð sú, er kansellið hefir búið til, er því löguð  
eptir frumvarpi hennar.

Að því leiti sem kansellið í bréfi því er áður var nefnt,  
og sem skýrði nefndinni frá hversvegna kanselliinu hefði  
þótt ísjárvert að frumvarpið yrði lögleitt einsog það var, hafði  
efast um, að frumvarpið myndi eiga við eptir því sem bæn-  
um nú væri háttad, þá gat nefndin þess, að það myndi koma  
sér vel fyrir bæinn, ef frumvarpið væri lögleitt einsog það  
var, því með því myndi komast betri regla og betra lag á  
málefni þau er mest væri áriðandi bæði fyrir Reykjavík og  
Seltjarnarnesshrepp. Á hinn bóginn fannst nefndinni nauð-  
syn bera til, að allir dugandismenn í bænum ættu svo greið-  
an aðgáng, sem færi væri á, til að taka þátt í stjórn bæ-  
armálefnaanna, og þótti henni því vel hlýða, að öllum þeim,  
er ætti timburlús eður steinhús í Reykjavík, sem væri 500  
dala virði, hvert sem þeir hefði gjörst borgarar eður ekki,  
væri leyft að taka þátt í bæjarmálefnum, einúngis að þeir  
búi í sjálfum bænum, eður í landeign hans, og skyldi þá  
mega velja húseigendur þessa fyrir bæjarfulltrúa, en þó með  
því skilyrði, einsog auðvitað er, að þeir hafi alla þá kosti  
til að bera, sem til þess þurfa.

Þar nefndin nú, einsog áður er sagt, hafði játad, að nauðsyn væri að breyta frumvarpinu og laga það eftir athuga sendum þeim er kansellið sendi henni, og kansellinu nú ekki framfar gat fundist neitt ísjárvert, að frumvarpið væri leitt í lög, og þareð nefndin loksins hafði verið svo föst á því, hve æskilegt það væri, að bærim fengi sér reglugjörð, er að mestu leiti væri löguð eftir frumvarpi því er hún hefði sent — þá varð kansellið einnig að fallast á, að þetta myndi vel tilfallið; og lagði það því fyrir konung frumvarp til reglugjörðar fyrir stjórn bæjarmálefnaanna í Reykjavík, er lagad var eftir því sem hér hefir verið sagt. Frumvarpinu lét kansellið fylgja þessar athugasemdir.

um 1. grein. Grein þessi, er mjög er svipuð 1. grein í tilsk. 24. Október 1837, er að mestu leiti samín eftir frumvarpi nefndarinnar, og hefir því að eins verið bætt við, hvenær aðskilnaður á fátækra málefnum hreppsins og bæjarins skuli verða, því það þótti nauðsýulegt, einkum þegar gætt væri að verkun þeirri, er aðskilnaðurinn mundi hafa á rétt manna til uppheldis á sveitinni; það er einnig tekið til í greininni, hversu skipta skuli fjármunum þeim og útsvari, er til þessa hefir verið sameiginlegt. Þareð stjórnendur fátækra málefnaanna nú væru 5, hélt kansellið, að þeir sem skipta ætti með henni, ekki ætti að vera færri, og réttast myndi vera, að 3 af hreppsmönnum væri til þess kjörnir, þareð stjórnendur fátækra málefnaanna, einsog nú væri ástatt, væri færri af hreppsins hálfu enn af bæjarins.

um 2. grein. Að því leiti grein þessi ákvarðar, að fulltrúarnir skuli vera 6, hafði kansellið í bræfi því, er áður er um getið, drepit á, að þegar búit væri að skilja fátækra málefni hreppsins og bæjarins að, myndi fulltrúarnir ekki þurfa að vera fleiri enn 5; en af því nefndin var á því, að ekki myndi ráðlegt að fulltrúunum yrði fækkað, þar tómt húsmennirnir allt að einu ætti að hafa rétt á, að velja sér fulltrúa, lét kansellið greinina vera einsog nefndin hafði stúngið uppá; að öðru leiti ber greininni saman við frumvarp nefndarinnar, að því eina undanskildu, sem beinlínis leiðir af aðskilnaðinum, að þeim er fasteign eiga, er með

vissu skilyrði gefinn kostur á að taka þátt í stjórn bæjarmálefna, hvort sem þeir eru borgarar eður eigi.

um 3. grein. Þessi grein, sem ákvarðar, hverjir velja skuli fulltrúana, og svarar til 3. greinar í tilsk. 24. Október 1837, er einsog hún var í frumvarpi nefndarinnar, en orðatiltækjum er þó lítið breytt.

um 4. grein. Líkt því sem fyrir er mælt í tilsk. 24. Október 1837, 4. gr., ákvarðar þessi grein í nefndar frumvarpinu, að allir þeir sem eiga hús í Reykjavík eður í landeign kaupstaðarins, skuli, þegar þeir eiga heima í bænum, eiga kost á að gjörast borgarar og sverja borgara eið, og það hvort sem þeir væri í nokkrum atvinnuvegi eður eigi; en að þeir aptur skyldi taka þátt í öllum þeim skyldum, er borgurum á herdum liggja, einsog þeir með því að gjörast borgarar, fengi færi á að taka þátt í bæjarmálefnum eptir því sem fyrir er mælt í reglugjörðinni.

En í bréfi því er kansellið ritaði nefndinni, og hvers áður er getið, sagði það sér þætti ekki ólíklegt, að flestir myndi óttast meira byrði þá og skyldur er borgararéttindin legði þeim á herðar, em svo að þeir sæktu eptir hluttekningu þeirri í meðferð bæjarmálefnum, og álitu því er þeim fylgði, og þar iðnadmenn ekki væri skyldir að gjörast borgarar, þá væri það einungis verzlunarmennirnir er þetta væri gjört að skyldu, og væri þá hætt við, að þeir einir myndi ná ráðunum. Nefndin féllst á athugasemdir þessar, og hélt því, að nauðsýn myndi verða, að gjöra alla kjörgenga, svo þá megi velja til fulltrúa, er ætti timburhús það eður steinhús, í Reykjavík, er væri 500 dala virði, hvort þeir væri borgarar eður ekki, ef þeir að eins byggi í bænum eður á landeign hans.

Að þessu gat kansellið ekki fundið, en af ástæðum þeim, er nefndar hafa verið, og af því það myndi þykja kynlegt, ef sá er kjörgengur vildi vera, ekki þyrfti að taka borgarabréf, en hinn, er þátt vildi eiga í kosningum yrði að gjöra það, þá hélt kansellið á hinn bóginn, að þeir, er timbur - eða steinhús ætti, er minna væri verð, ætti að hafa kosningarrétt, og væri það þá sjálfsagt, að þeir yrði að

hafa alla þá kosti til að bera, er reglugjörðin kvæði á, en þyrfti að eins ekki að gjörast borgarar. Eptir þessu, sem nú hefir verið sagt, er greinin skráð (sbr. 6. grein), og þótti vel henta að bæta því við, að tilskipanir þær, er um borgararéttindi eru gjörðar og enu er farið eptir, skuli frammvegis vera í fullu gyldi, og að þeir, er borgarar sèu, hafi kosningarrétt og kjör-gengi eptir því sem fyrir er mælt í reglugjörðinni.

Eptir 5. grein í frumvarpinu einsog það var lagað í upphafi, skyldi sá, er borgari vildi verða, auk þess að hann hefði náð fullum lögaldri og ætti heimili í Reykjavík, sanna:

- 1) að hann hafi ekki verið settur í þrælkunar eða betrunarhúss erfiði, eður sætt nokkurri þeirri hegningu, sem eptir tilks. 24. Janúar 1838 er lögð á í stað erfiðis í fangahúsum;
- 2) að hann ekki sè skyldur að taka þátt í landvörn, ef hann er fæddur í Danmörku og
- 3) að hann hafi sagt sig úr borgara röð, ef hann hefir verið borgari í dönskum kaupstað, og gjört grein fyrir og skilað af sèr því er hönum hefir verið trúað fyrir.

Kauselliinu þótti ekki hæfa, eður nauðsýn vera á, að sanna það sem tilgreint er í 1. og 2. atriðinu; það var þar að auki aðgætanda, að húsaeygnin eintóm veitir borgararéttindi, einsog áður er sagt, án þess þörf sè á að taka borgarabréf.

Ekki þótti heldur eiga við aðhalda ákvörðun þeirri er segir, að iðnaðarmenn þeir, er þátt vilja taka í meðferð bæjarmálefna, sè skyldir að sanna með meistara smíð nokkurri, að þeir kunni vel iðn þá er þeir stunda. Því þegar hverr maður getur stundað iðn þá í Reykjavík er hönum lízt, án þess að gjörast borgari, og án þess að gjöra smíðisgrip, sem sèð verði á, hvert hann sè vel fær í iðn sinni, þá væri það kynlegt, ef menn, einúngis til að fá rétt til að fara með málefni bæjarins, ætti að sanna að hann væri vel að sèr, og væri þá einnig hætt við, að enginn iðnaðarmaður fengist til að gjörast borgari.

- Nefndin og bæjarfulltrúarnir fèllust á athugasemdir þessar, og varð því ekki eptir af 5. greininni í frumvarpinu annað en það sem hæglega varð komið inn í 4. greinina, og kemur hún þannig, einsog hún nú er orðuð, í stað 4. og 5. greinarinnar í frumvarpinu.
- um 5. grein. Fyrsta atriðið í þessari grein er tekið úr 6. grein í tilsk. 24. Október 1837, og er henni ekki breytt nema að því leiti 4. grein frumvarpsins útheimtir; en þó þótti betur hlýða að tilgreind væri tilsk. 24. Janúar 1838, 4. gr., a, fyrst opið bréf 29. Október 1824 hefði verið nefnt. Þar að auki fannst kanselliinu ráðlegast að klausuuni í 6. grein nefndarfrumvarpsins væri sleppt, en hún kveður á, að sá, er úr bænum fer, og er í burtu heilt ár, án þess að hafa gjört ráðstöfun fyrir greiðslu þess, er hönum ber að svara, skuli hafa fyrirgjört borgararétti sínum; því ákvörðun þessi er hvorki í tilsk. 24. Október 1837 nè 1. Janúar 1840, og á heldur ekki í raun og veru neitt skilt við skipan bæjarmálefna.
- um 7. grein. Þessi grein er orðrètt tekin úr 8. gr. í tilsk. 24. Október 1837, og öldungis eins og 8. gr. í frumvarpi nefndarinnar; þótti kanselliinu hún mega vera óumbreytt, þó ýmsar ástæður væri fyrir því, að tómt-húsmáðurinn ekki skiptist til við hina.
- um 8. grein. Að því leiti sem fyrir er mælt í 9. grein í frumvarpi nefndarinnar, er svarar til þessarar greinar, að þeir, sem nú eru bæjarfulltrúar, skuli fara frá þegar hiir nýu fulltrúar verði valdir, nema þeir hafi það til að bera, er heimtað er í 7. grein, sem nú er hin 6., þá stóð þetta ekki heima við tilsk. 24. Október 1837 eður 15. grein (sem nú er hin 14.) í frumvarpinu sjálfu. Þareð það heldur ekki varð sagt nema í óeiginlegum skilningi, að fulltrúar þeir, er nú eru, ætti að halða sýslu sinni, þangaðtil valið yrði á ný, þegar enginn þó á að fara frá alt til þess tíma, þá var grein þessi orðuð öðruvisi enn í frumvarpi nefndarinnar, og löguð eptir því sem nú var mælt.
- um 9., 10. og 11. gr. Greinir þessar eru 10., 11. og 12. grein í frumvarpi því er kanselliinu var sent, og eru þær að mestu leiti einsog 10., 11. og 12. grein í tilskip. 24.

Október 1837, nema hvað litið eitt varð að breyta þeim bæði vegna þess, að allir þeir, er kosningarrétt hafa, eigi geta heitið borgarar, og líka vegna þess hversu ástatt er í Reykjavík.

- um 12. gr. 13 greinin í frumvarpi nefndarinnar er að mestu leiti skráð einsog 13. grein í tilskip. 24. Október 1837; en af því Ísland liggur í fjarska, þótti kanselliinu óráðlegt, að amtmaður ekki væri látinn eiga valð á að skera úr, hvort kosningarnar væri lögættar, og féllst nefndin einnig eptirá á það; þessvegna var greininni breytt þannig, að hún nú veitir amtmanni þennan rétt, en þó svo, að þeir sem hlut eiga að, meiga alt að einu bera málið undir kansellið.
- 13., 14., 15., 16. og 17. grein eru einsog 14., 15., 16., 17. og 18. grein í nefndarfrumvarpinu, að undanteknum einstöku breytingum er leiddi af því, er áður hefir verið breytt í frumvarpinu, og frá hefir verið skýrt; greinirnar samsvara þar að auki að mestu 14., 15., 16., 17. og 18. grein í tilsk. 24. Október 1837.
- um 18. gr. Grein þessi samsvarar 19. grein í frumvarpi nefndarinnar, og er hún einnig að miklu leiti svipuð 19. grein í tilsk. 24. Október 1837, þó er sumu sleppt úr henni, af því það á ekki við í Reykjavík, einnig þurfti greinin í frumvarpinu litlefjörlegrar breytingar við vegna þess, að opið bréf 29. Maí 1839 um bygginga nefnd í Reykjavík hefir komið út síðan frumvarpið var samið.
- um 19. gr. Þetta er 20. greinin í frumvarpi nefndarinnar, og hún að mestu samhljóða 20. gr. í tilsk. 24. Október 1837. Þó er bætt við ákvörðun nokkurri um það, hve miklum hluta af útgjöldum bæjarins skuli skipta niður á byggingar og hve miklu eptir efnahag og atvinnu; þarðauki setur greinin þá skipan, — og að því leiti er hún ólík tilskipan þeirri er áður var nefnd, — að athugasemdir þær, er amtmaður gjörir viðvikjanði því, hvemikið ætla eigi til útgjalða bæjarins, skuli vera regla er eigi má frá vikja það árið, sem áætlun þessi snertir; og eru breytingar þessar gjörðar af því þær þóttu eiga við í Reykjavík.
- um 20. grein. Þessi grein samsvarar 21. grein í nefndarfrumvarpinu; hin síðar nefnda mælti þó fyrir, að gjald-

kæri bæjarins og 3 bæjarfulltrúar skyldi jafna niður skattgjöldum. En kanselliinu þótti vel hæfa, að allir fulltrúarnir væri með í því, ef nefnd sér ekki gæti orðið til þess kjörin, og myndi, ef til vildi, örðugleikar vera á því. Ef það ekki væri haft þannig, myndi það koma fyrir að leysa yrði úr, hvort þessir 3 fulltrúar ætti að taka þátt í að skera úr kvörtunum þeim er risið gæti útaf niðurlögnun bæjarútgjaldanna, eptir því sem ráð er gjört fyrir í 21. grein, eður hvort bæjarfógetinn og helfingur fulltrúa skyldi vera nokkurskonar yfirdómur, er á eptir legði úrskurð á málið, en þetta þótti ekki vel til fallið. Þareð nefndin var samdóma kanselliinu um þetta í álitsskjali því, er hún ritaði seinna, þá var frumvarpi hennar breytt eptir því sem nú var sagt. Að öðru leiti er greinin einsog nefndin hafði tilætlað í frumvarpi sínu, og samsvarar einnig að mestu 21. grein í tilsk. 24. Október 1837.

21. grein er að öllu leiti einsog 22. grein í frumvarpi nefndarinnar, en hún er mjög svipuð 22. grein í tilsk. 24. Október 1837; þó gjörir hún öðruvísi ákvörðun um hversu skera skuli úr kvörtunum manna útaf niðurlögnun útgjalða í þarfir bæjarins, og kemur það til af því, að öðruvísi er ástatt í Reykjavík enn í Danmörku.
- um 22. gr. Þareð opið bréf kom út 2. April 1841 um rífkun fjárnámsréttarins á Íslandi, sleppti kansellið atriði því í 23. grein nefndarfrumvarpsins, er kvað á, að gjöld bæjarmanna, þau er greiða á í bæjarins, þarfir, skuli heimta á sama hátt sem þesskonar gjöld eru heimt í dönsku kaupstöðunum. Að öðru leiti er greinin orðrætt tekin úr frumvarpi nefndarinnar, og er hún einnig mjög svipuð grein þeirri í tilsk. 24. Október 1837, er henni samsvarar, að smábreytingum nokkrum undanteknum, sem að líkindum ekki verður fundið að.
- 23., 24. og 25. gr. eru teknar úr frumvarpi nefndarinnar, og eru þær þar 24., 25. og 26. grein; þær eru og skráðar líkt tilsk. 24. Október 1837, en þó ekki eins, og kom það að nokkru leiti til af því, að Reykjavík er öðruvísi varið en kaupstöðunum dönsku, og var því, meðal annars, sleppt ákvörðun þeirri úr 23. grein, að fjárvörzlu-

maður bæjarins skuli setja borgun fyrir því er hann hefir undir hendi.

Hinu konúnglega rentukammeri, er kansellið hafði skrifað á við um mál þetta, þótti einnig breytingar þær vefallnar, er kansellið hafði gjört í frumvarpi nefndarmanna.

Undireins og kansellið lagði reglugjörð þá, er það hafði ritað og áður er um getið, fyrir konúng, sagðist það halda að réttast myndi vera, að láta alþing segja upp álit sitt um hana; féllst konúngur allramilðilegast á það, og staðfesti frumvarp það, er áður er nefnt, 23. Maí 1843, einsog það nú verður sent alþingi.

## V.

### F r u m v a r p

til tilskipunar er nákvæmar tiltaki það sem fyrir er mælt í reglugjörð 17. Júlí 1782.

#### 1. grein.

Líksaungs eyrir skal á Íslandi goldinn 6 álnum í landaurum. Sè súngið yfir sveitar ómaga, skal gjald tekið af því er afgangs verður af eignum hans þegar sveitin hefir fengið endurgoldið það er til hans var kostað; verði enginn afgangur, skal eigi gjalda líksaungseyri. Mælist þeir, er hlut eiga að máli, til að presturinn haldi líkræðu, tekur hann borgun fyrir það sèr í lági, er sæmileg sè og eptir efnun.

#### 2. grein.

Fyrir hjónavígslu skal gjalda að minnsta kosti 12 álnir, fyrir barns skírni 4 álnir minnst, og 2 álnir fyrir að leiða í kirkju, og fyrir fermingu að minnsta kosti 12 álnir. Þegar presturinn á að vitja sjúkra í sókn sinni, skal fá honum fylgdarmann báðar leiðirnar, en hesta leggur presturinn sèr sjálfur til. Eigi hann að fara sjóveg hefur presturinn flutning ókeypis, báðar leiðir.

#### 3. grein.

Stiptamtmaðurinn á Íslandi og biskupinn, amtmennirnir, forseti og meðdómendur í hinum konúnglega íslenska landsyfirrétti, landfógetinn, sýslumenn allir, kennarar við latínu skólan, landlæknirinn, og aðrir læknar, er embætti hafa á hendi, og lífsölumenn skulu á ári hverju færa presti offur, er sæmanda sè eptir stöðu þeirra og efnun. Á sama hátt skulu umboðsmenn konúngs yfir eignum hans, og aðrir þjónar, einnig verslunarmenn allir og umboðsmenn þeirra, greiða presti

sínum, að minnsta kosti 2 dali í offur á ári hverju. Svo skal og hverr búandi maður og hverr sá, er á með sig sjálfur, og á 20 hundruð í fasteign, eður í lausafé, eður í föstu og lausu saman, ár hvert gjalda presti offur, er eigi sé minna en 8 álnir; þjónar verzlunarmanna og iðnaðarmenn í kaupþúnum landsins eru og skyldir að greiða offur, það er jafnmikið sé.

#### 4. grein.

Legkaup til kirkju skal greiða fyrir börn yngri en tvævetur 6 álnum, en fyrir eldri 12 álnir. Þegar sveitar ómagi er grafinn, á að fara með legkaup fyrir hann eptir reglum þeim er settar eru í 1. grein tilskipunar þessarar.

#### 5. grein.

Kirkjureikninga alla skal eptir leiðis gjöra eptir silfurverði, og skulu prófastar, þá er þeir skoða kirkjur, og prestar áður þeir semja eður staðfesta eður rita nöfn sín unðir þá, ef aðrir umsjónarmenn kirkna hafa samið, hafa gát á, að þeir sé réttir; skulu þeir gjöra þetta á hverju ári. Komist það upp, að þeir hafi slegið slöku við þessu, skal annarr eður báðir eptir málavöxtum bæta kirkjunni tjón það, er hún þessa vegna hefir orðið fyrir. Fyrir skoðun reikninga þessara skal gjalda presti 3 álna virði af sjóði kirkjunnar; en hafi prestur eignir kirkju að lèni, tekur hann ekkert fyrir að semja reikning hennar. Fyrir skoðun á kirkju hverri tekur prófastur 30 álnir, en að eins 15 þegar kirkjan er lítil og fátæk útkirkja. Þó fær prófastur fyrir skoðun á kirkjunni í Grímsey 60 álnir og prófasturinn í Rángárvalla sýslu fyrir Vestmanneyja kirkju 50 álnir.

#### 6. grein.

Ef gjöld þau öll, sem um er getið í greinunum á undan, ekki eru greidd í góðum og gildum landaurum, skulu þau greidd með peningum eptir meðalverði á hverri álin í verdlags skráum ár hvert.

#### 7. grein.

Af öreigum skulu prestar enga borgun taka fyrir prestsverk þau er nú hafa verið talin, silt fyrir barnsskírni eður að sýngja yfir, og sker amtmaður úr hverjir heita skuli öreigar, þegar menn ekki verða samdóma um það; svo skulu þeir

einnig kljá spurningar þær, er rísa kuma útaf öftri er einhverr á að gjalda eptir því sem fyrir er mælt í 3. grein.

---

## Ástæður

fyrir lagafrumarpi um að ákveða nákvæmar reglugjörð  
17. Júlí 1782 fyrir Ísland.

Árið 1829 stúngu stiptsyfirvöldin á Íslandi uppá því við kansellið að breytt yrði ákvörðunum nokkrum í reglugjörð 17. Júlí 1782 um tekjur presta og kirkna á Íslandi, er ákveður borgun fyrir prestverk nokkur til vissrar upphæðar í dönskum kúranti, eður þá metur hana eptir landaurum, eður að öðrum kosti í dönskum kúranti að upphæð eptir gángverði því sem þá var, þareð nú væri svo farið, ýmsra kríngumstæða vegna, að, þegar goldið væri í peníngum, þá væri það miklu minna em ætlast hefði verið til þegar reglugjörðin var samín.

Þegar kansellið hafði beiðst álits rentukammersins, 'bauð konúngur, eptir fyrirmælum rentukammersins um að prestar á Íslandi fengi styrk ár hvert úr jarðabókarsjóðnum, í úrskurði 14. Júlí 1838, meðal annars að nákvæmar skyldi ihuga, hversu ráða mætti næga bót á kjörum presta á Íslandi t. a. m. með skattaniðurjöfnun á landið sjálft.

Í skýrslum sínum samkvæmt konúngsúrskurði þessum, voru stiptsyfirvöldin og báðir amtmenpirnir því fastlega mótmæltir að leggja nýar álögur á alþýðu í þessum tilgáangi hvort sem væri með því móti að jafnað væri skatti niður á jarðirnar, eður lausafè, eður skattur lagður á verzlun, eður þá aukaskattur almennur; gátu þeir þess að bæði væri skattalög á Íslandi svo flókin, og á svo óhentugum grundvelli byggð, að væri nýum skatti á jafnað, myndi þau flækjast ennþá meir, svo vantaði og hentugan mælikvarða til að niðurjafna þeim, enda myndi slíkar álögur handa prestum verða mjög óvinsælar hjá alþýðu og ef til vildi þaka prestum slíka óvild, að þeir á þennan hátt fremur myndi missa í em vinna nokkuð. Þarámóti stúngu stiptsyfirvöldin og annar amtmananna uppá að umbót á kjörum presta er nauðsyn-

leg þætti, væri gjörð á þann hátt, að borgun sú, er reglugjörð 1782 gjörir prestum fyrir svokölluð aukaverk, yrði færð til hinnar sömu upphæðar, og þá var um það leiti, og myndi slík ráðstöfun eigi verða óvinsæl, en alþýðu myndi þvkja hún sanngjörn.

Hvað borgun þá snertir, er 10. grein í reglugjörðinni ákveður fyrir hjónavígslu, skír, undirbúning undir staðfestingu, og kirkjuleiðslu, þótti stipstýfirvöldunum ráðlegt að frammvegis skyldi farið eptir flokkum þeim er reglugjörðin hefir skipt söfnuðunum í: esnamenn, bjargálmenn í betra lagi, fátæka, og öreiga, og þareð opinberar festar og borgun fyrir þær sem gjörð var jafnmikil og fyrir hjónavígslu, síðar eru afteknar, leizt þeim sanngjarnt að borgun fyrir hjónavígslu væri næstum því tvöfölduð, svo stúngu þeir og uppá töluverðri lækkun á borgun þeirri, er reglugjörð 1782 gjörir fyrir staðfestingar. En Bjarni amtmaður Þórarinsson mælti á móti að frammvegis væri við höfð flokkaskipan sú er reglugjörðin fylgir, bar hann það fyrir, að reglugjörðin tæki eigi til nokkra upphæð á eignum, er skera skyldi úr í hvern flokk setja skyldi sérhver, en af þessu leiddi að bæði yrði mjög torveldt í hvert skipti að fara eptir ákvörðunum reglugjörðarinnar, þegar gjaldsmönnum væri skipt í flokka, svo kæmist og staða prestsins í öfugt horf, og viðskipti hans við sóknarmenn yrði óþægileg, því ef ágreiningur risi milli hans og þeirra um borgun, mætti búast við að hann misti virðingu sína hjá þeim, er miður eru upplýstir, og á hinn bóginn yrði lætt við, ef hann gæfi gjaldsmönnum í sjálfs vald hve mikið þeir vildu greiða, að tekjurnar, sem í raun og veru eru rírar, myndi skérðast ennþá meir, og fyrir slíkum halla myndu þeir kennimenn helst verða sem síst væri eptirgángssamir um borgunina. Þaraðauki gat amtmaðurinn þess að af slíkri flokkaskipan leiddi óréttvísi, því svo bæri við að jafnrikir menn sinn í hverri sókn og stundum í sömu sókn, greiddi borgun fyrir sama verk á ólíkan hátt, allt eptir því hve harðdragir þeir væri. Ekki hélt hann heldur að bera þyrfti kvíðboga fyrir því, að borgun fyrir aukaverk yrði í nokkru þúngbær fátækum mönnum, þó flokkaskipuninni væri kastað, því þó aldrei væri annað, gæti þeir unnið dagsverk fyrir prest, og væri svo ástatt fyrir nokkrum að hann gæti ei goldid á þennan hátt,

mætti gánga að því visu að engin réttisýnn og samgjarn prestur, en svo væri mestur hluti þeirra, myndi krefja hann, og þeir er eptirgángssamir væri, myndi, mannorðs síns vegna, hlífast við hann. Einúngis í borgun fyrir undirbúning barna undir staðfestingu, hélt amtmaðurinn að fara mætti eptir flokkum reglugjörðarinnar þó svo að tiltekin væri mestu og minnstu efni í hverjum flokki sér.

Þegar kansellið hafði fengið þessar skýrslur, leist því að málinu væri svo háttað að áðurenn það yrði útkljáð, skyldi það borið undir embættismannafudina í Reykjavík er sett var með konungsúrskurði 22. Aug. 1838. Í álits-skjali sínu um þetta mál kváðust nefndarmenn eptir nákvæma ihugun vera orðnir á eitt sáttir, um að óráðlegar væri allar álögur á fasteign eður lausafé til að bæta kjör presta, og féllust að mestu leiti á ástæður þær er stipsyfírvöldin og amtmennirnir höfðu fært, og áður er getið. En á hinn bóginn álitu nefndarmenn í einu hljóði hagkvæmast að breyta reglugjörð 17. Júlí 1782 á þann hátt er stípsyfírvöldin og amtmaður Bjarni Þórarínson höfðu stungið uppá þannig: að einúngis tekjur prestanna fyrir aukaverk væri metnar svo, að þær svöruðu upphæð þeirrar borgunar sem reglugjörð 1782 tiltekur, myndi þá tekjurnar komast í það horf sem var þegar reglug. var birt, en rífka töluvert móti því sem verið hefði um 50 umliðin ár.

Fyrir þessa skuld leist nefndinni að stinga uppá að breytt yrði einúngis þessum greinum í reglugjörðinni, nefnil. 9. grein um líksaungseyri, 10. grein um borgun fyrir hjónavígslu, skírn, kirkjuleiðlsu, og fyrir að búa börn undir staðfestingu, 12. grein um offur, 13 grein um legkaup, og 16 grein um borgun fyrir skoðun kirkjureikninga til presta, og til prófafa fyrir skoðun kirkna; þarómóti var það álit nefndarinnar, að 1 grein í reglugjörðinni, er ákveður reglu um almennar tíundir á Íslandi, skyldi standa óröskuð þangaðtil það væri útkljáð hvort breyta skyldi nokkru í skattalögun á Íslandi eður eigi. 2. og 3. grein í reglugjörðinni tiltekur reglur um að heimta tíundir og útiloka tíundarsvík, og 4., 5. og 6. grein ákvarða, hverjir lausir skuli vera við tíund, en einkum ætti prestar að vera lausir við tíund, þegar undanskilin væri fátækra tíund, því mikill hluti af tekjum þeirra sé fólgin í þessum hlunnindum, og væri þau óskært ávisuð þeim í veitugarbréfum þeirra; væri þeir nú

sviptir þessum hlunnindum yrði þeir að fá skaðabætur, en þess væri eigi kostur með öðru móti enu að leggja skatt á alþýðu, og myndi það verða óvinsælt, þar á móti hefði tíundafrelsi presta, er staðið hefði frá alda öðli, aldrei vakið óvinsæld. 7. grein um greiðslumáta á prestatíund og kirkjutíund er þegar tekin af að lögum og venju, því nú er jafnan tíund goldin annaðhvort eptir verðlagsskránni, er boðin var með tilsk. 16. Júlí 1817, eður með landaurum; svo eru og dagsverk þau, er 8. greinin ræðir um, annaðhvort borguð með landaurum eður með peningum eptir verðlagsskránni. Á sama hátt er goldin landskuld af kirkjujörðum, sem getið er um í 11. grein, svo er og ljóstollur, er 13. grein talar um, optast nær greiddur í tólg, en sjaldnar í peningum eptir verðlagsskránni. Nefndinni fannst nauðsýnlegt að legkaupi, er 13. grein í niðurlagi sínu ákveður, einnig yrði komið í hið upphaflega horf, þareð útgjöld kirkna myndi aukast þegar borgun til prófasts fyrir skoðun kirkna, og til presta fyrir skoðun reikninga væri aukin, einsog nefndin síðar stíngur uppá. Það þótti nefndinni sjálfsagt, að 14. grein í reglugjörðinni um vangeymslu á kirkjum skyldi standa óröskuð, svo og 15. grein um skyldur bænda að vinna fyrir kirkju, ásamt ákvörðunum þeim er síðar eru gjörðar um þessa grein. Nefndinni virðist að ítreka skyldi með berum orðum niðurlag 16. greinar um það að prófastar eigi mætti heimta borgun fyrir skoðun þeirra kirkna er ekkert eiga.

Nefndarmenn kváðu í einu hljóði það óráðlegt að veita próföstum flutning ókeypis á skoðunarferðum einsog áður var stungið uppá, því slíkt myndi eigi í nokkru beinlínis auka tekjur þeirra, þareð prófastar allir yrði sjálfir að eiga hesta einsog búandi menn, og líka til að gegna störfum sínum sem prestar; af flutningi ókeypis hefði þeir þá þann einn hag að þeir hlífðu hestum sínum meðan á ferðinni stæði, en slíkt gæti vakið óánægju hjá alþýðu, er álitu það nýja byrði. Nefndin hélt því að hún yrði að stínga uppá að borgun sú, er 16. grein í reglugjörðinni gjörir próföstum fyrir kirknaskoðun, væri hækkuð svo, að hún yrði nokkuð meiri enn hið upphaflega jafngildi hennar, og myndi prófastar í þeim sýslum sem margar kirkjur eru, ekki að eins verða skaðlausir á ferðakostnaði heldur jafnvel vinna töluvert í. Fyrir skoðun á kirkjum í Grimsey og Vestmannaeyum þóttist nefndin verða að stínga

uppá borgun sérilagi, þareð kirkjur þessar myndi sjaldnar verða skodaðar sökum fjarlægðar, og ferðir þángað væri próföstum mjög kostnaðarsamar. Enginn efi þótti á því vera að kirkurnar myndi gæta staðist útgjöld þessi er stungið var uppá að auka, þareð flestar þeirra hefði safnað töluverðu í sjóð sinn þarsem farið hefði verið bærilega með tekjur þeirra, jafnvel þó legkaup sé samkv. 12. grein í reglugjörðinni, hingaðtil að eins goldið með 27 eður 54 skild. fyrir hvern einn eptir aldri.

Samkvæmt því sem sagt er hér að framan, samði nefndin lagafrumvarp þetta um að ákvarða nákvæmar reglugjörð 17. Júlí 1782.

1. grein. Líksaungseyrir sé goldinn með 6 áluum í landaurum. Þegar sveitar-ómagi deyr, skal greiða líksaungseyri af því, sem gengur af eigum hans, þá er fátækra sjóður hefir fengið kostnað sínm bættan, en gáangi ekkert af eigum hans, skal presti ekki borgað. Nú er prestur beðinn að halda líkræðu, og skal honum þá fyrir það sérilagi greidd sæmileg borgun eptir því sem á stendur.
2. grein. Fyrir hjónavígslu sé að minnsta kosti goldnar 12 álnir, og fyrir skírn minnst 4, fyrir kirkjuleiðslu 2 álnir, og 12 álnir sé minnsta borgun fyrir fermingu. Á þjónustuferðum skal presti læður fylgdarmaður báðar leiðir, en hest leggur hann sér sjálfur til; eigi hann að fara sjóveg, fær hann flutning ókeypis báðar leiðir.
3. grein. Stiptsyfirvöldin á Íslandi, amtmennirnir, yfirdómendurnir, landfógetim, sýslumenn allir, kennarar skólans, landlæknirinn, héraðslæknar og lífsöllumenn, skulu ár hvert færa presti offur, er sæmir stöðu þeirra og efnahag. Á sama hátt skulu umbodsmenu og aðrir þjónar konúngs, þá verzlunarmenn allir og búðsveinar þeirra, færa prestí að offri ár hvort eigi minna enn tvo dali. Þá skal og sérhverr húsráðandi, eða hverr einn, er á með sig sjálfur, og á 20 hundrud í fasteign, eða lausum aurum, eða í fasteign og lausum aurum saman, greiða prestí ár hvert offur, það er eigi sé minna enn 3 álnir; og jafnmikið skal vera offur handiðnamanna í verzlunarbæjum.
4. grein. Í legkaup skal greiða kirkju 6 álnir fyrir börn, þau er yngri eru enn tvævetur, og 12 álnir fyrir þá, er tvævetrir eru og eldri. Nú er sveitar ómagi grafim,

og skal þá haga um legkaup á þann hátt, sem mælt er í fyrstu grein lagaboðs þessa.

5. grein. Kirkjureikninga alla skal eptirleiðis semja á þann hátt, að reikna skal eptir silfurverði. Þá er prófastar skoða kirkjur, skulu þeir vandlega gæta þess, að ekki sé falsað; það skulu og prestar gjöra, aður þeir ljúka reikningum sínum, eða staðfesta reikninga hjá umboðsmönnum annara kirkna og rita nöfn sín undir. Skulu þeir gjöra þetta á ári hverju. Nú verður þess vart, að þeir hafa séð í gegnum fingur við aðra, og skulu þeir þá, annarr eða báðir, eptir því hve máli hagar, bæta kirkju tjón það, er hún hefir orðið fyrir. Þriár álnir skal greiða presti fyrir skoðun á kirkjureikningum, og skal það fè taka af sjóði kirkju; en er prestur hefir eignir kirkjn að veitingu, þá skal hann kauplaust semja reikninga hennar. Prófasti skal greiða 30 álnir fyrir skoðun á aðalkirkju hverri, en 15 álnir fyrir útkirkjur. Þó fær prófastur 60 álnir fyrir Grimseyjarkirkju, og prófasturinn í Rángárvallasýslu 50 álnir fyrir Vestmannaeyjakirkju.
6. grein. Nú eru álnir þær, er nefndar eru hér að framman, eigi greiddar í góðum og gildum landaurum, og skal þá lúka þeim í peningum eptir meðalverði verðlagsskránnar á ári hverju.
7. grein. Ef ekki er fúslega greidt, það er mælt í lagaboði þessu, þá skal taka gjald það lögtaki er greiða ber.

---

Um ákvarðanir þær, er stúngið er uppá í frumvarpi þessu gat nefndin þess ennfremur, að borgunin sé metin í landaurum eptir álnum, svoað upphæð hennar stæði óhögguð hvort sem vörur hækkudu eður lækkudu í verði. Hvað hún það óskarad ef kostur væri á, að málið væri öllum birt, þareð það snerti almennar reglur um borgum fyrir svokölluð aukaverk og þessvegna um talsverðan hluta gjalds þess er alþýða greiðir; en því myndi trauðlega viðkomið, ef ákvarðanirnar yrði gjörðar í konúngsbréfi.

Að öðru leiti bætti nefndin því við, áhrærandi 2. og 3. grein í frumvarpinu, þar sem stúngið er uppá minnsta gjaldi fyrir hjónavígslu, skírn, kirkjuleiðslu, staðfestingn og offur,

að nauðsýnlegt hefði virðst að sleppa flokkaskipun þeirri er hingaðtil hefði á verið, og stíptisyfirvöldin hefði haldið, er aðgreinir gjaldsmenn í "efnamenn", "bjargálmenn" og "fátæklinga", þaræð skipti þessi, einsog amtmáður Bjarni Þórarinsson hefði útlistað í álitsskjali sínu, og nefndin að mestu leiti hefði fallist á, hefði gjört viðskipti prests og sóknarfólksins ískiggi leg, og hverr réttsýnn kennimaður jafnan muni vilna fátæklingum í um gjaldið, þegar það er of þungbært. Að lokum bætti nefndin því við um uppástúngu sína í 1. grein í frumvarpinu, um borgun til handa prestum fyrir að jarða sveitarómaga, að einsog það væri ósæmilegt mjög að prestar, þegar svo stæði á, hefði fátækra sjóð að fè, svo væri það á hinn bóginn óréttvíst, þegar fátækra sjóð væri borgað, og þó gengi af eignum hins dána, að prestar mistu borgun þá er þeir ætti, því á þann hátt greiddu prestar aukaútsvar til fátækra, auk þess er þeim ber að gjalda ár hvert ásamt öðrum sveitarmönnum.

Samkvæmt því er tilgreint var í skýrslum þeim er sendar voru um aðferð þá er hafa ætti við í því að bæta kjör presta, leitst kanselliinu að hentugast myndi vera að hækka borgun fyrir aukaverk, þótti því það og vera mjög samngjarnt að prestar fái þá borgun er fyrrmeir hafi þótt sæmileg, en þeir nú um lángan aldur hafi farið á mis við og á hinn bóginn væri það líklegt að bændur íslenzkir stæðust að greiða gjald það fyrir aukaverk, er þeir hefði goldið fyrir rúmum 50 árum.

Áhrærandi uppástúngu nefndarinnar um að taka af flokkaskipun þá er 10. grein í reglug. 1782 setur, er borga skal eptir gjald fyrir aukaverk einsog hverr er efnaður til, en að tiltaka skyldi hina minnstu borgun jafnt fyrir alla, og lita einkum til þeirrar borgunar, er efnamenn greiða nú sem stendur — þá játaði kansellið því reyndar, að slík flokkaskipun væri ókostum undirorpin, einkum vegna þess að optlega myndi veita óhægt að skera úr því í hvern flokk setja skylði sérhvern (því um það gefur reglug. enga bendingu), svo væri og líklegt að flokkaskipun þessi gjörði stöðu presta óþægilega, og yrði einkum þeim til boga er linast gengi eptir; en á hinn bóginn virðtist þó mjög isjárverðt að hafa ekkert tillit til efna, einsog gjört hefir verið hingaðtil, en gjöra öllum jafna borgun án þess að gæta að efnum þeirra, gæti af því leidd auðveldlega, að fátæklingum yrði ofhöðið, ef gjaldið væri eigi gjört svo lítið, til að

komast hjá þessu, að prestar hefði engan hag af slíkri breitingu. Þessu var nú reyndar eigi svo háttáð samkvæmt uppástúngu nefndarinnar en þaræð minnsta borgun er hún hefði tiltekið, væri töluvert meiri enn fyrsti flokkur eða efnamenn hafa goldið hingaðtil, væri hætt við að gjaldið yrði ofþungbært fátækum mönnum.

Kansellið þóttist því ekki sjá að nægar ástæður væri til, að minnsta kosti fyrst um sinn, að gjöra nokkra breitingu í ákvörðunum reglugjörðarinnar, því bæði væri líklegt að þær myndi hafa náð föstum og traustum grundvelli, er þær hefði haft lagagylti um svo mörg ár, enda hefði og stíptsyfiröldin haldið þeim í uppástúngu sinni án þess að gjöra við þær athugasemdir.

Þetta álit kanselliisins fékk og samþykki konúngs, því með úrskurði sínum 27. Maí 1842 ákvað hann allranáðugast, að borgun fyrir aukaverk þessi: hjónavígslu, skírn, kirkjuleiðslu og staðfestingu skyldi frammvegis goldin eptir flokkaskipan þeirri, er upphaflega var sett, þó svo, að hún væri metin í landaurum eptir verðlagi því sem var 1782, nefnilega hver fiskur á 2½ skilding, eður alin hver á hálfan 5 sk., skyldi og borgun fyrir önnur störf goldin eptir sama mælikvarða. Þessar ákvarðanir voru teknar í lagafrumvarp það, er konúngur samþykkti og borið var undir þingið í Hróarskeldu 1842; er það síðar orðið að lagaboði.

Jafnvel þó þingmenn í Hróarskeldu fellust á það fullkomlega, að prestar á Íslandi fái hið bráðasta tekjur þær sem frumvarpið talar um, eptir gylti því er þær í raun og veru hafa, og höfðu upphaflega, þóttust þeir þó eigi hafa svo nákvæma og skíra þekkingu um hvernig ástatt væri á Íslandi, að þeir gæti stungið uppá öðrum eður fleiri breytingum í reglug. 1782 og fært rök fyrir, reðu þeir því til að frumvarp það er borið var undir þá, væri gjört að lagaboði, en yrði þó borið undir alþing, þegar það kæmist á, frumvarp til nákvæmari tilskipunar um þetta efni, eða að þingið væri beðið að gjöra uppástúngu því viðvikandi.

Þessar tillögur þingsins miðuðu til alls hins sama og stjórnin ætlaði, fellst því konúngurinn á þær, og bauð kanselliinu að semja nákvæmari uppástúngu um fullkomnari tilskipun um þetta efni. En vegna þess kanselliid sökum ókunnguleika um hversu háttáð væri til á Íslandi treysti sér ekki

til að semja slíka uppástúngu, áleit það ráðlegast að hafa til undirstöðu frumvarp þar, er embættismanna-nefndin íslenska í Reykjavík hafði samið; en með því frumvarpið þótti í ýmsu ísjárvert, og einkum þótti hætt við að borgun fyrir ýmisleg aukaverk væri sett svo hátt, að fátæklingum yrði hún öfþingbær, voru stiptsyfirvöldin á Íslandi beðin að ráðgast um við skinsama menn, og gefa álit sitt um, hverjar breytingar þeim litist vankvæða þessara eða annara hluta vegna ráðlegar að gjöra í frumvarpi nefndarinnar íslensku, áður en það væri lagt fyrir alþing. Einkum var áhrærandi borgun fyrir hjónavígslu er frumvarpið stingur uppá, á það bendt, að þó nefndin hefði gjört hið minnsta gjald herra enn hið mesta er reglug. 1782. tiltekur, enda þó metið sé í landaurum eptir verðlagi því sem þá var, og borið það fyrir sig að opinberar festar sé nú afteknað, þá verði þessi ástæða þó eigi álitin fullgyld, þaræð fyrir laungu sé með góðum rökum ákveðið að prestar geti enga þóknun heimtað fyrir starf það er ekki þykir lengur þörf vera á. Þess var og getið, að frumvarpið um hátiðaoftur í 3 grein frumvarpsins, eigi virðist að öllu leiti geta staðið óraskað. Sumum af þeim sem þar eru nefndir, er gjört að borga einungis sama gjald sem konungsbréf 4. Júní 1790 tiltekur; en auk þess að oftur það, sem þar er gjört kaupmönnum, í frumvarpinu er látið ná til allra verzlunarmanna og búðsveina, og þeir sem eiga 20 hundruð í lausu fé eru gjörðir jafnir þeim er jöfn mörg hundruð eiga í fasteign, eður þá bæði í lausu fé og fasteign saman, og allir þeir sem sitja í atvinnuvegi eru taldir í þessum flokk, þá er borgunin lækkuð frá 3 mörkum til 7 marka á ári hverju, jafnvel þó reikningur sá, sem farið er eptir í tilskipun 8. Márs 1843 að öllum líkindum eigi ekki við í þessu, þaræð konungs bréfið 1790 birtist nokkru eptir að verzlunin var látin laus, sem var ein aðal orsök til þess að gjöld þau er reglugjörð 1782 tiltekur, lækkuðu, og um það leiti voru vörur, ef til vill, í fullt eins góðu verði og nú, og jafnvel þó slíkur mælikvarði eigi ekki við oftur þess flokks er fyrrum var gjört að borga 4 mörk hverja hátið. Samkvæmt uppástúngu nefndarinnar voru sýslumenn og fleiri er verið höfðu í flokk þessum, teknir úr honum, og einungis gjört að skyldu ásamt stiptsyfirvöldunum, amtmönnum og öðrum, að offra sæmilega. Þetta átti reyndar að benda á að þeir skyldi offra meiru, en virðist þó þeim miskliðum undirorpið að þeir, er

gjald eiga að greiða, komast í vanda, og geta af því risið auðveldlega óhægindi og flækjur, og á hinn bóginn myndi alþýða þó álíta það svo sem einkaleifi er helðri mönnum væri gæfið. Það þótti því betur hlýða að þessir allir væri taldir með þeim, er gjalda eiga 2 dali á ári hverju, en þó mætti geta þess, að þaræð offur það, er þannig er ákveðið, einungis er jafnhátt því, sem almennt lagaboð er um gjort að prestar eigi rétta heimting á, sè þess vonanda að gjaldsmenn allir, þeir er færir eru til, muni borga rifar eptir stöðu sinni og efnun.

Ennfremur þótti nauðsýn tilbera að sú ákvörðun væri gjörð að minnsta kosti um skírn og staðfestingu, að öreygar væri lausir við að borga þessi prestsverk, og ef svo stæði á að nokkurr neitaði að borga presti, og bæri fátækt fyrir sig, en presti þætti þó eigi vera ástæða til að gefa eptir gjaldið, skyldi prestur þó engu að síður skyldur að gjöra prestsverkið, en síðar gæti hann borið upp málið fyrir amtmanni, en amtmaður skyldi úr því skera hvort greiða ætti gjald, og væri svo, skyldi það taka lögtaki; svo skyldi og amtmaður skera úr efasemdum þeim, er risið geta útaf offri því, er einhverjum ber að gjalda eptir flokkaskipun þeirri, sem sett er. Að lokum var þess getið, að 1. og 4. grein í frumvarpinu lýsi stakri ósanngirni við fátæklinga, ef farið sè eptir því í einstökum greinum, þar sem ætlast sè til að bú sveitarómaga borgi þegar gáangi af eigum hans, og fátækra sjóður hefir fengið það sem hönum ber; virðist því að þessu einnig skyldi breyta.

Stiptsyfirvöldin á Íslandi beiddust álits hinna skynsömustu manna, er ekki sátu í nefndinni, og nokkurra þeirra er í henni voru, og gjörðu síðan um prestsverk þau, er frumvarpið talar um, þessar athugasemdir:

1. Fyrir líksaung, hjónavígslu, skírn, undirbúning undir staðfestingu, kirkjuleiðslu, í legkaup, fyrir skoðun presta á kirkjureikningum, kirkjuskodun prófaste, verður eigi stúngið uppá hæfilegri borgun, ef víska borgun skal ákveða, enn gjört er í greinum frumvarpins, er og slík borgun nú greidd optastnær fyrir einstök prestsverk, einsog sèst af skýrslum þeim er sendar eru. Reyndar getur borgun sú sem stúngið er uppá, stundum verið einstöku mönnum ofvaxin, og of litil ríkum mönnum, en sama mundi að miklu leiti verða ofaná, ef gjaldsmönnum væri skipt í 4 flokka einsog nú er gjört, kváðu stiptsyfirvöldin flokkaskipun þá svo

óvissa og geta valdið svo miklum efa og þrætu að henni yrði enganvegin meðmæling gefin.

Emfremur gátu þau þess að ef menn álitu nauðsýnlegt að skipa gjaldsmönnum í flokka eptir efnun, þá hlýti menn eflaust að fara eptir slíkri flokkaskipun einungis þegar borga ætti fyrir skirn og staðfestingu, því gjald fyrir það hvorutveggja yrði fátækum foreldrum, er eiga mörg börn, þungbærast, en þó mætti eigi hafa fleiri flokka enn 2, þannig að fátækir greiddu hálfumina enn efnamenn; skyldi þá fyrir skirn gjalda 6 eður 3 álnir, og fyrir staðfestingu 12 eður 6 eptir efnun. Þó heldu stiptsyfirvöldin að menn ætti jafnvel að komast hjá þessari flokkaskipun, og að lúin væri ekki nauðsýnleg þegar minnsta gjald væri ekki gjört hærra enn frumvarpið metur það, einkum ef prestarnir væri áminntir um að ætlast væri til, að þeir lögðu sig eptir ástandi fátæklinga.

Um borgun þá, er stungið væri uppá fyrir hjónavígslu, gátu stiptsyfirvöldin þess, að vel gæti virðst sem 12 álnir væri ofmikið minnsta gjald, en þó bæri þess að gæta, að þegar haft væri fyrir augum að bæta kjör presta, þá væri það helzt borgun fyrir hjónavígslu er meta mætti hátt, svo væri það og orðinu síður að vera rífur í borgun fyrir hjónavígslu, enda væri það bændum hægra, einsog nú stendur á, heldurenn fyrrmeir þegar þeir, einsog fyrir 1782, skömmu fyrir brúðkaupið, urðu að greiða presti gjald þegar festar fóru framm.

Um borgun handa próföstum fyrir kirkjuskoðun, þegar þeir sjálfir leggja sér til hesta, gátu stiptsyfirvöldin þess að kirkjurnar myndi færar að greiða hana, þegar legkaup er hækkað. Auk þess fellust stiptsyfirvöldin á það, er ein af skýrslum þeim, sem sendar voru, stíngur uppá, að samkvæmt því sem reglug. 1782 ákveður, skuli einungis litlar og fátækar útkirkjur komast af með að greiða hið minna gjald (15 álnir).

2. Um offur leizt stiptsyfirvöldunum að þá reglu mætti a hafa, að allir embættismenn konúngs, lifsölumenn, kaupmenn og umboðsmenn þeirra skuli færa presti á ári hverju offur það er sæmir stöðu þeirra og efnahag; svo skuli og umboðsmenn og aðrir þjónar konúngs, þá búðsveinar kaupmanna og hverr húsráðandi maður, hverr sem á með sig

sjálfur, og á 20 hundruð í fasteign eða lausum aurum og fasteign saman, sömuleiðis iðnadmenn, greiða presti ár hvert offur, er eigi sé minna enn 1 rbd. 32 sk., eða ef meta skal í álnum, eigi minna en 8 álnir.

Þó stiptsyfirvöldunum virðist borgun sú tilhlýðileg, er frumvarpið tiltekur fyrir skoðun á kirkjunum í Grímsey og Vestmannaeyum, leizt þeim að skjóta því undir úrskurð kanselliisins hvort vel ætti við í almennum tilskipum að tilfæra slíkar ákvarðanir sérilagi.

Stiptsyfirvöldunum þótti það eiga í alla staði vel við, að borgun sérilagi væri greidd þegar líkræða væri haldin, svo væri og ákvörðunin í 2. grein frumvarpsins um fylgðarmann handa prests og flutning sjóveg, þegar hann er í þjónustuferðum, á góðum rökum byggð.

Um það sem fyrir er mælt í 1. og 4. grein frumvarpsins, viðvikandi líksaungseyri og legkaupi fyrir fátæka, ef nokkuð gengi af eignum þeirra, eptir að fátækra sjóður hefði fengið kostnað sinn bættan, gátu stiptsyfirvöldin þess, að slíkar ákvarðanir væri sprotnar af málum sem í raun rættri kæmi optlega upp.

7. grein í frumvarpinu þótti stiptsyfirvöldunum þarómóti að öllu leiti óþörf, bæði samkvæmt niðurlagi reglugjörðar 1782 og opnu bréfi 2. Apr. 1841.

Að endingu viku stiptsyfirvöldin á, svo sýna það og margar skýrslur er sendar voru, að reyndar myndi bæði prófastar og kirkjur hafa hag af ákvörðunum þeim sem þegar eru birtar í tilsk. 8. Marts 1843, svo og þeim sem nú væri í undirbúningi, en þó myndi trauðlega takast með þessu móti að ráða nokkra talsverða bót á kjörum presta yfirhöfuð, allrasízt í litlum sóknnum, þar sem fá aukaverk koma að, og þessvegna væri nauðsýnlegt, að hugsa um hversu bæta mætti enn fremur kjör presta á annan hátt.

Af skýrslum þeim sem stiptsyfirvöldin hafa sent kanselliinu frá ýmsum vitrum mönnum verður það ráðið, að þar sem stjórnin hefir farið eptir bréfum og álitsskjölum, er áður voru send, um endurbót á kjörum íslenzkra presta og byggt tilsk. 8. Marts 1843 á þeirri ástæðu, að prestar einungis fengi þá borgun í peningum fyrir aukaverk sem tekin er til í reglu gjörðinni 1782, þá hefir stjórninni skjátlast í þessu, því það hefir verið allttítt að prestum hefir verið greidd rífari borgun

fyrir aukaverk, og að þeir hafa fengið slíkt gjald fyrir störf sín, er nokkurnveginu svaraði upphæð þeirrar borgunar sem tiltekin, er í reglug. 1782. Af þessu hefir þessvegna leiðt að tilsk. 8. Marts 1843 í raun og veru ekki hefir ráðið í nokkru bót á kjörum presta, þegar undan er skilið legkaup til kirkna, sem goldið hefir verið hingaðtil einsog tilsk. 1782 ákveður, með 54 sk. fyrir fullorðna enn 27 fyrir úngbörn, heldur hefir tilsk. þessi jafnvel vakið óánægju hjá prestum, hefir þeim virðst að fremur myndi hún ríra tekjur sínar, og þótt hætt við að hún myndi stuðla til þess, að þeim yrði goldin minni borgun enn síður hefir verið allt að þessu.

Fyrir þessa skuld virðist því heldur brýn nauðsýn tilbera að gjörð væri ráðstöfun til að bæta betur kjör presta á Íslandi, og aðalatriðið í þessu efni væri, hvort fara ætti eptir grundvallarreglu þeirri sem nefndin íslenzka hefði fylgt í frumvarpi sínu að tiltaka minnsta gjald jafnt fyrir alla flokka, eður hvort ekki skyldi heldur laga minnstu borgun eptir því sem bændur væri misjafnt færir til að gjalda fyrir aukaverk.

Annarsvegjar þótti það ekki vera ástæðulaust, þó menn óttuðust að minnsta gjald, ef það væri gjört öllum flokkum jafnt, yrði þingbært efnalítlum mönnum, og þessvegna væri stungið uppá í nokkrum skýrslum að lækka gjald það, er frumvarpið tiltekur, einkum fyrir skíru og kirkjuleiðslu, en þarómót þætti borgun fyrir staðfestingu of litil. Svo hefir og minni hluti nefndar þeirrar, sem sett var 1842 í Hróarskeldu til að segja álit sitt um frumvarp til tilsk. 8. Marts 1843, fallist á, að skipa gjaldmönnum í 2 flokka, en bætti því við, að prestur skyldi ekkert taka af öreigum fyrir skírn og greptrun. Annars er flokkaskipaninni ekki fylgt í borgun fyrir líksaug, kirkjuleiðslu og legkaup. Á uppástúngu þessa féllst meiri hluti nefndarinnar einungis með því skilyrði að frumvarpið yrði ekki þegar gjört að tilskipun, en það horið fyrst undir álit alþingis, en yrði því eigi framgeugt, féllst hann á frumvarpið, einsog það var lagt fyrir þingið.

Á hinn bóginn hafa allir verið á eitt sáttir um að mæla ámótilsinni gömlu flokkaskipun, því bæði væri örðugt að koma henni við, og svo gæti hún komið prestinum í vanda; sama máli er að gegna þó einungis sè 2 flokkar hafðir, því, þegar öreigar þó ætti að vera lausir við gjald, eru reyndar 3 flokkar. Þareð nú nefndin íslenzka var mótfallin öllum skiptum, og

stiptysfirvöldin réðu frá allri flokkaskipan í síðasta álitsskjali sínu, og flestir embættismenn, er gefið höfðu álit sitt um uppástungu nefndarinnar íslensku, voru helzt á sama máli, þó þeim bæri ekki saman um upphæð hins minnsta gjalds, þykir það vera réttast að fara í þessu efni eptir uppástungu íslensku nefndarinnar, og bæta því einu við að öreigar fái okeypis allt það er kirkja veitir.

Í einstöku atriðum í frumvarpinu þykir og réttast, samkvæmt því sem áður er sagt, að gjöra nokkrar breytingar.

Í 3. grein er þannig sú breyting gjörð: í staðinn fyrir "allir verzlunarmenn og búðsveinar þeirra" er sett: "allir verzlunarmenn og umboðsmenn þeirra"; svo eru og búðsveinar í sömu grein gjörðir jafnir iðnaðarmönnum.

Sömmuleiðis skulu einungis litlar og fátækar útkirkjur greiða gjald það (15 álnir), sem ákveðið er í 5 grein fyrir kirkjuskoðun prófafa.

Ennfremur er 7. grein sleppt svo sem óþarfri, svo er og amtmanni falið, ef þræta rís, að skera úr því hvern telja skuli öreiga, og ráða úr tvímælum þeim, sem orðið geta um offur er einhverr skal gjalda eptir flokkaskipan þeirri, sem sett er.

## VI.

### F r u m v a r p

til opins bréfs fyrir Ísland, um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þínggjaldi eiga að lúka.

---

#### 1. grein.

Hverr sýslumaður er skyldur til að hafa á manntalsþíngum manntalsbók þá, er amtmaður hefir fullgilt, og albúin skal vera gjalda megin fyrir þíng, og heimta eptir henni þínggjaldið; skal hann rita í bókina á þínginu hvað goldið er, og nafn sitt undir að þínglokum og þíngvottar með honum.

#### 2. grein.

Svo skal og hverr sá, er þínggjaldi á að lúka, hafa kvittunarbók og sýslumaður rita þar í hvað goldið sè á þíngum og endrarnær, er eitthvað er greiðt af þíngjaldinu, og allt hvað gjalda skal eptir manntalsbókinni. Gjaldi nokkurr í reikning sýslumanns í kaupstað, skal sýslumaður flytja það er goldið er úr kaupabók gjaldanda í kvittunarbók hans ekki síðar enn á næsta manntalsþíngi.

#### 3. grein.

Kvittunarbók sú, er nefnd er í annari grein, skal vera örku papirs á stærð að minnsta kosti og fest í kápu, og skal sýslumaður fullgilda hana og innsigla og hafa fyrir það 8 sk.

## Ástæður

fyrir lagafrumvarpi til opins bréfs fyrir Ísland, um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þínggjaldi eiga að lúka.

Utaf uppástúngu nokkurri, sem send var embættismanna-nefnd þeirri í Reykjavík, sem boðuð var með úrskurði konungs þann 22. Ágúst 1838, hafði rentukammerið tekið til ihugunar, hvort það mundi ekki vera vel tilfallið að færa í lög, að manntalsbók sú, er amtmenn fullgilda, og sem gjaldamegin á að vera albúin áðurenu manntalsþing eru haldin, ætíð skuli vera við hönd á þinginu, og að í hana skuli rita þegar í stað, hvað gólðið sé af því, er gjalda á, og kvað það þegar víðast hvar, ef ekki alstaðar, vera komið í vana, eptir skýrslu nefndarinnar. Það virðtist að mæla framm með þvílíkri brúkun manntalsbókarinnar, að það á þennan hátt mundi verða gjaldendum ljósara, að ekkert sé af þeim heimtað með órétti, og að þannig yrði spornað við óráðvendni gjaldheimtumanna. Það þótti því réttast, að ekki einúngis nafn sýslumannsins, heldur og nöfn þeirra þíngvotta, er við eru, séu jafnan í þínglok rituð í manntalsbókina, þareð nafnaritun þessi seinna gæti orðið því til sönnunar að bókin hafi verið á þíngstaðnum; svo gæti það og miðað til, að hún sé færð með meira athygli.

Embættismannanefndin var alveg á því, að þvílíkt skipulag ætti vel við, en hélt þó ekki, að þeir, sem lúka eiga þjóðgjöldum, þar með séu með öllu óhultir orðnir, þareð opt ber við, bæði í hag gjaldendum og gjaldheimtumönnum, að gjöldunum er eigi alveg lokið á manntalsþinginu, heldur líður Sýslumaður stundum um meiri eður minni hluta af þeim, og má álíta, að hann hafi rétt til þess, þar hann hefur þau að lèni, auk þess að nokkrir gjaldendur hvorki sjálfir mæta né aðrir fyrir þá á þíngunum. Þareð nú manntalsbækurnar enn fremur, er móti þeim er mælt, ekki geta náð fullkomnu sönnunarabli, stakk nefndin uppá, að skatta kvittunarbækur væru lögleiððar á Íslandi, þannig:

1. Að serhvörr sá, er svokölluðum manntalsbókargjöldum á að lúka, fái skatta kvittunarbók, sem löggilt sé af sýslumanninum og innsiglið.
2. Að pappír, sem þurfa þykir til þessarar bókar, að minnsta kosti í örk, sé annaðhvert útvegaður af gjaldanda og innfestur í kápu, og síðan fenginn sýslumanninum, og

fær hann fyrir að fullgilda og innsigla bókina 8 sk. silfurmyntar, eða og, að sýslumaðurinn skyldist til að útvega bókina, mót þeirri borgun fyrir pappír og band, sem samsvavar kostnaði og vanalegu söluverði, auk nýnefndrar borgunar fyrir fullgildingu og innsiglingu bókarinnar.

3. Að eigandinn jafnan hafi bókina með sér á manntalsþingið, og sýslunadurinn riti þá undireins í hana samhljóða manntalsbókinni, bæði allt það, er gjalda á, og hvað og hve mikið gjaldandi greiðir af því.

Rentukammerið hélt, að skattakvittunarbækur mundu veita gjaldendum þjóðgjalda á Íslandi þá vernd gegn óráðvendni gjaldheimtumanna, sem ekki eingaungu yrði fengin með því, að hafa manntalsbókina á þann hátt er uppá var stungið, og áleit það því mjög svo æskilegt, að þvílíkar bækur yrðu lögboðnar; þótti því og, að ekkert yrði haft á móti, að kaup sýslumannsins fyrir að fullgilda og innsigla bókina, sé latið vera 8 rbsk., samkvæmt því er honum her eptir aukatekjureglugjörðinni frá 10. September 1830, fyrir að fullgilda og innsigla verzlunarbækur. Að því leyti, sem nefndin þarámóti hafði stungið uppá:

“að bókin ætti að vera komin til sýslumaúsins fyrir árslokinn og vera frá honum tilhlýðilega útbúin, með eða án eptirstöðva af gjöldunum fyrir allt árið, og eigandanum endursend fyrir lok Marts mánaðar á næsta ári, ef kríngumstæðurnar kynnu að hanna, að ritað yrði í kvittunarbókina á sjálfu manntalsþinginu”,

þá áleit rentukammerið, að þvílík ákvörðun mundi leiða til svo mikilla vankvæða, og hnekkja svo mjög tilgangi manna með kvittunarbækurnar, að betra mundi að gefa frá sér með öllu að koma þeim á, ef ákvörðun þessi yrði álitin nauðsýnleg. Það þótti sem í öllum sýslum, og einkum þeim víðlendustu, mundi það valda bæði sýslumanni og gjaldendum ofmikilla örðugleika, að senda kvittunarbækurnar á vetrardag framm og aptur, bæði vegna veðráttufarsins, og þar litlar eru samgaungur um landið, einkum að því leyti, sem póstferðir mundu ekki gæta létt til muna undir, þar þær eru aðeins 2 á ári (nema í suðuramtinu), og það um þann tíma árs, er ekki á við að senda bækurnar, og þar að auki þess að gæta, og vardar það mestu í þessu efni, að póstar fara beinasta veg frá einu lögsagnarumdæmi til annars, og gæta þannig orðið lítið sem ekkert að liði, innan

sýslu. Að ætlun rentukammersins mundi og vernd sú gægu óráðvenðni gjaldheimtumanna, sem miðað er til með iunleidslu þegngjaldabóka, að mestu leyti verða að engu, ef senda ætti bækurnar til sýslumanns, og þær ættu að vera lengi í hans vörslum, og að lyktum mundu þeir opt verða fyrir þessum óhæginðum og verndarskorti, er kvittunarbækurnar, vegna tíma-skorts á manntalsþíngunum, ættu að sendast sýslumanni, sem þar hefðu lokið öllum gjöldum þeirra, með því það þá og mundi verða komið undir þeirri greiðslu röð, er þegar fyrir fram er ákveðin, hvors kvittunarbók þar yrði afgreidd.

En þær ástæður, sem nefndarmenn færðu til fyrir nauðsýn þeirrar umræddu ákvörðunar, önnur sú, að nokkrir gjaldendur væru hvorki sjálfir við á þínginu né aðrir fyrir þeirra hönd, og hin, að sýslumaðurinn mundi eigi ávallt gæta haft nægilegt tóm til að rita það, er þyrfti í því líkan bóka fjölda á manntalsþínginu, virðtust heldur ekki nægar til að byggja hana á þeim. Sá, er eigi mætir né mæta lætur, svo og þeir, sem eigi hafa fulllokið skuld sinni á þínginu, eiga þó einhvorn tíma á árinu að lúka því, sem eptir er, til sýslumannsins, og er þetta þá gjört annaðhvort með gjaldi heima hjá sýslumanni, eða í reikning í kaupstað. Sè nú borgað heima hjá sýslumanni, þá gætur gjaldandi, eða sá, sem gældur fyrir hann, haft kvittunarbók gjaldanda með sér, og látið rita í hana hvað goldið er, en ef borgað er í kaupstað, er það gjaldanda fyrst um sinn nóg til verndar, að gjaldið er ritað í kaupabók hans, og má síðan flytja það, sem þannig hefur verið goldið, í þegngjaldakvittunarbók hans. Þeir einir verða þannig á hakanum, í hvorra kvittunarbækur sýslumaður eigi fær tóm til að rita það, sem goldið er á þínginu, en eptir því, sem ráða má af manntalsbókum þeim, sem við annað atvik hafa verið sendar kammerinu úr öllum sýslum, um tölu þegngjaldenda í hvorri þínghá, mun sýslumanninn varla skorta tíma til að rita það, er þörf gjörist, í skattakvittunarbækurnar á þíngunum, og auk þess mátti sjá, að nefndin hefði verið á því, að tala þeirra, sem fyrir þessa sök gætu eigi fengið ritað í kvittunarbækur þeirra, mundi verða lítil, því að öðrum kosti hefði uppástúngan með þeirri lögun hennar, sem áður er gætið, verið næsta lítilsverð. Þess er enn að gæta, að því leiti er gjaldendur snertir, að hér skiptir einungis máli um, að skrifa út úr manntalsbókinni, því í hana á, einsog áður er ávíkið, að vera búíð að rita þegar

fyrir þing, það sem gjalda á, og slikt hið sama á að rita í hana á þinginu, það sem goldið er þar; en til að skrifa þetta út úr bókinni fyrir hvorn einstakan mann, gétur sýslumaðurinn að líkindum jafnan fengið einhvorn af þeim, sem á þingi eru, ef ekki vill betur, þá alltend fyrir þá borgun, er verður minni enn svo, að hún jafnið við þá fyrirhöfn og kostnað, er ei verður hjá komist, ef senda ætti bækurnar framm og aptur.

Það bar og til orða, að haga þessu málefni öðruvísi, og var stúngið uppá, að það yrði skylda gjaldenda, að fá sýslumanni á manntalsþinginu — eða láta fá honum, ef gjaldandi gæti eigi sjálfur mætt — skattkvittunarbækur sínar, og að það yrði síðan á sýslumanns valdi, hvort hann eptir kringumstæðunum gæti á þinginu sjálfu ritað það er þyrfti í kvittunarbækurnar, samkvæmt manntalsbókinni, eða vildi heldur taka kvittunarbækurnar heim með sér, og ljúka við starfa þennan þar. Þeir gjaldendur, sem amaðhvort á manntalsþinginu, eða fyrir Júlí mánaðar lok, lykju af öllum manntalsbókar gjöldum, yrðu þá að eiga kost á, að fá ritað í kvittunarbækurnar fyrir lok Septembarmánaðar, og að fá þær aptur fyrir milligaungu hreppstjórauma; hinir þarámóti, er seinna em seinasta dag Júlí mánaðar lykju skuld sinni, yrði að taka við kvittunarbókunum aptur albúnum um árslokín, með eða án eptirstöðva, fyrir Marts mánaðar enda á næsta ári,

Enn þótt nú uppástúnga þessi virðist að eiga betur við, enn uppástúnga nefndarinnar, gat rentukammerið þó ekki fallist á hana af ástæðum þeim, sem áður eru tilfærðar gegn henni, og sem sýndust allar að eiga við hana, sumar betur og sumar miður; því að vísu mundu vankvæði þau er yrðu á að senda kvittunarbækurnar, verða minni eptir þessari uppástúngu, enn eptir uppástúngu nefndarinnar, en þau hlytu þó ávallt að verða meiri, em vera ætti, og þar að auki mundi mikill hluti af kvittunarbókunum verða hjá sýslumanni lengst af árinu, en koma ekki í vörðslur gjaldenda, nema um tveggja mánaða tíma í hæsta lagi.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, hefur verið samið frumvarp, og hefur það hlotið samþykki hans hátignar konungsins, og verður nú að boði hans, lagt undir álit alþingismanna.

## VII.

### F r u m v a r p

til opins bréfs fyrir Ísland, um að setja 2 kaupún, annað við Þórshöfn í norðaustur-amtinu, en hitt á Borðeyri við Hrútafjörð í vestur-amtinu.

### V è r Chr. hinn 8di &c. &c.

Gjörum kunnugt: að Vèr viljum af konúnglegri náð setja kaupún við Þórshöfn í norðaustur-amtinu á landi Voru Íslandi, og á Borðeyri við Hrútafjörð í vestur-amtinu. Fyrir því skal sérhvorr þegna vorra mega taka sér þar bólfestu með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. dag des. 1836, og þó eigi við Þórshöfn fyrr enn við byrjun ársins 1847. Takmörk kaupúna þessara munum Vèr síðar ákveða.

### Ástæður

fyrir frumvarpi til opins bréfs fyrir Ísland, um að löggilda tvö kaupún, annað við Þórshöfn í norðaustur-amtinu, og hitt á Borðeyri við Hrútafjörð í vesturamtinu.

Með allrahæstum úrskurði, frá 29. Mai 1839 var leyft, að verzlunarmenn í Vopnafirði og á Raufarhöfn mættu verzla á Þórshöfn í Norðurþingeyarsýslu í norðausturamtinu á Íslandi, til reynslu um 3. ára tíma, þó án þess, að verzlunar staður væri þar löggildtur, og var þetta einkaleyfi, að öðruleiti bundið þeim skilmála, að verzlunarmenn skyldi jafnan hafa nógar

vörubýrgðir í Þórshöfn fyrir sama verð, og á Raufarhöfn og í Vopnafirði, því að öðrum kosti átti að leyfa lausakaupmönnum að flytja vöru farma þangað. Eftir að leyfistíminn var á enda, kom bænarskrá frá eiganda verðslunarstaðanna í Vopnafirði og á Raufarhöfn, og var þess þar beiðst, að lengdur yrði leyfistíminn. Þareð enginn hafði kvartað yfir, að þessi verzlunareigandi, hefði breytt á móti skilmála þeim, er á var gjörður í allrahæstum úrskurði, af 29. Maí 1839, þeim er áður er nefndur, þá var það leyfi, er verzlunarmenn í Vopnafirði og á Raufarhöfn höfðu fengið til að flytja vöru farma á Þórshöfn, lengt um 1 ár með konungsúrskurði frá 1. Mars 1843. Þareð þetta leyfi var og bundið þeim skilmálum, sem áður er getið, ritaði rentukammerið síðan amtmanninum yfir norðaustur antinu á Íslandi, og æskti nákvæmrar skýrslu um, hvornig leyfi það, er gæfið hafði verið til vöru aðflutninganna, hefði verið notað, svo var og leitað álits hans um, að hve miklu leyti mætti álita haganlegt, að hafa frammeðgis beinlínis verzlun á Þórshöfn með eða án einkaréttar fyrir hlutaðeigandi fastakaupmenn. Eftir að amtmáður var búinn að lata í ljósi álit sitt um þennan hlut, og hafði ásamt því sendt skýrslu frá sýslumanninum í norðurþingeyjarsýslu, um kaup og sölu í Þórshöfn árin 1840—1843, og verzlunareigandi sá, er áður er getið, hafði á ný sókt um, að leyfistíminn yrði lengdur um eitt ár eða fleiri, lagði rentukammerið allraundirgæfnast málið fyrir konung, og lét það álit sitt í ljósi, að leyfið til vöruaðflutninganna mætti vara við, þareð amtmáður hefði verið á því, að vöruaðflutningarnir hefðu verið búendum á Lánganesi notasælir, því ella yrði þeir að sækja með mestu fyrirhöfn til næstu kauptúna; svo var þess og gætið, að eigi hefði borið á að leyfi þetta hefði leitt til nokkurra vankvæða.

Þarámóti þótti rentukammerinu meiri tvísýni á, hvort ætti að leyfa öllum, samkvæmt lögum vorum nú, og sérilagi lausakaupmönnum, að flytja vöru farma á Þórshöfn, eða aðeins fastakaupmönnum á hinum næstu verzlunarstöðum, á Vopnafirði og Raufarhöfn.

Annars vegar mátti bera fyrir sig góðar afleiðingar þær, er vanar eru að verða samfara frjálsri verzlun og óbundinni, til að auka og bæta ýmsar vörutegundir, og til að ebla atvinnuvegi manna í þeim hærudum, er njóta; og enn er þess að

gæta, að á hinum nálægustu verzlunarstöðum mundi aðsókn kaupmanna verða minni, ef stöku mönnum adeins væri leyft að flytja vörur á Þórshöfn. Amtmaður hafði og gætið þess í skýrslum sínum áður, að búendum á Lánganesi hefði eigi tekist, með þeirri takmörkun, er verið hefur á siglingu til Þórshafnar, að koma út rekatimbri því, er þeir hafa sjálfir um of, og hafði þetta þó upphaflega stuðt að því með öðru, að leyft var að sigla upp Þórshöfn. Loksins þótti sá anmarki á að gefa verzlunarmönnum í Vopnafirði og Raufarhöfn einkarétt til verzlunar í Þórshöfn, að einúngis einn verzlunar fyrirráðandi á verzlunarbúðir í þessum kaптúnunum, og kynni því að leiða þaraf, að engir yrðu aðflutningar að Þórshöfn árlangt, ef einhver tálmi yrði verzlun þessa kaupmanns.

Hinnsvegar mátti ráða af skýrslu sýslumanns, þeirri er áður er umgætið, að þeir verzlunarmenn, sem höfðu fengið einka leyfið til vöruaðflutninga, höfðu smá saman aukið þá, og var svo frá sagt, að 142 tonn af matvörum og öðrum vörum hefðu verið seldar á Þórshöfn árið 1840 fyrir 1,115 rbd. í landvörum, enn árið 1842, 244 tonn af matvörum og öðrum vörum fyrir 2,470 rbd. í landvörum, og árið 1842, 240 tonn af matvörum og öðrum vörum fyrir 3,600 rbd. í landvörum, og árið 1843 268 tonn af matvörum og öðrum vörum fyrir 3,000 rbd. í landvörum, og var því fullvel vonanda, að nægilegt mundi verða um aðflutninga, þó leyfið væri takmörkum bundið. Þareð nú eigi heldur mátti ráða af skýrslum þeim, er fengist höfðu, hvort verzlun gæti staðist á Raufarhöfn, ef verzlunarmönnum þar væri eigi veitt einkaleyfi til að flytja vörur á Þórshöfn, þótti rentukamerinu ísjárvert, að leyfa hvorjum þeim er vildi að verzla þar, fyrenn alþing Íslendinga hefði sagt upp álit sitt um málið, og vildi rentukammerið því að leyfi þetta væri þángað til aðeins veitt fastakaupmönnum í Vopnafirði og á Raufarhöfn; það kom og heim við uppástungu amtmanns, því hann var helst á því, að eigi ætti að veita þetta leyfi fyrst um sinn í nokkur ár, fleirum enn þessum kaupmönnum einum. Rentukammerið ræddist því í að mæla framm með því við konung, að leyfistíminn yrði enn lengdur fyrir árin 1844, 1845 og 1846, með þeim takmörkum og skilmálum, sem um er gætið við þá hina fyrri konungs úrskurði, og þóknadist hans hátign konunginum, allranáðugast að samþykkja

Þessar tillögur rentukammersins, með úrskurði frá 9. April 1844.

Það er ekkert það var komið fram, er gæti gæfið tilefni til að málið væri skoðað öðruvísi, enn áður hafði verið gjört, þá lagði rentukammerið málið aptur fyrir kónúng, og bað allra-undirgæfnast um, samkvæmt fyrri athugasemdum sínum, er áður er um gætið, að málið yrði lagt fyrir alþingismenn á næsta þingi, og hélt rentukammerið, að haganlegast myndi vera, að leggja fyrir þingið frumvarp um löggildingu Þórshafnar, til að setja þar almennu kaupþín, og skyldi þó um leid skýra þinginu frá ýmsu álitu mána á málinu, sem áður er tínt, og þótti sem það mundi uppörfa þingmenn til að skoða vandlega alla málavöxtu, og héra síðan allra þegnsamlegast fram álit sitt um, hvornig best væri að laga verzlun á Þórshöfn frammevegis. Þetta hlaut samþykki hans hátignar kónungsins.

Rentukammerstjórnarráðið hélt þar að auki, að mál þetta gæti orðið samfara öðru máli er líkt stóð á.

Með bréfaduggunni, er seinast kom frá Íslandi, kom bænarskrá frá 25 búendum við Hrutafjörð í Strandasýslu í vesturamti Íslands, og beiðdust þeir, að allranáðugast yrði leyft að sigla inn í höfnina við Borðeyri í Hrutafirði til reynslu í 5 ár, og að verzla þar úti á höfninni, eptir þeim ákvörðunum, er almennt gilda um lausakaupverzlun. Beiðendur báru fyrir sig í þessari bænarskrá, að eigi séu aðrir verzlunarstaðir við þann hinn mikla flóa, er gengur vestast að norðan inn í landið, og nefndur er Húnaflói, enn Skagatrönd og Reykjafjörður, og séu þó á milli þeirra á að gæta 6 þingmannaleiðir landveg, og það búendur í Hrutafirði séu við það að vera búsettir í öðrum eins fjarska frá báðum þessum verzlunarstöðum innst við flóann, og eigi eins lánan veg eða lengri til næstu verzlunarstaða á vesturlandi, þá hafi þeir hingað til, segja beiðendur, mátt slökkva niður allt að hálfum mánuði um besta bjargræðistíma ársins, til að sækja nauðsynjavörur sínar í kaupstaðinn, og telst þeim svo til, að slíkar ferðir kosti hvorn bónda hærumbil 20 rbd. á ári.

Sýslumaður og amtmaður hafa horið beiðendum vitni, að þeir hafi rétt að mæla, og hefur sýslumaður þar að auki gætið þess, að enn þótt ferðir þær, er beiðendur hljóta að fara á verzlunarstaðinn, beri eigi upp á sjálfan sláttinn, þá séu þær þó farnar rétt fyrir hann, og beri því uppá þann tíma ársins,

er í alla staði sè hentugastur til girðinga, túnaslettu, vegabóta og á þ. h., og hvorsu miklum tíma og fè sem búendur verji til lestaferða, þá gèti þeir þó eigi, segir sýslumaður, dreigið að sèr nóg af öðrum vörum enn þeim, sem eru létтар í flutningi, því vegaleingðin er svo mikil og torfærur á vegunum, og fari því svo að þeir gèti hvorki flutt að sèr trjávið er þeir þurfi til húsabóta, eða aðrar slíkar vörur. Sýslumaður hafði og gètið þess, að sjá mætti af fornum ritum og frásögum, svo og af húsaleifum þeim, er væru á Borðeyri, að þar hafi að fornu verið talsverð kaupverzlun. Sýslumaður hélt eigi að hèr mætti fara mjög að því, þó framm á yrði haft, að verzlunarmenn á þeim stöðum, sem áður eru nefndir, mundi missa nokkurs í í verzlun þeirra, ef verzlun væri leifð við Borðeyri, því lögleg réttindi þeirra væri eigi neinu skèrðt fyrir þessa sök, og þareð mörg kauptún hefðu smásaman verið sett þar, sem búendur hefði eigi þurft að fara lengri ferðir eða kostnaðarsamari í næstu verzlunarstaði, enn búendur í Hrutafirði, þá hélt sýslumaður, að sèr bæri að mæla framm með bænarskrá þeirri, er hèr er umgètið.

Þessu áliti sýslumanns var amtmaður samþykkur í öllum höfuðatriðum þess, og gat hann þess jafnframt, að það eitt gæti að sinni byggju verið ísjárvert við að samþykkja bænarskrána, að eigi væri fyrir að vita, nema þetta verzlunarleyfi kynni, meir eður minna að raska venjulegum aðflutningum og vörubýrgðum á hinum fòstu verzlunarstöðum, svo kynni það og að koma því til leiðar, að fleiri hèröð færi hèr eptir af sömu ástæðum að bera sig framm um áþekk aðflutningaleyfi.

Af þessum hlutum þótti gjörla mega ráða, að það mundi vera búendum í Hrutafirði og nálægum hèruðum einka mikill hagur, ef leyft væri, að flytja vörur á höfnina við Borðeyri, og þótti engin mikilvæg vankvæði á vera að veita þetta leyfi; að þvílíkt verzlunarleyfi myndi raska vanalegum aðflutningum á hinum verzlunarstöðunum, þarf því síður sem búendur í Hrutafirði hafa, eptir því sem rök eru fyrir, sókt vörur sínar ýmist til Skagastrandar eða Reykjafjarðar, eða Stikkishólms, eða Búða, eða Olafsvíkur, eður og til Reykjavíkur, og þar að auki hafa kaup héraðsmanna eigi gètað verið mjög mikil sakir erviðleika á flutningum. Engu að síður þóttist rentukammerið verða að álita, að ef

slíkt verzlunarleyfi væri veitt, þá mundi vera nauðsýnlegt bæði af þeim ástæðum, er hér hafa verið nefndar, og öðrum fleiri að setja kaupún á Borðeyri, því þar virðist að vera einka hagkvæmt kaupúnsstæði.

Álit rentukammersins hlaut og samþykki hans hátignar konúngsins í þessari grein, og því hefur verið samið frumvarp til opins bréfs, um að löggilda tvö kaupún, og hefur hans hátign konúngurinn boðið að leggja það undir álit alþingismanna.

## VIII.

### F r u m v a r p

til opins bréfs fyrir Island um að taka af skyldu manna til að flytja embættismenn kauplaust, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi.

---

#### 1. grein.

Þeir sem hingaðtil hafa átt að veita stöku embættismönnum, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi, flutning ókeyppis, skulu hér eptir vera lausir við þá kvöð, en þeir sem hafa átt rétt á slíkum flutningi, skulu hafa ferðakostnað sinn í hvort skipti endurgoldin úr jafnaðarsjóðum amtanna.

#### 2. grein.

Ef þeir fara úr amtinu og í annað amt, þá skal jafna kostnaði þeim, er um er gætið í hinni fyrri grein, á jafnaðarsjóðu þeirra amta, eptir stærð lausafjártíundarinnar í hvorju amti fyrir sig.

## Ástæður

fyrir frumvarpi til opins bréfs fyrir Ísland, um að taka af skyldu manna til að flytja embættismenn kauplaust, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi.

Þegar tilræðt var orðið um, hvort réttur sá, sem amtmenn á Íslandi hafa til fararheina kauplaust á embættisferðum þeirra um umdæmin, svo og biskup á hans skoðunarferðum, og, eins og tíðt er, landlæknirinn á ferðum hans til að skoða lifsölu-búðir, og héraðslæknar stöku sinnum, ætti að vara við, þótti réttast, að leita álits embættismannanefndar þeirrar í Reykjavík, er boðuð var með allrahæstum úrskurði frá 22. Ágúst mánaðar 1838, og vita hvað hún legði til um þetta mál, og var nefndin í einu hljóði á því, að taka ætti af þennan rétt. Rentukammerinu þótti því fremur ástæða til að fallast á þetta álit, eptir að búið var að taka af kvöð til farheina ókeypis hjá Dönnum, þegar líkt stendur á, með tilskip. frá 27. Júní 1844, sem skylda þessi á Íslandi kêmur ójafnar niður á innbúa, enn í Danmörku. Vegna stærðar, landlags og fólksfæðar er lítið um vegi á Íslandi, og liggja því aðeins fáein hæröð undir farheinaþyrðinni, enda verður þyrðinni ekki skipt jafnit niður á alla í hærudum þessum, því það tekur ekki tali, sökum ferðafæðar um landið og stærðar hærðanna, að búendur skiptist á um flutninginn, og verða þeir því eingaungu að veita allan heina, sem búa næst vegunum, og hafa besta reiðhesta.

En sè farheinaskeyldan sem hingaðtil hefur loðað við, tekin af, liggur sú spurn við, hvornig þeir embættismenn, sem eiga farheina kauplaust, gèti farið ferðum sínum, án þess kostnaður aukist við það, og sérilagi, hvort skyldan til að fá þeim fararskjóta, eigi að vara við, móti þóknun í peningum, eða hvort það eigi að vera undir þeim komið, sem rétt eiga á ókeypis flutning, að fá sèr flutning mót endurgjaldi í peningum, sjálfum sèr að skaðlausu.

Nefndin var á því, að menn yrðu í efni þessu að haga sèr eptir kríngumstæðunum, og stakk hún uppá, að það yfirhöfuð yrði að vera á þeirra valdi, sem eiga að fá flutning, að sjá fyrir honum sjálfir, gegn borgun af hlutaðeigandi amtajafnaðarsjóðum, en að þeir þó, ef þeir eiga eigi hægt með að fá hesta til leigu, og koma sèr saman við eigendurna um sann-

sýnilega borgun, (og hélt þó nefndin, að það mundi skjaldnast að bera), annaðhvort fyrir alla ferðina eða nokkurn hluta hennar, ættu að eiga rétt á, að heimta flutning, hesta eða bát eða fylgðarmann, gegn sanngjarnlegri borgun, og færði nefndin þá ástæðu fyrir þessari breytingu á hinni almennu reglu, að svo gæti farið, ef leigu upphæðin ætti að vera komin undir samkomulagi, að hlutaðeigendur færðu sér það í nyt, og heimtuðu hærri borgun fyrir hesta og fylgðarmenn, en sanngjarnlegt væri, og lendti það aptur á þjóðinni.

Rentukammerið varð í þessu tilliti að fallast á aðalreglu þá, er nefndin hafði stungið uppá, og skyldi það vera undir þeim komið, sem eiga ókeypis flutning, hvort þeir vildu sjálfir annast um hann, eða fá hann hjá öðrum, en hvorsu sem væri, yrði að endurgjalda þeim kostnaðinn. Þar á móti þótti rentukammerið með engu móti geta fallist á undantekningu þá, er nefndin stakk uppá að yrði gjörð, því þá þótti sem ofmikið væri komið undir vild þeirra, sem flutningsrétt eiga, einkum að því leyti að það yrði sami maðurinn (amtmaðurinn), sem bæði ætti að heimta flutninginn, og ákveða borgun fyrir hann, og þótti sem það mundi verða óánægjuefni, enn þótt eigi væri farið í neinn ójöfnuð. Mennt yrði þar að auki valla skyldaðir til, að veita þeim flutning, nema því að eins, að gefnar yrðu nokkrar reglur í því tilliti, til að mynda um sektir, er ættu að liggja við móþróa, um kosti reiðskjót, anna, svo og um það, hve langt úr leið skyldan til að leggja til reiðskjóta ætti að ná, og myndi þar á verða mörg vankvæði. Rentukammerið áleit því, að miklu heldur ætti að eiga undir, að flutningsborgunin stöku sinnum kynni að verða ósannsýnileg, og þótti sem það mundi reyndar skjaldan að bera.

Aptur er að því að hyggja, ef borgun í peningum ætti að koma í staðinn fyrir ókeypis flutning, eins og nú hefur verið gjört ráð fyrir, hvort þeir menn, sem eiga flutningsrétt, ætti þá að fá þessa borgun með ákveðinni upphæð árlega, eða fyrir hvorja ferð, eptir reikningi yfir flutningskostnaðinn, og þótti rentukammerinu hinn síðari kosturinn hentugri fyrir land og lýð, enda mátti og sjá, að nefndin hafði ætlast til, að ferðir væru borgaðar á þá leið. Það þótti og réttast, að endurgjald þetta væri ávalt greiðt úr jafnaðarsjóði amtsins, og ef farið er um eitt amt að eins, þá falli kostnaðurinn á jafnaðarsjóð þessa amts einsaman. En sé þarámót farið um fleiri ömt enn eitt,

eins og gjöra til að mynda biskup og landlæknir, er að athuga, hvort jafna skal kostnaðinum niður á jafnaðarsjóðu sérhvors amts, og hversu það skal gjöra. Nefndin hélt, að þegar svo bæri undir, þá ætti að jafna kostnaðinum niður á jafnaðarsjóðu hvors amts eptir tiltölu, og vildi hún láta jafna honum niður eptir þeirri flutningskvöð, er áður lá á hvorju þessu amti út af fyrir sig, svo að þegar biskupinn t. a. m. fer í skoðunarferðir um norður amtíð, ætti jafnaðarsjóður suðuramtsins að borga fyrir svo margar dagleiðir, sem biskupinn fer til að komast að næsta bæ í því prófastsumdæmi í norðuramtinu, sem hann ætlar að ramsaka, og norðuramtíð fyrir þann tíma, er hann dvelur þar, og þangað til hann kemst að þeim bæ í suðuramtinu, er liggur næst norðuramtinu. Á líkan hátt ætti að jafna niður kostnaði til ferða landlæknisins, er hann skoðar lífsölubúðir. Nefndinni þótti þessi greiðslumáti eiga best við fyrir þá sök, að em þótt það kynni eigi að sýnast allskostar sanngjarulegt í fljótu bragði, að suðuramtíð skyldi taka að sér kostnað við ferðir, er farnar væri að eins fyrir hin ömtin, þá myndi þó að öðrum kosti verða lögð ný byrði á hin ömtin, er þau höfðu eigi áður, eptir flutnings skyldu þeirri, er á þeim hefur legið hingað til; þá mundi og, ef suðuramtíð yrði eigi látið taka neim þátt í kostnaði þessum, af því leiða, að auka yrði útgjald hinna amtanna fyrir þá sök, að þau fara á mis við þann hagnað, er suðuramtíð að öðruleyti hefur af því, að biskup og landlæknir eru búsettir innau takmarka þess. Með á stæðum þeim, er nefndin hafði tilfært, þótti það þá sýnt og samnað, að þegar eins stendur á og hér hefur verið gjört ráð fyrir, þá ætti kostnaðurinn eigi að lenda allur á því amti einu, er ferðin er einkum farin fyrir, heldur ætti að jafna honum á þau ömtin, sem um er farið.

En með tilliti til uppástungu nefndariunnar um það, hve jafna skyldi niður kostnaðinn, þótti rentukammerinu sem það opt og einatt mundi verða torveldt, einkum þegar menn annast um flutning sinn sjálfir, að ákveða, hve mikill hluti af þeim kostnaði öllum sem varið er til flutningsins, ætti að lenda á hvorju amti fyrir sig að tiltölu, eptir þeirri flutningsskyldu, er áður lá á því; því eigi mundi eiga við, að fara hér eptir þeim tíma, sem varið er til hvors kabla af ferðinni, og vegalengðin mundi eigi verða ákveðin til hlítar, enda mundi eigi heldur

tjá, að miða við hann, er jafna skyldi niður flutningskostnaðinum.

Rentukammerinu þótti því betur henta, að kostnaði þessum væri jafnað niður á jafnaðarsjóðu amtanna, á sama hátt og hvorjum öðrum kostnaði er skipt niður á milli þeirra, en það er eptir upphæð lausajártíundarinnar í hvorju amti.

Þetta álit rentukammersins hlaut samþykki hans hátignar konungsins, og hefur því verið samið frumvarp til opins bréfs, samkvæmt því er fyrr greinir, og á að leggja það, eptir boði hans hátignar, undir álit alþingismanna.

## IX.

### F r u m v a r p

til tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

#### 1. grein.

Eftir tilskipun frá 21. Desember 1831 1. þætti 1. grein, skal frammevis vera komið undir d. l. 3. b. 17. kap., hvorn álita skal ómyndugan, hálfmyndugan og fullmyndugan; svo skal og á Íslandi fara eftir þessum hinum sama kapítula í lögunum, í öllu því, er snertir fjárhald ómyndugra, og tilsjón fyrir hönd hálfmyndugra og ekkna, að svo miklu leyti sem við á, og eigi er gagnstædt þessari tilskipun.

#### 2. grein.

Undir eins og einhverjum ómyndugum hlötnast nokkur efni, skal skiptaráðandi vera skyldur til að hlutast um, að einhvorr taki þessa fjármuni að sér til umráða, og skal það annað tveggja vera einhvorr sá, er til þess er borinn, eða ef frændur eru eigi til, þá einhvorr annar, er skiptaráðandi kveður til. Bæjarfógetinn skal vera yfirfjárráðamaður í Reykjavík, og sýslumenn annarstaðar, og skal fjárhaldsmaður, hvort heldur er að hann er ættborinn til fjárhalds eða kvaddur til þess, vera fyrst og fremst undir tilsjón þeirra í öllum fjárhalds störfum sínum. Fjárhaldsmenn eiga því og að gjöra þessum embættismönnum grein fyrir fê ómyndugra, því er þeim hefur verið trúað fyrir, samkvæmt reglum þeim, sem eru í hinmi 4. grein.

### 3. grein.

Nú er einhverjum ómyndugum skipt arfi, og er hann í öðru lögsagnarumdæmi, þá skal skiptaráðandi leita til yfirfjárráðamanns í því lögsagnarumdæmi, er hinn ómyndugi er í, og skal þessi yfirfjárráðamaður annast um, að einhvor maður, hvort heldur hann er borinn til að vera fjárhaldsmaður hins ómynduga, eða hann er kvaðdur til þess, taki arfinn undir sína umsjón, og á að senda meðkæmning hans til skiptaráðanda, þar sem arfinn hefur verið skipt, svo að hann gæti borið líkana fyrir sig. Þegar arfur hefur þannig verið fluttur úr einu yfirfjárráðaumdæmi í annað, þá skal skiptaráðandi skýra frá því í yfirliti sínu um yfirfjárráðin á ári hvorju; svo skal og gæta þessa arfs í yfirlitinu í því yfirfjárráðaumdæmi, er hinn ómyndugi er í. En arfinn má flytja á þá leið, að skiptaráðandi og yfirfjárráðamaður í því umdæmi, er hinn ómyndugi er í, skrifast beinlínis á um flutninginn, ef lögsagnarumdæmi beggja þeirra er í sama amti; þó skal tafarlaust skýra amtmanni frá, að svo hafi verið gjört. En nú eru lögsagnarumdæmin sitt í hvorju amti, þá má eigi flytja arfinn, nema því að eins, að amtmaður yfir því yfirfjárráðaumdæmi, er flytja skal arfinn í, hafi krafist þess af háfirvaldinu á þeim stað, er arfurinn er á fallinn. Ef þessum reglum er eigi fylgt, og arfurinn ferst fyrir þá sök, að háfirvaldinu hefur eigi verið gæfið færi á, að gæta hans, þá skal sá maður, er lét arfinn af hendi, hafa alla ábyrgð af.

### 4. grein.

Þegar gjöra skal grein fyrir fè ómyndugra, skal fylgja þeim reglum, sem hér segir:

- a) Ef fjármunirnir eru eigi full 5 hndr. á landsvísu, þá skal yfirfjárráðandi þegar í stað, er hann fær fjárhaldsmanni fjárhaldið, gjöra bréflagan samning við fjárhaldsmann, og ákveða, hve miklu fè megi verja á ári hvorju til frammfæris og uppeldis hins ómynduga, eða hvort eigi þarf meira til þess, enn árs tekjur þær, er koma af fjárstofninum, svo að sjálfur fjárstofninn þurfi eigi að fara minkandi. Þegar samningur þessi er gjörður, á að hafa tillit til aldurs hins ómynduga, og hvort hann má abla sér

nokkurs með vinnu sinni; sömuleiðis skal hafa tillit til stærðar fjárstofnsins, og þess er af honum gældst á ári hvorju. Nú verður samuungi eigi á komið, þá skal amtmaður skera úr málum. Þegar fjárhaldi slitur, skal fjárhaldsmaður gjöra yfirfjárráðanda grein fyrir fè því, er honum hefur verið trúað fyrir, að svo miklu leyti, sem halda skal öllu fènu við, eða nokkrum hluta þess, hvert heldur er, að svo hefur verið um samið, eða háyfirvaldið hefur ákveðið, að svo skyldi vera. Þarámóti þarf fjárhaldsmaður eigi að skýra frá fjárhaldi sínu með reikningi á ári hvorju; þó má yfirfjárráðandi krefjast, að fjárhaldsmaður gjöri grein fyrir fjárhaldinu, ef hegðan fjárhaldsmanns er eitthvað iskyggileg, eða aðrar nægar ástæður eru til.

- b) Ef ávagstafè eða leigufè er 5 hndr., eða þaryfir og allt að 10 hndr., þá skal að öllum jafnaði varðveita það óskærðt handa hinum ómynduga, og ef hann þarfnast eigi alls árs ávagstar af fjárstofninum sér til frammfæris og uppeldis, þá skal auka fjárstofninum með afganginum. Fjárhaldsmaður skal á ári hvorju færa yfirfjárráðanda höfuð-yfrilit yfir tekjur af fè hins ómynduga, svo að yfirfjárráðandi gæti séð um, að afganginum verði komið á vögstu, ef hann er nokkurr, en algjörðum reikningi þarf eigi að skila, fyrr enn fjárhaldinu slitur, nema yfirfjárráðandi þykist fyrr þurfa að krefjast slíks reiknings.
- c) En nú er fèð 10 hndr. eða meira, þá á að öllum jafnaði að auka það, og skal fjárhaldsmaður þá jafnan á ári hvorju skýra frá fjárhalds stjórn sinni með nákvæmum reikningi, og semja þann reikning eptir sýnishorni því, sem hér er með.

En vèr felum og amtmönnum að leyfa, þegar nauðsýn ber til að nokkru sé eyðt af fjárstofninum til uppeldis hins ómynduga, eða annara þarfa hans; og má þó eigi leyfa það, ef fèð er minna, en til er tekið í liðnum c., nema því brýnni nauðsýn beri til.

Þegar telja skal fè til hundrada á landsvísu, þá skal telja friðan pening til hundrada og álna eptir hinum árlegu verðlags skráum, en peninga og annað lausafè eptir meðalverði á friðu í verðlags skránum.

### 5. grein.

Enginn fjárhaldsmaður á rétt á, að heimta þóknun fyrir fjárhald sitt, nema því að eins, að fè hins ómynduga sé 10 hndr. eða meira, og fjárhaldsmaður þar að auki eigi í ætt við hinn ómynduga aptur á bak að telja, eða bróðir hans. Þegar nú þannig má heimta fjárhaldskaup, þá skal það vera  $\frac{1}{2}$  hluti af því, er eptir verðnr af tekjum hins ómynduga, þegar búð er að ljúka öllum gjöldum til árlegra þarfa hans, þó má þóknun þessi aldrei vera meiri enn 50 rbd. silfurmyntar á ári. Hinum hluta afgangssins skal koma á vögstu, ef hann er 25 rbd. silfurmyntar að upphæð, og skal í því fara eptir þeim reglum er síðar gétur, þá er ákveðið verður, hversu verja skal fjárstofnum ómyndugra. Ef nokkuð af afgangi þessum er í landaurum, þá skal virða það, og skal fjárhaldsmaður gjöra grein fyrir því eptir verðlags skrá þeirri, er gildir við árslokinn.

### 6. grein.

Fjárhaldsmenn þeir, sem eins og áður segir, eru skyldir til að leggja framm reikning á ári hvorju fyrir fjárhaldi því, er þeim hefur verið trúað fyrir, skulu senda hann yfirfjárráðanda, áður enn tveir mánuðir eru liðnir eptir hvors árs lok. Yfirfjárráðandi skal síðan skoða reikningana, og leggja dóm á þá.

### 7. grein.

Hvorsu stjórn á fè ómyndugra skal vera löguð, er komið undir því, hvort það er í fasteign, eða lausum aurum, eða í peningum:

- a) Fasteign má eigi farga, hvort heldur eru heilar jarðir eða jarðarpartar, nema því að eins, að hinum ómynduga sé auðsjáanlega hagur að jarðarsöllumni, eða nauðsýn þyki að selja eitthvað honum til frammfæris. Þó skal jafnan leita álits amtmanns um þennan hlut.
- b) Lausa fè má reyndar aldrei selja, ef það hefur verið lagt í arf, þegar skipt var á milli þess af hjónunum, er lengur lifir, og ómyndugra barna beggja þeirra, eða barnabarna, og skal þá fá það fè í hendur því af hjónunum, er lengur lifir, ef það þarfnast þess annaðhvort til atvinnu sinnar eða dags daglegra nauðsynja, og þó eigi nema því að eins,

að það af hjónunum, er eptir lifir, gæti veitt ánægjanlega vissu fyrir arfinum, eður og að yfirfjárráðandi álitur, að maðurinn sé fullveðja og áreiðanlegur. En svo arfinum sé þó því betur óhætt, þá skal himn ómyndugi og fá veðrètt í föstu og lausu í húinu, og sé þeim rétti þýnglýst. Nú fer svo, að það af hjónunum, er eptir lifir, gengur aptur í hjúskap, og má þá bæði arfurinn, og lausafè það, er verða má, að himn ómyndugi hafi nú erft að nýu eptir það af hjónunum, er lengur lifir, frammvegis standa inni hjá stjúpa þeim eða stjúpu, eða stjúpafa eða stjúpömmu, er eptir lifir, þegar hitt hjónauna er dáð, en þó því að eins, að veitt hafi verið sòm vissa og áður, eða henni lík, og veðrèttinum þýnglýst af nýu, og að fjárhaldsmaður og yfirfjárráðandi álíti, að eigi megi fá betri vissu, og að hinum ómynduga sé hentara, að láta arfinn standa inni í húinu með slíkri vissu, enn að þraungva stjúpa eða stjúpu, eða stjúpafa eða stjúpömmu, til eignasölu. Nú stendur eigi svo á, sem hér hefur verið gjört ráð fyrir, þá skal yfirfjárráðandi ráðfæra sig við fjárhaldsmann hins ómynduga og náunga hans, og skera síðan úr, hvort selja skuli allt lausafè það er hinum ómynduga hefur hlotnast, eða nokkurn hluta þess, eða alls ekki, og her þess einkum að gæta í þessu efni, hvort lausafèð er fríður peningur, er leigja má fyrir hærra eptirgjald, eum svarar leigunni af verði hans í peningum; svo og, hvort fè hins ómynduga er svo háttað, eða hann er á þeim aldri, og framm eptir því, að líklegt sé, að hann gæti sjálfur haft not af slíku lausafè, þegar hann er kominn af ómagaaldri. Nú er lausa fè eigi selt, og er öðru hvorju af foreldrum hins ómynduga, eða afa eða ömmu, eða stjúpafa eða stjúpömmu, trúað fyrir því, eða það er selt í hendur fjárhaldsmanni, og nú kèmtst himn ómyndugi af ómagaaldri, þá skulu þeir, er hafa fjárvardveitslu á hendi fyrir hans hönd, gjöra grein fyrir fè hans, eptir lóðseðli þeim, er gèfinn hefur verið við skiptalok, og skal annað tveggja greiða það hið sama lausafè, eða annað jafngott og af sama tægi, eptir þeirri virðingu, er á er í lóðseðlinum. En ef lausa fèð er selt, þá skal ávallt selja við almeint uppboð, og á yfirfjárráðandi að heimta saman allan uppboðseyri, og koma honum svo fljótt

sem unnt er, á vögstu, á sama hátt og gjört er við peninga ómyndugra.

- c) Peningum þeim, er hinn ómyndugi á, skal koma á vögstu; í því skyni skal bjóða þá upp, svo fljótt sem kostur er á, og skal gjöra það á bæjarþingi í Reykjavík, og í sýslum á manntalsþingi, svo komast megi eptir, hvort nokkurr girnist að fá peningastofu til leigu á móti nægilegu veði. En ef annann veg er, þá skal senda peningana til stiftamtmannsins yfir Íslandi, og undir eins vitnisburð bæjarfógeta eða sýslumanns, að peningarnir hafi verið boðnir upp, og komið fyrir ekki, og skal stiftamtmaður þá sjá um, að þeir verði, á sama hátt og vant er, settir á vögstu í hinn íslenska jarðabókar sjóð vorn. Fjárhaldsmaður geymir skuldabréf fyrir ómagaeyri þeim, er settur er á leigu í jarðabókar sjóðinn, og tekur við ársleigu þeirri, er af honum gældst. Enn fyrir uppboðið á peningunum skal ekki kaup taka, né heldur fyrir vitnisburð um uppboðið.

## 8. grein.

Í veð fyrir ómagaeyri má eigi annað taka, enn fasteign, og þó eigi nema með fyrsta veðrètti, og má reyndar eigi leggja meira framn af fjármunum hins ómynduga, enn svarar  $\frac{2}{3}$  hlutum af því veði, er jörðin hefur verið metin til, þegar hún var virðt.

Sýslumaður skal nefna til tvo bændur í hvorjum hrepp, þá er einna vitrastir eru, og best að sèr gjörvir, og skulu þeir gegna öllum virðingarstörfum í hreppnum, þegar fè ómyndugra er sett á leigu, og fasteign metin fyrir þá sök, og skal sýslumaður láta þá menn eitt sinn vinna þess eið á manntalsþingi, að þeir skuli gegna öllum virðingarstörfum, er þeim verða á hendur falin, eptir bestu sannfæringu og vitsmunum, og skal eiður þessi hafa sama lagagildi, sem væri hvort starf sèr eiðstaf bundið. Sýslumaður skal ekki kaup hafa, þó hann nefni til virðingamenn og taki eið af þeim.

Þegar jarðir eru virðtar, skal gèta dýrleika þeirra, landskuldarhæðar, kúgyldatölu, og annars ásigkomulags, og skal virða þá jörð, er taka á í veð fyrir leigufènu, svo mikils í silfurpeningum, sem virðingamönnum þykir líklegt, að fá megi fyrir hana með góðu móti eptir algengu verðlagi; svo skal og

gæta þess, hversu dýrt jörðin hefur verið seld eða virðt hin síðustu 10 árin, ef hún hefur verið seld eður virðt á því tímabili. Virðingarmenn skulu og einkum taka eptir, þegar þeir virða einhverja jörð, hvort landslagi er svo háttað, eða jörðin er með öðrum hætti svo ásigkomin, að hún liggir undir meiri eða minni skémmum af völdum náttúrunnar, og skal eptir því lækka verð hennar, það er hún ella mundi í vera; sömuleiðis skal fjárhaldsmaður og yfirfjárráðandi taka eptir, hvort eignin liggur undir slíkum skémmum, og skulu þeir þá annað tveggja synja lánsins með öllu, eða færa það meira aptur, enu ella mundi þykja ástæða til. Fjárhaldsmaður eða yfirfjárráðandi skulu vera annarhvorr við virðinguna, ef þess er kostur, og ef þeir eru óánægðir með, hversu virðt er, þá skulu þeir láta þann mann vita, er lánsins æskir. Nú æskir sá maður lánsins engu að síður, þá skal rétturinn kveða til hálfu fleiri menn óvillhalla; þeir skulu virða jörðina af nýu, og skulu í öllu gæta þess, er lagt hefur verið fyrir virðingarmenn hér að framan; þeir skulu og staðfesta virðingu sína með eidi fyrir réttinum. Lánnautur skal borga virðinguna, og slíkt hið sama endurvirðinguna. Virðingarmenn skulu hafa slíkt kaup, sem ákveðið er í aukatekju reglugjörð frá 10. Septbr. 1830 67. gr., og skal senda yfirfjárráðanda hvorutveggju virðingargjörðina í tvennu lagi. Yfirfjárráðandi á og að leiðbeina virðingarmönnum í öllu, er viðþarf.

### 9. grein.

Jafnskjótt og búið er að virða jörð með þeim hætti, sem ákveðið er í 8. grein, þá má lánið þegar framm fara, og skal lánnautur gefa veðskuldabréf við, og skal amtmaður ákveða, og segja yfirfjárráðanda fyrir, hversu það skal vera lagað. Nú hefur einn fjárhaldsmaður fjármuni fleiri ómaga enn eins undir höndum, og má þá leggja fê þeirra saman, og lána það mót veði í einni jörð, og skal þá greina frá í veðskulda bréfinu, hvorjir hinir ómyndugu eru, og hve mikið hvorr þeirra á af láninu. Veðskuldabréfum skal þinglýsa á kostnað skuldunauts, og skal amtmaður rita á þau, að eigi megi selja þau afhendi, eða vedsetja þau eða kvitta fyrir þau, nema amtmaður hafi veitt leyfi til; síðan skal selja þau fjárhaldsmanni í hendur, og skal hann geyma þau, og taka vögstu af, o. s. frv.

#### 10. grein.

Í veðskuldabréfum skal meðal annars taka framm, að höfuðstóllin skuli vera þegar apturtækur, ef lögleiga sú er um hefur verið samið, er eigi greidd á réttum gjalddegi, og má þá hjóða upp veðið án dóms og laga; þó skal áður birta uppboðið, svo sem vénja er til, og skal gjöra það 4 vikum fyrir uppboð, og með jafnlaungum fyrirvara skal birta skuldunaut söluna, eða þeim manni, er hann skal skyldur til að hafa á veðeigninni fyrir sína hönd, ef hann er sjálfur í öðru lögsagnarumdæmi enn því, er eignin er í; en ef hann hefur engan mann fyrir sína hönd, þá skal byrta hvorjum, sem vera vill, af ábúendum jarðarinnar, eða næstu grönnum þeirra, ef þeir eru eigi sjálfir við, og skal sú hirtíng vera fullgild að lögum. Þó gætur skuldunautur hamlað sölu veðsins, ef hann sannar fyrir hamarshögg, að hann hafi lokið öllu því, er eptir stendur óborgað hjá honum, eða leggur framm borgun fyrir það, og allan þann kostnað, er ris af, að uppboðið hefur verið ákveðið o. s. frv. Um lúkningu helmings af kaupverði slíkrar eignar, þá skal veita kaupanda 3. mánaða frest eptir hamarshögg, eða ef það skilyrði er haft á við hamarshögg, að annara samþykkis þurfi við, þá eptir þann dag, að uppboðið er samþykkt; en hinum helmingi kaupverðsins skal lúka, áður 6 mánuðir eru liðnir eptir hamarshögg, eða eptir þann dag, að uppboðið hefur verið samþykkt. Nú er veðeign boðin upp, og fæst eigi svo mikið fyrir hana, sem lánið er með vögstum þeim, er eptir eru ógoldnir, og kostnaði þeim, er á hefur fallið, á hinn ómyndugi aðgáng að skuldunaut sjálfum um það er eptir er, og ef skuldunautur er fjárþrota, þá má hinn ómyndugi heimta skaðabætur að fjárhaldsmanni sínum og yfirfjárráðanda, ef þeir hafa í nokkru vangætt þarfa hans, og brugðið út af þeim reglum, er fyrir þá hafa verið lagðar.

#### 11. grein.

Fjárhaldsmaður á að kynna sér vel og vandlega, hversu veðeignin er varðveitt, og ef uggvænt þykir, að hún gangi svo af sér, að hún sé eigi lengur lögmætt veð fyrir ómagaeyri þeim, er hún er veðsett fyrir, þá skal hann tafarlaust skýra yfirfjárráðanda frá hvar komið er, og skal yfirfjárráðandi þá ákveða, hvort segja skuli fjárstofninum upp eða eigi. En fjárhaldsmaður skal og skýra frá á ári hvorju, að hve miklu

leyti líklegt er að veðið sé enn fullgildt að lögum; það gjörir hann í fjárhaldsreikningi sínum, eða í yfirlits skýrslu þeirri, er samin er yfir fjármuni, hins ómynduga, ef enginn fjárhaldsreikningur er saminn.

#### 12. grein.

Fjárhaldsmaður og yfirfjárráðandi eiga reyndar að kosta kapps um, að 4 af 100 hvorju fáist í leigu af fjárstofnum ómyndugra; þó er og leyfilegt, að lána ómagaeyri fyrir  $3\frac{1}{2}$  af hvorju 100, ef enginn sá er hefur lögmætt veð að bjóða, býður hærri Leigu. Af ómaga eiri þeim, er eptirleiðis verður látinn á vögstu í hinn íslenska jarðabókarsjóð vorn, verður frammvegis eigi goldin hærri leiga, enn  $3\frac{1}{2}$  af hvorju 100.

#### 13. grein.

Peningaleigu skal gjalda einu sinni á ári á gjaldtíma hins 11 dags Júnímánaður, þó má gjaldtími ná á Íslandi til enda manadarins, svo að ef gjald er greiðt fyrir byrjun næsta Júlímánadar, þá er sem vel sé greiðt. Þegar peningaleiga er greidd, þá skal rita á veðskuldabréfið, hvað goldið er, og skal skuldunautur vera við, ef hann vill; hann skal og fá kvittan sér, fyrir því er goldið hefur verið. Lúkníngu leigunnar má eigi skjóta á frest frá einum gjaldtíma til annars, því eiga fjárhaldsmenn að telja fjárleigu þá, sem á er fallin í hvort sínu, með tekjum hins ómynduga, þegar þeir semja ársreikninga þeirra eða yfirlits skýrslu þá um fjármuni hinna ómyndugu, er þeir eiga að semja á ári hvorju, ef algjörður reikningur er eigi saminn; en ef leiga er eigi goldin í tækan tíma, og fjárhaldsmenn skeyta eigi því, er þeim er boðið í hinni 10. grein, þá lendir allt það tjón, er verða má að af því leiði, á fjárhaldsmönnum sjálfum, og eigi á hinum ómyndugu.

#### 14. grein.

Höfuðstól skal jafnan segja upp á gjaldtíma hins 11 dags Júnímánadar með hálfis missiris fyrirvara, ef eigi nemur meiru enn 100 ríkisbankadöllum, en ella með missiris fyrirvara. Þegar venjulegir stefnuvottar eru látnir birta uppsögnina, þá skal vitnisburður þeirra um hana vera fullgildur, er þeir skýrskota til þess eiðs, er þeir hafa áður unnið þá er þeir tóku við sýslu sinni. Nú hefur höfuðstól verið sagt upp, og er þó eigi greiddur í tækan tíma, eða vegstir af fenu, þá skal selja veðið með

þeim hætti, sem segir í hinmi 10. grein. Láni er sagt upp annað tveggja fyrir þá sök, að hinn ómyndugi kómst af ómaga aldri, ef eigi þykir hentugra, að taka veðskuldabréfið í stað höfuðstólsins í peningum, eður og í annan stað ef veðið rírnar svo mjög, að það er eigi lögmætt, hvort heldur er að rírnar sakir hirðuleysis, eða fyrir aðrar sakir, er engi má við gjöra. En ef skuldunatur á alls enga sök á, að veðeignin gengur af sér, þá skal hafa svo mikla vægð við hann, sem unnt er, að svo miklu leyti sem því verður við komið hallokalaust hinum ómynduga. Þar á móti skal eigi þykja ástæða til að segja höfuðstólnum upp, þó veðeignin komist í annars manns eign, því ef sá maður vill halda láninu, þá skal taka veðskuldabréf hans í stað veðskuldabréfs hins fyrra eiganda, og skal kvitta það og selja honum í hendur. Skuldunatur á jafnan rétt á að segja upp höfuðstólnum til lúkníngar á þeim gjaldtíma, sem áður er nefndur, og skal hann veita fjárhaldsmanni hálf missiris fyrirvara.

#### 15. grein.

Þegar hinn ómyndugi verður ráðandi fjár síns, skal fjárhaldsmaður þegar í stað gjöra reikning að lokum fyrir fjárhaldi sínu, og senda hann til yfir fjárráðanda, eins og ársreikninga sína yfirfjárhaldið, og skal yfirfjárráðandi fella dóm á; síðan skal fjárhaldsmaður láta af hendi allt það, er honum ber að gjöra grein fyrir eptir reikningum, þegar fallinn er dómur á hann, og selja það í hendur þeim manni, er hlut á að máli, en það er hinn ómyndugi, er áður var, nema ef hann er enn undir tilsjónarmanni, þá skal tilsjónarmaður vera með í ráðum; eður og að sá skal taka við, er kómur í stað hins ómynduga, t. a. m. bóndinn fyrir þá mey, er hafði fjárhaldsmann, þángað til hún giptist. Tilsjónarmaður tekur við öllum skilríkjum með hinum hálfmynduga, og kveður sýslumaður hann til að hafa tilsjón á hendi með honum, annaðhvort þángað til hann verður fullmyndugur, eða að eins á meðan á viðtökunni stendur, ef svo stendur á, að tilsjón verður og falin fjárhaldsmanni á hendur. Þegar búið er að veita viðtöku öllu því, er fjárhaldsmaður á að gjöra grein fyrir, þá rita vidtakendur skilabréf í tvennu lagi, og fær fjárhaldsmaður annað þeirra, og má hann, ef hann vill, láta þínglýsa því á þess manns kostnað, er hann hafði fjárhald á hendi fyrir, og skal greiða í þínglýsingarkaup

eptir aukatekjureglugjörð frá 10. Septembr. 1830, 30. gr., en hitt skilabréfið fær yfirfjárráðandi, og á hann að láta það fylgja aðalyfirliti sínu yfir yfirfjárráðin, og skal það vera til sömnunar um, að þessir fjármunir séu komnir undan yfirfjárráðum. Á líkan hátt skal að fara, ef hinn ómyndugi deyr, þá skal skiptaráðandi eða erfingjar veita skilabréf.

#### 16. grein.

Nú deyr fjárhaldsmaður, eða hann fær lausn, eða honum er vikið frá, þá skal hann, eða dánarbú hans, gjöra eptirkomanda sínum reikning fyrir fjárhalds fènu, samkvæmt þeim reglum, er ákveðnar hafa verið hér í hinum fyrri greinum.

Nú flytur fjárhaldsmaður sig og hinn ómyndugi burt úr yfirfjárráðadæmi því, er þeir hafa áður í verið, þá skal yfirfjárráðandi á þeim stað, er þeir flytja sig til, taka að sér tilsjón með fjárhaldinu. Ef hinn nýi bústaður fjárhaldsmanns og hins ómynduga er í sama amti, og hinn fyrri bústaður þeirra, þá skal yfirfjárráðandi á hinum fyrra staðnum senda beinlínis til yfirfjárráðamanns, þar sem fjárhaldsmaður hefur nú tekið sér bólfestu, eptirrit hins síðasta reiknings fjárhaldsmanns, ef fjárhaldsmaður er skyldur til að semja reikning á ári hvorju, eptir hinni 4. gr. liðnum b eða c, eður og eptirrit skjals þess, er skyldur fjárhaldsmanns eru ákveðnar í (4. gr. lið. a), og undir eins skal hann senda öll önnur skjöl, þau er vera má að þörf sé á til að sýna og sanna, að fjárhaldið sé komið undir tilsjón yfirfjárráðamanns á öðrum stað enn áður; en jafnskjótt og yfirfjárráðandi sendir frá sér þessi skjöl, er nú hafa verið nefnd, þá skal hann gjöra amtmanni sínum skeyti um það, eða ef fjárhaldsmaður og hinn ómyndugi hafa farið í annað amt eun áður, þá skal senda amtmanni skjölin, og skal hann sjá um, að þau komist til hins nýja yfirfjárráðamanns. Báðir yfirfjárráðendur skulu síðan skýra frá fjárfærslunni á þann hátt, sem þeim ber að gjöra, í hinu næsta aðal yfirliti þeirra yfir fjárhaldsreikningana.

Nú flytur fjárhaldsmaður sig úr einhverju yfirfjárráðadæmi, og hinn ómyndugi verður eptir, eður og hinn ómyndugi fer burt, og fjárhaldsmaður verður eptir, þá skal yfirfjárráðandi leggja undir úrskurð amtmanns, hvort kveðja skal til nýan fjárhaldsmann, eða flytja fjárstofninn, eða hversu með skal fara um hvað sem er.

#### 17. grein.

Nú ber svo undir, að sækja þarf sök á hendur fjárhaldsmanni, þá skal veita gjafsókn þeim, er hlut á að máli, ef málsástæður mæla með því; svo gætur og amtmaður kvaðt til valinkunnan mann, þann er gæti þarfa sækjanda, ef hann er fjærri, eða þarfnast þess fyrir aðrar sakir.

#### 18. grein.

Nú ber svo við, að búi fjárhaldsmanns eða yfirfjárráðanda verður skipt á milli gjaldheimtumanna, þá á hinn ómyndugi þann rétt fyrir fjárkröfu sinni, sem veittur er í d. l. 5. b. 14. kap. 37. gr., í sambandi við opið bréf frá 23. Júlí 1819, og tilskip. frá 19. decembr. 1821, og segir í umburðarbréfi frá 20. apr. 1822, að þá tilskip. megi hafa við á Íslandi, og á þá hinn ómyndugi frumrétt að búi fjárhaldsmanns, og veðrétt í búi yfirfjárráðanda.

#### 19. grein.

Yfirfjárráðendur skulu á ári hvorju fella dóm á fjárhaldsreikninga þá, er þeim verða sendir fyrir hvort undanfarið ár, og síðan skulu þeir fyrir júlí mánaðar lok senda amtmanni greinilegt yfirlit yfir ásigkomulag yfirfjárráðanna í lögsagnarumdæmi þeirra, og haga þeir yfirliti þessu eptir sýnishorni sem hér er með. Þegar yfirlit þessi eru samín, þá ber þess að goeta, að fjármunum ómyndugra, er einhvor tekur við til umráða, sé ávallt ræðað niður eptir tölulíðum, er hvorr tekur við að öðrum, jafnóðum og fæð berst að, en þó svo, að ef arf ber undir ómyndugan mann, þann er þegar á fæ undir yfirfjárráðum, þá skal gæta þess arfs í sama tölulíð og femunir þessir eru í, en í stafflið sér. Í næsta árs yfirliti skulu fjármunir hinna ómyndugu vera í sama tölulíð, sem hið fyrra ár, svo að þegar fjármunum einhvorra ómyndugra manna er sleppt, og búið er að gjöra grein fyrir þeim, þá verður ekkert í þeim tölulíðum eptirleiðis. Í yfirlits skráum þessum skal skýra frá: a) hversu gamall hinn ómyndugi er, og skal skýrnarseðill hans vera með hinu fyrsta yfirliti er nafngreinir hann; b) skal þess gætið, að meyar, sem eldri eru enn 18 vetra séu ógiptar. Hér að auki skal og vera með yfirlits skránum: 1) staðfest eptirrit skjala þeirra, er eptir 4. gr., stafflið a og b, eru samín á milli fjár-

haldsmanns og yfirfjárráðanda, eða send frá fjárhaldsmanni til yfirfjárráðanda, ef fjármunirnir eru minni en 5 hndr., eða 10 hndr., eptir því í hvörjum liðnum er; 2) önnur af virðingargjörðum á veðeigninni; 3) annað af skilabréfum þeirra, er samín hafa verið allt árið, og er farið eptir þeim þegar sleppt er fjármunum úr yfirlits skrám hins næsta árs.

Yfirfjárráðandi á að hafa yfirfjárráðabækur, og löggildir amtmaður þær, og skal í þær rita allt það, er vera má að á nokkru standi þegar tímar liða framm að þess sé geymt, t. a. m. skjöl þau er gætið er í 4. gr. við a. Fjárhaldsreikningana fyrir hvort ár, og dóma þá, er á þá eru lagðir, yfirlit yfirfjárráðamanna, o. s. frv. eptir því.

## 20. grein.

Amtmenn eiga að sjá vel og vandlega um, að fjárhaldi og yfirfjárráðum í ömtum þeim, er þeim hefur verið trúað fyrir, sé stjórnað á lögmætan hátt. Dómum þeim og ályktunum, er yfirfjárráðendur leggja á, þar sem sýsla þeirra nær til, má, ef vill, skjóta undir amtmann, svo hann leggi á hinn síðasta úrskurð, og á sama hátt meiga og amtmenn af sjálfs dáðum heimta allar þær skýrslur, er þeir þikjast hafa þörf á að fá, svo þeir gæti haft þá tilsjón, er þeim er á hendur falin, og gæta þeir þá sagt svo fyrir, sem þurfa þykir, svo gott lag komist aptur á, ef eitthvað hefur farið úr hendis við fjárstjórnina. Þeir sjá t. a. m., að fjármunir einhvors ómyndugs manns hafa verið leigðir á móti veði, og þykir eigi veðið fullgott, og er vansannað að lögum, að veðið sé nóg, þá gæta þeir boðið fjárhaldsmanni og yfirfjárráðanda, að bæta úr því, er áfátt er, og látið þá annaðtveggja skýra betur frá, hvort veðið er nóg eða eigi, eður og útvega aðra vissu eða betri. En nú er enginn slikur hængur á, og þykir amtmanni þó veðið eigi alls kostar tryggilegt, þá má hann útvega betri vissu, eða segja höfuðstólnum upp eða nokkrum hluta hans. Ef sú verður nú raunin á, að kröfu hins ómynduga verður eigi fullnægt eptir laga að förum, þá á hann aðgáng að fjárhaldsmanni þeim og yfirfjárráðanda, er hlut eiga að máli, ef þeir hafa eigi verið nógu varkárir, þegar fèmunirnir voru leigðir, og dæmt var um veðið, hvort það væri gott og gildt.

Þegar amtmenn hafa rannsakað yfirlit yfirfjárráðenda, og gjört gángskör að því, er þeim þykir þurfa, svo lag kómist á,

ef í einhverju er áfátt, þá skulu þeir skýra hinu danska kansellii voru frá, hversu yfirfjárráðum er háttað í hvorju amti. Í þessari skýrslu á að standa höfund yfirlit yfir tölu hinna ómyndugu, stærð fjármuna þeirra og tegundir, svo og, hve mikið af hvorri tegund er undir stjórn fjárhaldsmanna, eptir ýmislegum reglum þeim, er ákveðnar eru í 4. gr. Svo skal og í þessari skýrslu skýra frá, hvort nokkur brögð hafa þótt vera að ólestri hjá nokkrum yfirfjárráðendum, eða hvort nokkurr af þeim tekur öðrum framm í skipulegri fjárstjórn og nákvæmri og haganlegri.

**Sýnishorn.**

## **Fjárhaldsreikningur**

**yfir fjárstjórn hins ómynduga N. N. á N. N.  
í N. N. hrepp.**

**árið N. N.**

Nr.	Tekjur.	í land- aurum		í pen- ingum	
		hndr.	áln.	rbd.	sk.
1.	Leifar eptir reikningi undan farins árs Landskuld til fardaga 1843 af N. N. jörð hins ómynduga, 20 hndr. að dýrleika, er.....	...	...	7	16
	Leiga eptir 4 kúgildi á hinni sömu jörð til mikaelsmessu 1843, gold- in með peningum eptir verðlags skránni, smjörpundið á 19 sk., er	1	-	15	80
2.	Eins árs leiga til 11. Júní 1843, af höfuðstól hins ómynduga, sem er 150 rbd. s. m., og stendur jörðin N. N. í veði fyrir honum .....	...	...	6	-
	Virðingargjörð yfir veðid lögð framm undir Nr. 1 við reikninginn fyrir 1840.				
3.	Auk þessa á hinn ómyndugi eptir lódseðli, sem hefur verið lagður framm undir Nr. 4 við reikninginn 1840, 30 rbd. virði í lausafé, og er það til geymslu hjá undirskrifuðum reikningshaldara.				
	Tekjur upphæð....	1	-	29	-

Nr.	Gjöld.	í land- aurum		í pen- ingum	
		hndr.	áln.	rbd.	sk.
1.	Hinum ómynduga hefur verið komið fyrir til framm færís og kénnslu hjá prestinum herra N. N., og hefur honum verið borgað eptir samningi, og svo sem sjá má af kvittun hans, sem með er undir Nr. 3. ....	-	80	20	-
2.	Þegar telja skal þær 40 álnir, er umframm verða tekju megin eptir 2. grein, og gjöra þær að peningum eptir meðalverði verðlags skráarinnar, eða alin á $14\frac{1}{3}$ sk., þá eru þær..... 5 rbd. 93 sk. þar að auk er eptir af tekjunum ..... 9 — - - samtals .. 14 rbd. 93 sk. Hér af $\frac{1}{3}$ hluti í fjárhaldskaup ....	...	...	2	48
3.	Leifar ..... þær eiga að koma tekjumeigin í næsta árs reikningi, og eru samtals í peningum ..... 12 rbd. 45 sk.	-	40	6	48
	Gjalda upphæð ....	1	-	29	-

# Y f i r

yfir ómyndugra fjármuni, sem eru undir tilsjón

Nr.	Nöfn hinna ómyndugu, samastaður og aldur	Nöfn fjárhaldsmanna og samastaðir	Hvenær hinum ómynduga hefur hlotnast fæð
<b>A. Fjármunir, er fjárhaldsmaður skal gjöra ársreikning fyrir:</b>			
1.	Þórður Eyúlfsson á N.N. í N.N. hrepp, nú 10 vetra eptir skýrslu í yfirlitinu fyrir 1840.	Þorsteinn Jörundson, bóndi á N. N.	Við skipti eptir föður hins ómynduga 13. d. marts. 1840.
3.	Soffia Erlendsdóttir á N. N. í N. N. hrepp, nú 5 vetra eptir skýrslu, er gjörð var í skiptabókinni.	Erlendur Hannesson í N. N. hrepp, faðir hennar.	Við skipti eptir móður hennar 15. d. Janúars 1843.
<b>B. Fjármunir, sem hafa verið seldir fjárhaldsmönnum í hendur til stjórnar, án þess að þeir gjöri á ári hvorju reikning fyrir þeim.</b>			
1.	Sesselja Hannesdóttir á N. N. í N. N. hrepp, árið N. N.	Faðir hennar Hannes Kristjánsson er fjárhaldsmaður hennar.	Við skipti eptir móður hennar, N.N. dag og ár.
3.	Katrin Jónsdóttir á N. N. í N. N. hrepp, árið N. N.	Fjárhaldsmaður er bóndi Finnur Þórðarson á N. N.	Við skiptabók eptir N. N.
5.	Jón Sigurðarson á N. N. í N. N. hrepp, nú 4 vetra, eptir skýrslu yfirlitinu fyrir 1842.	Eyolfur Guðmundsson á N. N.	Við skiptin eptir föðurmóður hins ómynduga 9. d. Apríls 1842.

# L i t

yfirfjárráðanda í N. N. sýslu árið N. N.

<i>Fjármunir húna ómyndugu</i>			Athugasemdir.
í peningum, og hversu féð ávagsstast	í fasteign	í lausafé, verð þess eptir lóðseðli og hvort það geymir	
150 rbd. leigðir móti véði í jörðinni N. N., svo sem greint er í yfirlitinu fyrir 1840.	Jörðin N. N. í N. N. hrepp, 20 hndr. að dýrleika	Eptir lóðseðli, sem gætið er í yfirlitinu fyrir 1840, á hinn ómyndugi 30 rbd. í lausafé, og er það í geymslu hjá fjárhaldsmanni.	Fyrir leigu af fé hlus ómyndauga, og greiðslu skatta þeirra, er á véðið hafa fallið, hefur verið gjörð grein, svo sem her (í s. L.) Eptir reikningi fjárhaldsmanns, stóðu eptir hjá honum 12 rbd. 45 sk.
190 rbd., lánaðir móti véði í jörðinni N. N. Virðingarskráin er með undir Nr. 5. Skuldbréfið hefur verið sendt amtmanntil að rita á það.	.....	.....	Eptir úrskurði yfirfjárráðamanns frá N. N. degi, er fjárhaldsmaður skyldur að sendja reikning á ári hvorju. Skil hafa verið gjörð fyrir öllu, svo sem her; eptir því er:
15 rbd.	2 hndr. 10 álnir	N. N.	Eptirrit sannings þess, er gjörður hefur verið við fjárhaldsmann um fjárstjórnina, er hér með undir Nr. 7.
29 rbd. 13 sk.	.....	Eptir lóðseðlinum á hinn ómyndugi 37 rbd. 19 sk. virði í lausafé.	Eptirrit ákvörðunar þeirrar, er gjörð hefur verið um fjárstjórnina, er hér með undir Nr. 8.
.....	6 hndr. í jörðinni N. N. í N. N. hrepp	.....	Skýrsla fjárhaldsmanns er hér með undir Nr. 9, eptir henni er N. N. eptir af tekjunum, og hefur það verið sett á vögstu. Annar afgangur enginn.

## Y f i r

yfir ómyndugra fjármuni, sem árið N. N. eru

Nöfn og samastaðir hinna ómyndugu, er frá hafa farið	<i>Fjármunir hinna ómyndugu</i>		
	i peningum	fasteign	lausafé
<b>A. Fjármunir er fjárhaldsmaður skal gjöra ársreikning fyrir:</b>			
2. Guðrún Þorvaldsdóttir á N. N. í N. N. hrepp .....	230 rbd. 40 sk.	20 hndr.	50 rbd. virði í lausafé.
6. Jón Eriksson á N. N. í N. N. hrepp, árið N. N.....	400 rbd.	30 hndr.	.....
8. Þórður Guðmundson, á N. N. í N. N. hrepp, árið N. N....	500 rbd.	.....	80 rbd. virði í lausafé.
<b>B. Fjármunir, sem eru undir stjórn fjárhaldsmanns, an þess hann á ári hvorju gjöri reikning fyrir þeim:</b>			
1. Jón Gíslason, á N. N. í N. N. hrepp, árið N. N.....	20 rbd.	3 hndr.	N. N. virði í lausafé.
4. Þóra Þorvaldsdóttir	37 rbd.	2 hndr.	N. N. virði í lausafé.

**l i t**

kommir undan tilsjón yfirfjarráðanda í N. N. sýslu.

Hvenær fjárstofninn færðist undan	Hví fjárstofninn færðist undan	Skilríki fyrir burtfærslu
N. N. dag 1844.	Hún hefur giptst.	Vitnisburður um hjónavígslu, er framlaggður undir Nr. 1, og skilabréf frá bóndanum undir Nr. 2.
N. N. dag 1844.	Hann er orðinn hálfmyndugur.	Skilabréf frá hins hálfmynduga meðtilsjónarmanni er hér með undir Nr. 3.
N. N. dag 1844.	Hinn ómyndugi er dáinn, svo sem sjá má af vitnisburði þeim, er hér er með, og tekinn er af kyrkjubók.	Játning föðursins að hann hafi veitt viðtöku arfinum N. (eða annars myndugs erfingja) N. (eða skiptaráðandans) N. að skipti seú löglega byrjuð.
N. N. dag og ár.	Sömu orsakir, og áður er getið, eptir því hve á stendur.	Fjárhaldsmaður hefur gjört grein fyrir fjárstjórninni til N. N., svo sem vera ber, og má sjá það af skilríkjum, sem hér eru með.
N. N. dag og ár.		

Þetta er rétt ritað eptir fjárhaldsreikningum þeim, er samdir hafa verið, og er samhljóða skiptabók sýslunnar, og yfirfjárráðabók; það vitnar

N. N. sýslu skrifstofu. N. N. mánaðarðag, ár N. N.

N. N.

Athugagr. Allir fjármunir ómyndugra, sem eru undir tilsjón yfirfjárráðanda, og um er getið í yfirlitinu, eiga ávallt í hinum síðari reikningum að hafa sömu raðartölu, og þeir hafa haft frá upphafi í reikningnum, og skal eigi hirða um, þó eyða komi í, þegar einhverjir losna undan yfirfjárráðum.

Í yfirlitinu yfir hina ómyndugu, er losna með fjármuni sína undan yfirfjárráðum, skal geta þessara fjármuna við þá hina sömu raðartölu, er þeir hafa áður verið settir við þá er þeir komu undir yfirfjárráðanda, og þó töluliður verði nú auður, þá má eigi setja neitt í hann, og skal jafnóðum bæta raðartölum við í yfirlitið, eptir því sem ómyndugir bætast við.

---

## Ástæður

fyrir frumvarpi til tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

Með því ákvarðanir þær, er samdar hafa verið um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, og standa í Jónsbók, þeirri er prentuð er, í arftökubálki, 20. 21. og 22. kap., eru sumarhorvar heldur ónógar, og eiga sumar eigi vel við, eptir því sem breytst hefur til með tímanum, og komist annað snið á, þá hefur opt verið hugsað um að taka þessar ákvarðanir af, og koma málefni þessu í það horf með nýrri tilskipan, að högum hinna ómyndugu yrði nægilega borgið, án þess þó að ákveða það fyrirkomulag í þessum tilgáangi, er svo væri lagað, að það gæti, enn þótt álitu mætti, að það væri hentugt í sjálfu sér, leiðt til ofmikilla óhæginda fyrir alla þá, er hlut ættu að, eptir því sem tilhagar á Íslandi. Nú hefur því bæði fyrr meir verið skrifast á við alla valdamenn á Íslandi um málefni þetta, og hafa flestir af þeim verið á því, að það væri svo mikilvægt, að óskanda væri, að það væri lagað með nýum lögum,

eins og nú var á vikið, og í annamstað, þá var það sérilagi ítarlega rædt og skoðað af aukánefnd þeirri, er embættismanna nefnd sú á Íslandi, er sett var með konungsúrskurði frá 22. Ágúst 1838, og hafði kansellið falið henni á hendur, að segja upp álit sitt um skoðun Jónsbókar, valdi til þessarar skoðunar fyrst um sinn. Þegar aukánefndin hafði lokið þessum starfa sínum, sendi hún nefndinni, þá er hún átti fund með sér 1841, álitsskjal sitt um endurskoðun allrar Jónsbókar, og undir eins, meðal annars fleira, frumvarp til tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, og þótt nefndin gæti eigi sakir tímaskorts, samið álitsskjal um frumvarp þetta, kynnti hún sér það þó, og sendi það til kanselliisins, og lét hún um leið í ljósi, að frumvarpið mundi vera æskilegt, og vel meiga hafa það, eptir því sem til hafði verið ætlað.

Frumvarp þetta hefur síðan verið gjörskoðað, og hefur það þótt eiga vel við að höfuðefninu til; því er og í öllum höfuðatriðum byggt á því frumvarp það, er þegar hefur verið lagt fyrir hans hátign konúnginn.

Þegar átti að fara að kippa fjárforráðum ómyndugra á Íslandi í lag, gátu menn eigi látið sér lynda, að lögleiða þar á landi d. l. 3. b. 17. kap., og afmá að öðruleiti ákvarðanir Jónsbókar, því þá hefði eigi einungis mátt sleppa nokkrum ákvörðunum, er vel eiga við, og hingað til hefur verið venja að fylgja, en það eru ákvarðanir um stjórn á fè ómyndugra, þær er standa í Jónsbók í arftökubálki í þeim kapitulum, er fyrr greinir, án þess að nokkuð hefði orðið sett í staðinn fyrir þær, menn hefðu og mátt missa af haganlegum ákvörðunum um lán á peningum þeim, er ómyndugir eiga, og um fullvissu þá, er á að setja fyrir slíku peníngaláni, og um leið aðferð þá, sem á að hafa við það; svo hefðu menn og mist af reglum öllum um það, hversu haga skyldi yfirfjárráðum ómyndugra, eptir því sem hagar þar á landi. Meun hafa því verið á því, að eigi yrði bætt úr málefni þessu til hlítar, nema ný lög yrðu samín, þau er næðu út yfir allt það, er snertir yfirstjórn á mál-efnum ómyndugra á Íslandi, að svo miklu leiti, sem eigi er búið að því með tilskip. frá 21. desemb. 1831, að því er snertir fjárhald ómyndugra, og fjártillit hálfmyndugra. Frumvarpið hefur og verið samið með vakanda auga á þeim ákvörðunum, er standa í Jónsbók um fjárforráð ómyndugra, og hentugar þóttu, og hafa því ávallt haldist við og eru enn í vana-

gildi, og hafa þær verið teknar í frumvarpið, eptir að búíð var að laga þær bæði eptir þeim vana, er þegar hefur komist á smátt og smátt með tímanum, og að nokkru leiti eptir því, sem nauðsýn bar til sakir þess sambands, er þeir hafa staðið í við hitt annað, er boðið er í frumvarpinu. Eins hefur og verið reynt að gjöra hinar nýu ákvarðanir um yfirstjórn á málefnum ómyndugra, um lán á fè þeirra, og um reikningsskýrslur fyrir fjárföráðum þeirra, svo einfaldar, sem menn héldu að unnt væri, þareð og varð að hafa tillit til verndar og hagsmuna hinna ómyndugu. Það hefur verið haft fyrir aðalreglu, að fjárhaldsmenn ómyndugra hafi beinlínis fjárföráð þeirra eptirleiðis, eins og segir í Jónsbók, í stað þess að yfirfjárráðendur hafa þau eptir hinum nýrri lögum í Danmörku. Tilbreyting þessi frá því, er nú er tíðt í Danmörku, er sprottin af því, að opt mundi verða torveldt, bæði fyrir hina ómyndugu og skuldunauta þeirra, að leita úrskurðar hjá yfirfjárráðendum er búa í miklum fjarska, en þar á móti býr fjárhaldsmaðurinn optast nálægt. Fyrirhöfnin fyrir fjárhaldinu mundi eigi heldur verða mjög mikil fyrir sérhvorn fjárhaldsmann, en það yrði þó þúngur ábættir á embættisstörf sýslumanna, ef þeir ættu að takast á hendur beinlínis fjárhald allra ómyndugra í sýslunni; svo hafa menn og þókst sjá, að meiri vissu yrði náð fyrir, að fjárstofnarnir yrði vel varðveittir, ef reglu þessari væri fylgt, heldur enn ef þeim væri safnað saman hjá sýslumanni, þareð þeim yrði skipt niður milli margra manna, er menn þóttust mega vita, að gæti staðið í góðum skilum.

Við greinir frumvarpsins hvorja fyrir sig, er þetta athuganda.

1. grein er að ölluleiti samhljóða frumvarpi aukanevndarinnar. Í henni er staðfest allt það, er tíðkanlegt hefur verið hingað til, að því leiti sem breytingar eða nákvæmari ákvarðanir eru eigi gjörðar við það í frumvarpinu. Af greininni leiðir, að og ákvarðanir þær, er standa í d. l. 3. b. 17. kap. 41. og 42. gr. nm lögverja ekkna, og er ekkert um það efni í Jónsbók, fá lagagyldi á Íslandi; en eigi er að sjá, að síður eigi við á Íslandi, enn í Danmörku, að ekkjur kjósi sér menn, sem með ráði og dáð aðstöði þær í stjórn á málefnum þeirra.
2. grein er sömuleiðis að höfuðefninu til samhljóða frumvarpi aukanevndarinnar og lögum þeim, er gilda í Danmörku,

nema hvað orði og orði hefur verið vikið við í frumvarpinu. Meiri hluti þeirra embættismanna, er áður hafa látið álit sitt í ljósi um þetta mál, hafa verið á því, að sýslumenn ættu að vera yfirfjárráðendur ómyndugra; þyk-  
 ir þess og því að eins nokkur von, að málefni þetta komist í nokkurn veginn hagkvæmt horf á Íslandi, ef yfirfjárráðum verður hagað á þennan hátt, og yrði sú skipan og svipuð því, sem að öllum jafnaði, er tíðt út á sveitum í Danmörkn. Svo þótti, sem eigi væru nógar ástæður til að setja yfirfjárráð á annan fót í Reykjavík, þeim eina kaupstaðnum, sem er á Íslandi, em annarsstaðar á landinu, eða haga þeim þar, eptir d. l. 3. b. 18. kap., og er því ákveðið í greininni, að bæjarfógetinn skuli vera yfirfjárráðamaður í Reykjavík.

3. grein. Í frumvarpi aukaneðndarinnar var ekkert um það efni, er ákvarðað er um í þessari grein, því í henni er ákveðið, hversu fara skal að, þegar ómyndugir erfa í öðru yfirfjárráða umdæmi enn því, sem þeir eru í, og er þó nauðsýnlegt að ákveða eitthvað um það. Að öðru leiti, er greinin samín eptir þeim, ákvörðunum, sem farið er eptir í Danmörku, nema hvað vikið hefur verið við sumstaðar sakir þess, að fjárhaldsmenn á Íslandi hafa eptirleidis beinlínis fjárforráð ómyndugra á hendi, og sumstaðar betur verið sveigt til eptir því sem tilhagar á Íslandi. Sakir landslagsins er leyft í greininni, að flytja fjármuni hinna ómyndugu á þann hátt, að skiptaráðandi og fjárfjárráðamaður á þeim stað, er hinn ómyndugi er á, skrifist beinlínis á, ef lögsagnarumdæmi þeggja þeirra eru í sama amti, og til þess að því betur verði hafðar gætur á, að allt fari vel framm, þá hefur og verið ákveðið, að þegar fè ómyndugra er flutt, þá skuli þegar skýra amtmanni frá því; sömuleiðis er og ákveðið í greininni, einkum í því skyni, að alls verði gætt, að ávallt skuli, þegar arfur er fluttur, gèta þess í ársskýrslum yfirfjárráðanda; svo er og um það, að þegar lögsagnarumdæmin eru sitt í hvorju amti, þá skulu amtmenn jafnan hlutast til um flutninginn. Ákvörðun sú, sem er í enda greinarinnar, styðst á almennum reglum þeim, er gilda um skyldu manna til skadabóta.
4. grein um skýrslur fyrir fjárforráðum ómyndugra, svarar til hinnar 3. greinar í frumvarpi aukaneðndarinnar. Eptir því

sem ákveðið er í Jónsbók í arftökubálki í 22. og 22. kap. má hafa fjármuni ómyndugra, ef þeir eru minni en 5 hndr., sjálfum þeim til frammfæris, en ef fê þeirra er 5 hndr., skal það hvorki vagsa né þverra, og ef það er yfir 5 hndr., á að auka það. En þó er mjög hæpið, að setja slík eða þvilik takmörk eptir einhverri tiltekinni upphæð, því enganveginn má ætla, að af arfi, sem er svo eða svo mikill, megi ávallt, án þess að haft sé tillit til aldurs hins ómynduga, eða lífskjara, eða annars ásigkomulags hans, eða þess sambands, er hann stendur í við fjárhaldsmann sinn, fá eptir sama jöfnuði slíkan styrk til frammfæris og uppheldis hins ómynduga, að jafnan sé eingaungn komið undir arfsupphæðinni, að hve miklu leiti ávögstinn af honum þurfi, eða hann sé nógur til að frammfæra og uppala hinn ómynduga, eða eigi. Áukanefndinni þótti þó eigi ráðlegt, að sleppa með öllu greinarmun þeim, sem á er gjörður í Jónsbók, og hélt því 5 hndr takmarki því, sem þar er sett, þareð henni þótti sem trúa mætti fjárhaldsmönnum fyrir litilsháttar fjármunum, án þess þeir skýri frá þeim með reikningi á ári hvorju, og eins hefur þótt ísjárvert, að sleppa með öllu greinarmun þessum hér í frumvarpinu, þarámóti þótti sem sú regla, er stendur í frumvarpi aukanevndarinnar um þá fjármuni, sem eru minni en 25 rbd., mætti missa sig, og þótti best fara, að ein ákvörðun að eins væri samín um alla fjármuni, er eigi ná 5 hndr., en þó skyldi rýmka nokkuð ávarðanir þær, er standa í greininni, með því móti, að fela amtmanni á hendur, að kippa þeim við, ef þörf gjörðist fyrir einhverja sök, og munu þessar ákvarðanir þó engu að síður geta orðið að góðu líði.

5. grein er samhljóða hinni 4. grein í frumvarpi aukanevndarinnar, og er þar rædt um þóknun fjárhaldsmanna fyrir fyrirhöfn þeirra og ábyrgð. Reyndar hefur fjárhaldskaup hingatil eigi verið goldið á Íslandi, en hitt er engu að síður sanngjarnlegt, að fjárhaldsmenn, er nú verður lögð á herðar meiri byrði enn áður, með hinni nýu tilskipun, eigi kost á, að fá nokkra þóknun fyrir fyrirhöfn sína, hvenær sem því verður við komið, án þess að þraungva um of að kostum hinna ómyndugu, og er haft tillit til þess í greininni við ákvörðun fjárhaldskaupsins. Endir greinarinnar,

þar sem ákveðið er, að fjárhaldsmenn skuli svara til þess, er afgangsverði í landaurum, eptir verðlagskránni, er bæði byggður á því, sem venjulegt er, þegar líkt stendur á, svo og á því, að landaurar þessir munu optast vera eitt og annað smávegis af búnytjum, og mundi eigi verða hentugt fyrir hina ómyndugu, að það væri boðið upp.

6. grein er orðrætt einsog 5. grein í frumvarpi aukanevndarinnar, og þótti réttast, að halda henni óbreyttri. Í greininni er ákveðið, að yfirfjárráðandi skuli fella dóm á reikning fjárhaldsmanns, og er það reyndar frábruguð þvi, sem venja er í Danmörku, enda mundi það og þræða næst réttum lagavegi, að láta dómendur skera úr þrætunni, þegar yfirfjárráðendur finna að fjárhaldsreikningnum í einhverju, og fjárhaldsmaður þykist eigi þurfa að gæna því. En menn hafa ímyndað sér, að ef ætti að útkljá þessi mál með því að leita dómsatkvæða, þá mundi það verða svo torveldt og kostnaðarsamt, eptir því sem tilhagar á Íslandi, að fjárhaldsmönnum mundi verða lítill akkur í, að leggja þessa leið.
7. grein. Í hinni 6. grein í frumvarpi aukanevndarinnar segir, hversu haga skal stjóru á fjármunum ómyndugra, og eru þar ákveðnar ýmsar reglur eptir því, hvort arfurinn er í fasteign, eða lausum aurum, eða peningum. Þar sem hér er brugðið útaf því, sem tíðt er í Danmörku, þá hefur það að nokkru leiti verið gjört fyrir þá sök, að öðruvisi hagar til á Íslandi, enu þar, og einkum fyrir þá sök, að fjárhaldsmenn hafa eptirleiðis beinlínis fjárforráð ómyndugra á hendi. Þó hafa nokkrar breytingar verið gjörðar á í þessu frumvarpi; réttur sá t. a. m., er eptir frumvarpi aukanevndarinnar við liðinu 6 átti að veita þeim af foreldrum, eða foreldraforeldrum, er lengur lifði, til að halda reyndar með vissum skilmálum, arfi þeim sem skiptst hefur börnum þeirra, eða barnabörnum, líkt og ákveðið er í Danmörku með opnum bréfum frá 19. Ágúst 1823, og 13. Apríl 1824, hefur og verið veittur, með nokkrum itarlegum ákvörðunum, stjúpforeldrum og stjúpforeldraforeldrum; svo hefur því og verið bætt við, að ef einhverjum er selt í hendur fê með þessum hætti, þá skal þinglýsa því, svo hinn ómyndugi hafi veðrætt sinn óskértan; er og svo ákveðið í lögum Dana.

8. grein svarar til hinnar 7. greinar í frumvarpi aukaneðndarinnar, og er sagt, hvorskonar veð megi taka fyrir fê ómyndugra, þá er það er sett á leigu, og með hvorjum hætti skuli virða eignir þær, er teknar eru að veði fyrir því. Fyrsti hluti greinarinnar er orðrètt einsog frumvarp aukaneðndarinnar; í því einu hefur verið breytt til, að á þessum stað þótti eiga við, að taka aðalákvörðun þá, sem er í 8. grein af frumvarpi aukaneðndarinnar, um að lána meigi af fê ómyndugra fyrir tvo þriðjunga af því verði, sem veðeignin er metin til, og er þetta samkvæmt lögum Dana. Þareð engar brunabætur fást fyrir hús á Íslandi, má eigi taka þau að veði. Svo þótti og best henta, að halda þeirri ákvörðun, sem upphaflega var í gildi í Danmörku, eptir tilskipunar frumvarpi frá 7. Febr. 1794, 5. gr., en var þó síðar tekin af, og var það þar ákveðið, að fê ómyndugra mætti að eins lána móti lta veðrètti, þareð jarðir liggja mjög skjaldan á Íslandi undir veðmálaákvörðun, og í annann stað, þá má með þessum hætti komast hjá erfðleikum og vafningum er á verða, þegar svo ber út af, að koma þarf veðeignunum í penínga. Enn fremur hefur verið ákveðið í frumvarpi þessu, eins og í frumvarpi aukaneðndarinnar, að nefna skuli stöðuga menn til að virða veðeignirnar, og hefur það þótt eiga best við, eptir því sem til hagar. Þó væri reyndar einkar gott, ef einhverjar vissar reglur yrðu lögleiddar, þær er taka mætti fasteign eptir að veði fyrir lánsfê, án þess að þyrfti að virða hana í hvort sinn, og skyldi þá hafa þau takmörk á um lánið, er ákveðin yrðu í þessum reglum. En þareð mjög var torveldt, að búa þesskonar reglur til, og hefði að vísu þurft til þess, að menn væru einka vel kunnugir allstaðar á landinu, þá þótti best henta, að halda ákvörðun aukaneðndarinnar óumbreyttri.

Til leiðbeiningar fyrir virðingarmenn, þá er þeir virða jarðir, hafa verið samdar nokkrar reglur, og eru þær í öllum aðalatriðum samkvæmar lögum Dana, nema hvað breitt hefur verið eptir því, sem þótti eiga við á Íslandi. Í frumvarpi þessu hefur og verið tiltekið, hversu að skal fara, þegar jarðir liggja svo, eða eru með öðrum hætti svo ásigkomnar, að þær liggja undir meiri eða minni skémmdum af völdum náttúrunnar, og skal þá taka tillit til þess,

þegar virðt er. Nú var ákveðið í 8. grein af frumvarpi aukaneðndarinnar, að taka meigi eignina að veði fyrir helmíng af verði hennar, eða alls ekki eptir því, hvort eignin liggur undir litlum skèmmðum eða miklum, en þeirri ákvörðun hefur verið hleypt úr í þessu frumvarpi, því hún þótti eigi eiga allskóstar vel við, og leiðir þar af, að hinni 8. grein í frumvarpi aukaneðndarinnar verður sleppt. Enn fremur hefur verið tekið fram, að yfirvirðingarmenn skuli staðfesta virðingarskýrslu þeirra með eidi, svo og að virðingarmenn fái kaup eptir aukatekjureglugjörð frá 10. Septem-ber 1830, 67. gr. Að öðruleiti hefur greinin verið sam-in samkvæmt reglum þeim, er gilda í Danmörku, t. a. m. þar sem breytt var þeirri ákvörðun í frumvarpi aukaneðndarinnar, að virðingarmenn skuli stundum borga endurskóð-unina, því það þykir hvorki hentugt né í rauninni sann-gjarnlegt.

9. grein er samhljóða reglum þeim, sem gilda í Danmörku, og frumvarpi aukaneðndarinnar, og hefur þó verið brugð-íð út af í nokkru. Svo þótti t. a. m., sem á Íslandi ætti og að leyfa, að fjármunir fleiri ómyndugra, enn eins, væri settir á leigu saman, en þó því að eins, að sami væri fjárhaldsmaðurinn, svo að komist yrði hjá öllum vafningum. Svo hefur og þótt réttast, að ákveða eigi undantekning-arlaust, eins og er í frumvarpi aukaneðndarinnar, að amt-maður skuli ávallt, áður enn veðskuldabréfunum er þíng-lýst, rita á þau afsölubann sitt, því það gæti valdið skað-legum drætti.
10. grein svarar til sömu greinar í frumvarpi aukaneðndarinnar, og er ákveðið í henni, hvors skuldunautur má vænta, ef hann greiðir eigi leiguna í tækan tíma. Í þessu frum-varpi hefur verið ákveðið, eins og gjört er í frumvarpi aukaneðndarinnar, og áður hafa verið lög með Dönum, að það skilyrði sé haft við veðskuldabréf fyrir fè ómyndugra, að ef skuldunautur kèmur eigi í tækan tíma með leiguna, þá skuli undir eins vera komið að borgun höfuðstólsins, og má þá þegar í stað láta bjóða upp veðeignina án dóms og laga. Reyndar gètur slík ákvörðun stundum leiðt til nokkurrar harðýðgi við skuldunaut, og vandkvæða fyrir uppboðshaldara, ef mælt er móti uppboðinu, og hann þarf að skèra úr, hvort hann á að láta uppboðið fara fram

7 eða eigi, en þó hefur þótt best fara, að taka þessa ákvörðun í frumvarpið, einkum fyrir þá sök, að ella mundi liða á laungu, áður enn hinum ómynduga gjaldheimtumanni gæti orðið fullnægja gjörð; svo má og búa svo um hnúta-ana, er hinum öðrum ákvörðunum í frumvarpi aukaneft- arinnar verður vikið nokkuð við, að skuldunautur sé eigi á flæðiskèri staddur. Í frumvarpi þessu hefur aptur á hinn bóginn verið lengður frestur sá, er á að liða, eptir að búið er að auglýsa uppboðið, og birta skuldunaut auglýsinguna, og skal sá frestur vera 4 vikur í stað hálfs mánaðar. Þar að auki hefur skuldunautur verið skyldaður til, að hafa manu fyrir sina hönd við eignina, ef hann er sjálfur annar- staðar, og skal sá maður veita birtingunni viðtöku; svo hefur og verið ákveðið, að skuldunautur skuli gæta slitid uppboðinu allt framm að hamarshöggi, ef hann borgar að fullu og öllu leiguna og allan kostnað, o. s. fr. v. Þar í móti hefur eigi verið ákveðið í þessu frumvarpi, eins og í frumvarpi aukaneftdarinnar, að menn skuli eiga rétt á fyrir hönd hinna ómyndugu, að taka veðeignina undir hinu ómynduga, og gjöra þannu enda á skuldiini, í stað þess að láta sitja við hið hæðsta boð. Ef þessu skyldi framnfara, yrði mönnum gæfium kostur á, að skærða rétt hinna ómynd- ugu, og enn meiri hætta yrði þeim þó búin við það, að fjárhaldsmaður og yfirfjarráðandi, er eiga að hafa tekið að sér alla ábyrgð, gætu átt hagnadar von af að veðeignin væri tekin. Svo mundi og leiða af slíkri ákvörðun, að uppboðshaldari mundi verða af uppboðskaupi sínu, þó það verði reyndar skjaldnast mjög mikið; en nú er uppboðs- haldari undir eins yfirfjarráðamaður, og því mundi og leiða af slíkri ákvörðun, að honum mundi eigi verða mikið um, að veðeignin sjálf yrði tekin undir hinn ómynduga. Í hinum öðrum hlutum er greinin samhljóða frumvarpi aukaneft- arinnar, og hefur þótt eiga best við, að fara eptir ákvörð- unum hennar að öðru leyti.

11. grein er um tilsjón þá, er fjárhaldsmaður á að hafa með veðeigninni; greinin svarar til hinnar sömu greinar í frum- varpi aukaneftdarinnar, og er henni þó nokkuð vikið við, því eigi þótti t. a. m. eiga vel við, að fjárhaldsmaður skyldi vera skyldur til, ef hann væri hræddur um, að veðeignin væri eigi eins mikils verð, og hún á að vera, að láta virða

hana að nýu, og liggja sjálfur undir virðingarkostnaðinum, ef sú yrði reyndin á, að veðignin hefði eigi geingið af sér, en gæta ella borið undir yfirfjárráðamann, hvort segja skuli hofuðstólnum upp eða eigi. Eigi þótti heldur nein þörf vera á, að létta því á fjárhaldsmanni, að skýra frá ásigkomulagi veðignarinnar í hvorjum ársreikningi hans. Samkvæmt þessu hefur greinin verið samín.

12. grein er orðrètt eins og frumvarp aukaneðndarinnar. Í frumvarpinu er ákveðið, að lána meigi fè ómyndugra fyrir  $3\frac{1}{2}$  af hvorju 100, og er sú ákvörðun byggð á því, að af fasteign á Íslandi er skjaldnast galdið svo mikið, að það nemi 4 af 100 hvorju af verði heunar, og eigi fæst heldur meira, enn  $3\frac{1}{2}$  af 100 hvorju, þó fè sè sett á vögstu, í jardiabókarsjóðinn.
13. grein er og orðrètt eins og frumvarp aukaneðndarinnar, og er hún að höfuðefninu til samkvæm þeim reglum, er gilda í Danmörku, nema hvað nauðsýn hefur borið til, að vikja þessum reglum við, eptir því sem hagar á Íslandi, og er gjaldtímim t. a. m. einkum fyrir þá sök lengður til Júnímánaðar loka.
14. grein svarar til greinar í frumvarpi aukaneðndarinnar, en þar eð ákvarðanir þær, er standa í frumvarpinu um, hversu segja skal upp láni, þóttu eigi alls kostar nákvæmar eða hentugar, þá hefur þeim verið sleppt, og hefur aptur verið ákveðið í þeirra stað, að stefnuvottar skuli birta uppsögina, og að vituisburður þeirra um, að búið sè að birta hana, skuli vera fullgildur, eptir þeim eíði, sem þeir hafa áður unnið. Enn fremur þótti eigi eiga vel við, að láni væri ávallt sagt upp fyrir það, þó him ómyndugi verði fullveðja, eins og gjört hefur verið ráð fyrir í frumvarpi aukaneðndarinnar, af því að því verður eigi jafnan komið við undir eins, allra síst ef him ómyndugi hefur eigi fengið fjárforráð sín fyrir aldurs sakir; og þar að auki mundi þeim mammi, er nýlega er orðinn fjár síns ráðandi, opt koma betur, að fá veðskuldabréf, enn peninga, og hefur greinin því verið samín á þessa lund. Að öðru leyti er greinin samhljóða frumvarpi aukaneðndarinnar, og er farið í henni eptir því, sem eðlilegast þótti, og jafnframt er, einsog vera bar, lítið eptir hagsmunum skuldunauta, að

svo miklu leyti, sem verða mátti, án þess að sneiðt yrði of nærri hinum ómyndugu.

15. grein. Í henni ræðir um reikning þann, er fjárhaldsmaður skal gjöra að lokum, þegar fjárhald hans er úti, og svarar grein þessi til sömu greinar í frumvarpi aukaneðndarinnar. Í því frumvarpi hefur verið ákveðið, að senda skuli síðasta reikning fjárhaldsmanns til yfirfjárráðanda, svo hann felli dóm á þennan reikning, og hefur sú ákvörðun verið tekin óbreytt í þetta frumvarp, samkvæmt því, sem ákveðið er um ársreikninga í 6. gr. Að öðruleyti er greinin að höfuðefninu til, samkvæm reglum þeim, er gilda í Danmörku, og frumvarpi aukaneðndarinnar, nema hvað nokkru hefur verið vikið við, einsog er t. a. m. um það, að best þótti fara, að fjárhaldsmaður skuli eiga rétt á, að láta þinglýsa skilabréfi fyrir fjárhaldinu, á þess manns kostnað, er hann hefur haft fjárhald fyrir, af því fjárhaldsmanni gétur staðið á nokkru, sakir frumrættar þess, er hinn ómyndugi hefur, og um er gætið í 18. gr., að kunnugt verði, að hann er laus allra mála um fjárhaldið.
16. grein. Tveir fyrstu liðirnir af þessari grein eru orðrætt einsog hin 16. gr. í frumvarpi aukaneðndarinnar, nema hvað lítið eitt hefur verið brugðið út af, og segir í þeim, hversu með skal fara, þegar fjárhaldi slítur fyrir þá sök, að skipti verða á fjárhaldsmönnum, eða fjárhaldsmaður og hinn ómyndugi fara úr einhverju yfirfjárráðaðaumdæmi, og í annað. Þessar reglur eru að nokkru leyti byggðar á því, sem ákveðið er í frumvarpinu, þegar líkt stendur á, og að nokkru leyti er farið eptir því, sem eðlilegast þótti. Í þessu frumvarpi er og sagt, hversu með skal fara, þegar annar þeirra að eins flytur sig í burtu, og var þess eigi neitt gætið í frumvarpi aukaneðndarinnar; en þar eð eigi er unnt að á kveða neina stöðuga reglu um þann hlut, þá hefur amtmanni verið falið á hendur að skera úr, þegar á þarf að halda.
17. grein er samkvæm reglum þeim, er nú eru í gildi, og er aðalefni hennar eins og í frumvarpi aukaneðndarinnar, nema hvað skipun orða hefur verið nokkuð breytt.
18. grein er um frumrætt þann, er hinn ómyndugi á að búi fjárhaldsmanns síns, og um veðrætt þann, er hann á í

búi yfirfjárráðamanns; þessi grein er ný, og er að eins bendt til þess í henni, er áður hefur verið lögboðið.

19. grein er um yfirlit það, er yfirfjárráðendur eiga að senda amtmönnum á ári hvorju, svo og um yfirfjárráðabækur, og hversu þær skulu vera lagaðar, og svarar þessi grein til 18. greinar í frumvarpi aukaneðndarinnar. Reyndar munu þessar yfirlitsskýrslur verða heldur ónákvæmar, en sakir þess, hve tilhagar á Íslandi, og þareð aðalstjórn á fjármunum ómyndugra er þar á laudi hjá fjárhaldsmanninum, þá hefur þótt, sem eigi ætti að heimta meira í þessu efni, enn nefndin hefur gjört, og hefur því að eins verið breytt einu og öðru smávegis, og sumu mjög litils háttar, frá því sem stóð í frumvarpi heimar, og eru þessar breytingar sumar sprottnar af þeim breytingum, er áður var búið að gjöra á hinum fyrri greinum, þeim er þessi grein stendur í sambandi við, og sumu hefur verið breytt af því þess þótti þörf, einkum til að sporna við, að ruglingur kæmist á í yfirlitinu; því hefur og sýnishorni því, er kom með frumvarpi aukaneðndarinnar, verið kippt í nokkuð annað horf.
20. grein er um eptirsjón amtmanna, þá er þeir eiga að hafa á um yfirfjárráð ómyndugra, og um vald það, er þeim er veitt til að útkljá dómsatkvæði yfirfjárráðenda, og um ársskýrslur þær, er þeir eiga að senda kanselliinu, og svarar grein þessi til 19. greinar í frumvarpi aukaneðndarinnar; hún er orðrétt eins og hinu fyrsti og síðasti hluti greinarinnar í frumvarpinu, nema hvað orða tiltækjum hefur verið breytt eitthvað litils háttar, og er því eigi neitt að athuga við þá kabla af greininu í frumvarpinu. En nú er og ákvæðið í frumvarpi nefndarinnar, hversu amtmaður skal að fara, þegar honum þykir veðið vera ónógt, en þeirri ákvörðun í frumvarpi nefndarinnar hefur verið breytt í þessu frumvarpi, því eigi má álita að rétt sé að amtmaður láti virða veðið upp aptur, hvornig sem á stendur, einsog gjört hefur verið ráð fyrir í frumvarpi aukaneðndarinnar. Ef nokkuð vantar á, að löglega sé sannað, að veðið sé fullgott, á amtmaður að láta fjárhaldsmann og yfirfjárráðanda bæta úr því; en ef amtmaður heldur, enn þótt slíka sömnun vanti eigi, að veðið sé í rauninni eigi óyggjanda, á hann og að eiga ráð á, að láta annaðhvort útvega betri

vissu, eða segja upp höfuðstólnum, eða nokkrum hluta hans, án þess að skeyta um að láta virða upp aptur, því af því mundi leiða kostnað þann, er opt og einatt mættí eigi leggja á herðar yfirfjárráðanda eða fjárhaldsmanns, og eins mundi opt verda ósamgjarnlegt, að láta taka kaup fyrir þá virðingu af arfi hins ómynduga. Samkvæmt þessu hefur greinin því verið samin.

Frumvarp það, sem hér hefur verið skýrt frá að framan, samþykkti konungur allra náðarsamlegast 23. dag aprils, og er það nú lagt breytingarlaust undir dóm alþingisanna.